

Svandís Dóra Einarsdóttir
**LEIKUR DÍÖNU KLEIN Í KVIKMYND UM HARRY OG HEIMI** ▶42



**FJÖLSKYLDUMYNDIR Í NÝJU SAMHENGI** ▶30

NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
...á þínum vegum!
568 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
27. júlí 2013
175. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



> Ég var sendur í myndatöku sem sýndi risastórt æxli í fótleggnum.

# BESTUR Í HEIMINUM

**Helgi Sveinsson missti vinstri fótlegg sinn átján ára gamall og var talið trú um að hann gæti aldrei stundað afreksíþróttir framar. 31 árs gamall fór hann að hlaupa með gervilim og tveimur árum síðar er hann heimsmeistari í spjótkasti.** ▶18



**HETJA RÝFUR ÞÖGNINA**
Sveinn Rúnar Einarsson tilheyrir földum hópi karlmanna, en honum var nauðgað af nokkrum mönnum. ▶14



**FYRIR LITLA FRÆNDA**
Þórey Hákonardóttir hleypur til styrktar börnum með Dravet-heilkenni. ▶12

**HANDSAUMAÐ OG SÉRSNIÐIÐ**
Haute couture-haustlínur 2013 voru sýndar á tískuvikunni í París í byrjun júlí. ▶20






HOLLAND & BARRETT
Heilsubúð í Smáralind
Mikið úrval • Frábær gæði • Betri verð
www.hollandandbarrett.is • Holland and Barrett Ísland

ÚTSÖLULOK
AFSLÁTTUR ALLT AÐ 87%
byggtogbúið | Kringlunni



**MÓTMÆLA ÁKVÖRÐUN S&P 4**
Íslensk stjórnvöld telja lánshæfismatsfyrirtækið Standards & Poor's ganga of langt með því að lækka horfur í lánshæfismati Íslands í neikvæðar.

**SPÆNSKI LESTARSTJÓRINN HANDTEKINN 6**
Rannsóknin á mannskæðu lestarslysi á Spáni á miðvikudag beinist aðallega að því hvort lestarstjórinn hafi farið of hratt í beygju.

**PUSSY RIOT-KONA ÁFRAM Í FANGELSI 6**
Dómstóll í Rússlandi hefur hafnað beiðni Nadezhda Tolokonnikova, sem er einn af meðlimum Pussy Riot, um reynslulausn.

**FARA EKKI Í BJÖRGUNARSTÖRF 8**
Hvalaskoðunarfyrirtæki í Vestmannaeyjum og á Húsavík ætla að hætta að taka þátt í björgunarútköllum þar sem forsvarsmenn þeirra telja bátsverja ekki tryggða í slíkum aðgerðum.



## SKOÐUN 10

**NÝ NEYÐARLÖG**
Þorsteinn Pálsson um glappaskot í pólitík, gömlu þjóðarsáttina og nauðsyn á neyðarlögum.



## HELGIN 12→24



**HLEYPUR FYRIR LITLA FRÆNDA 12**
Fjórtán ára Kópavogsmærin Þórey Hákonardóttir hleypur tíu kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu í þágu fimmtán mánaða frænda síns sem glímir við Dravet-heilkenni.

**NAUÐGAÐ Á ÞJÓÐHÁTÍÐ 14**
Sveini Rúnari Einarssyni var nauðgað af hópi manna um síðustu verslunarmannahelgi.

**KYNNGIMAGNAÐAR STRANDIR 16**
Á öldum áður voru Strandir á Vestfjörðum þekktar fyrir galdramenn, galdrabrennur og hvers kyns kukl. Í dag eru þær kynngimagnaður og töfrandi ferðamannastaður.

**HANDSAUMAÐ OG SÉRSNIÐIÐ 20**
Hátískuhaustlínur 2013 voru sýndar á tískuvikunni í París í byrjun júlí.

## MENNING 30→42

**ÓFÁANLEG Á ÍSLANDI 30**
Spennusagan The Cuckoo´s Calling eftir J.K. Rowling, höfund Harry Potter-bókanna, er ófáanleg hér á landi.

**ÓSKALÖGIN LEIÐINLEG 32**
Ein þriggja stúlkna sem vinna fyrir sér sem plötusnúðar segir óskir um lög það leiðinlegasta við starfið.



## SPORT 36→37

**BARIST UM GULLIÐ 36**
Hafdís Sigurðardóttir er með hnút í maganum fyrir einvígi sitt við Anítu Hinriksdóttur í 400 metra hlaupi um helgina.

**ÍSLENSKU LIÐIN GERA ÞAÐ GOTT 36**
Jafntefli ÍBV gegn Rauðu Stjörnunni var ekki til einskis.






## FIMM Í FRÉTTUM ÍÞRÓTTAKONUR OG KVIKMYNDASTJARNA



**Ásdís Lísa Karlsdóttir** vann netkosningu í undankeppni fyrir ungfrú heim í Filippseyjum.



**Aníta Hinriksdóttir** hefur verið í sviðsljósinu allt frá því hún vann Evrópu- og heimsmeistaratitil í 800 m hlaupi. Henni voru veittar móttökur í Höfða og einnig fékk hún styrk upp á tvær milljónir króna.



**Erla Durr Magnúsdóttir** er sjálfboðaliðinn sem varð fyrir persónuníði frá varaborgarstjóra í Serbíu. Orð varaborgarstjórans, sem beindust að útliti hennar, urðu til þess að hann þurfti að segja af sér.



**Guðbjörg Gunnarsdóttir** var einn besti leikmaður íslenska landsliðsins á EM en á sunnudag lauk ævintýrinu með 4-0 tapi fyrir Svíþjóð.



➜ **Ólafur Eggertsson**, bóndi á Þorvaldseyri undir Eyjafjallajökli, tók á móti hundrað þúsundasta gestinum í gestastofu sinni. Þar ber að líta heimildarmynd um fjölskylduna og er bóndinn því orðinn að bíóstjörnu.



**MOLLUHITI** Menn í fullum herklæðum voru harla dasaðir í hitanum á Þingvöllum í gær. MYND/STÖÐ 2

# Hitinn á Þingvöllum kom tökuliði á óvart

*Á þriðja hundrað manns voru við upptökur á sjónvarpsþáttunum Game of Thrones í Stekkjargjá á Þingvöllum í gær. Hitinn fór í 23 gráður og mönnum var býsna heitt.*

**MENNING** Yfir 200 manna tökulið sjónvarpsþáttaraðarinnar Game of Thrones eyddi gærdeginum í Stekkjargjá á Þingvöllum. Leikarar í fullum herklæðum svitnuðu duglega, enda fór hitinn um miðjan dag upp í 23 gráður, sem er talsvert meira en þeir áttu von á hér á Íslandi.

Um helmingur starfsliðsins er Íslendingar. Það hefur verið við tökur hér í fimm daga, jafnan frá morgni til kvölds, og verður í um fimm daga til viðbótar.

Game of Thrones er ein vinsælasta sjónvarpsþáttaröð síðari ára; þar kljást ættir um völd í ævintýraríkinu Westeros á meðan þær berjast við uppvakninga og aðrar óvættir.

Tvær persónur sem aðdáendur þáttanna ættu að kannast vel við eru í aðalhlutverkum í atriðunum sem nú er verið að taka upp hérlendis, annars vegar unglingsstúlkan Arya Stark, sem leikin er af hinni sextán ára gömlu Maisie Williams, og hins vegar Hundurinn svokallaði, afmyndaður vígamaður sem Rory McCann leikur. **- sh, lvp**



**GIRT AF** Umstangið í Stekkjargjá vakti athygli ferðamanna, sem komust þó ekki nálægt tökuliðinu, enda var gjáin vandlega stúkuð af.

Hjólamenn sjá ekkert athugavert við að hjóla á göngustígum í þjóðgörðum:

# Ósáttir við hjólabann í Ásbyrgi

**ÞJÓÐGARÐAR** „Það gengur ágætlega í Reykjavík að fólk hjóli gönguleiðir. Af hverju er ekki hægt að hjóla gönguleiðir í þjóðgörðum?“ spyr Aron Einarsson fjallaleiðsögumaður, ósáttur við takmarkanir á hjólreiðum í Ásbyrgi.

Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sagði í Fréttablaðinu í gær að bann við hjólreiðum á göngustígum væri ekki alltaf virt í Ásbyrgi.

Aron var stöðvaður af landvörðum í síðustu viku á gönguleiðinni milli Hljóðakletta og Ásbyrgis. „Við sættum okkur ekki við að þurfa að snúa við,“ segir hann.

Aron segist ekki fallast á rök þjóðgarðsvarðar um að göngustígarnir henti ekki til hjólreiða. „Það hefur aldrei orðið óhapp eða slys. Það er eiginlega undantekningalaust þannig að fólk á reiðhjólum stoppar og víkur fyrir þeim sem eru gangandi,“ segir hann. Á reiðleiðum sem hjólreiðamönnum sé beint á sé hins vegar hætta á árekstrum við reiðmenn. Þá sé reiðleiðin „hundleiðinleg“ því af henni sé ekkert útsýni.

Aron segir merkingum við stígana afar ábótavant, auk þess sem landverðir gefi misvísandi upplýsingar. „Þar sem við förum inn á göngustíginn við Hafragilsfoss er merkt að við megum hjóla. Síðan er engin merking fyrr en við endum niðri í Ásbyrgi um það að við megum ekki hjóla.“ **- gar**



**GEORG HILMARSSON** Félagi Arons Reynissonar hjólar á stígnum við Hólmatungur milli Dettifoss og Hljóðakletta. MYND/ARON REYNISSON


ÚTSALA
SÍÐUSTU DAGAR
Götumarkaður og ótrúleg verð!
OPIÐ FRÁ 10-18 Í DAG
Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is
Opið sunnudag 13–18

## 21.07.2013 → 27.07.2013



**109** Microsoft hefur tapað jafnvirði 109 milljarða íslenska króna á Surface-spjaldtölvunni, sem Halldóri Jörgenssyni hefur nú verið falið að markaðssetja í Evrópu allri.

**132** Fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir kvaddi íslenska fótboltalandsliðið eftir 132. leik sinn, sem því miður var 4-0 tap fyrir heimakonum á EM í Svíþjóð.



**653** Ef karlalið FH í knattspyrnu kemst áfram í næstu umferð forkeppni meistara-deildarinnar fær liðið í allt 653 milljónir í sinn hlut.





**2:01,14** Aníta Hinriksdóttir varð Evrópumeistari í 800 metra hlaupi 19 ára og yngri á sunnudaginn. Hún kom í mark á tímanum 2 mínútum og 1,14 sekúndum.

**100.000** Rúmlega 100.000 manns hafa heimsótt gestastofu fjölskyldunnar á Þorvaldseyri þar sem sýnd er heimildarmynd um líf bænda í eldgosi.



**78** 78 manns létust þegar lest fór út af sporinu á Norðvestur-Spáni á miðvikudagskvöld.





**316%** Kostnaður við eftirlit hins opinbera með viðskiptalífinu hefur aukist um 316% frá árinu 2002 til 2012.



**180.000** Útlit er fyrir að 180 þúsund minkaskinn verði framleidd á Íslandi í ár, sem er met.



# Stjórnvöld hafa mótmælt ákvörðun S&P

Fjármálaráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra segja röksemdir Standard & Poor's fyrir lækkun á horfum á lánshæfismati íslenska ríkisins úr stöðugum í neikvæðar ekki standast skoðun. Mótmæli og athugasemdir hafa verið send út.

**EFNAHAGSMÁL** „Mér finnst þeir fara dálítið fram úr sér þegar þeir meta forsendur fyrir horfunum," segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra um þá ákvörðun lánshæfismatsfyrirtækisins Standard & Poor's að lækka horfur á lánshæfismati Íslands úr stöðugum í neikvæðar.

Ákvörðunin hefur það í för með sér að íslenska ríkið er einungis einu þrepi frá því að vera metið í ruslflokki.

Stjórnvöld hafa þegar sent athugasemdir og mótmæli við skýrslu S&P, samkvæmt pistli á vefsíðu Jóhannesar Þórs Skúlasonar, aðstoðarmanns forsætisráðherra.

Í skýrslunni segir meðal annars að „það er mat okkar að fyrirhugaðar skuldaniðurfellingar húsnæðislána valdi alvarlegri fjárhagslegri áhættu".

Þessu er Bjarni Benediktsson ósammála. „Mér finnst þeir fara fram úr sér með því að áætla að aðgerðir vegna skuldsettra heimila muni íþyngja ríkissjóði um of eða menn muni standa þannig að afnámi haftanna að það muni skaða orðspor Íslands. Það er engin ástæða til að ætla þetta," segir Bjarni.

Undir þetta tekur Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra. Hún segir niðurstöðu S&P ekki hafa áhrif á áform ríkisstjórnarinnar um að lækka skuldir heimilanna. Hún segir niðurstöðuna ófaglega og illa ígrundaða og harmar að fulltrúar matsfyrirtækisins hafi ekki þegið boð um að hitta íslenska ráðamenn til að ræða stöðuna.

Í pistli Jóhannesar Þórs kemur einnig fram að hann telji mikils ósamræmis gæta í ákvörðunum S&P. Jóhannes segir matið „stangast algerlega á við útgefið mat S&P frá 29. janúar 2010 þar sem sagði að ef Icesave-samningar yrðu óvænt samþykktir í þjóðaratkvæðagreiðslu í mars 2010 myndi lánshæfismat haldast óbreytt en ef ekki myndi fyrirtækið hugsanlega lækka matið um eitt til tvö stig".

Í ljósi hins nýja mats telur Jóhannes rökstuðning S&P stangast á við rökstuðning fyrir fyrri ákvörðun. „Þegar haft er í huga að þessi samþykkt Icesave-samninganna hefði haft í för með sér aukna skuldsetningu ríkissjóðs um meira en 10% af landsframleiðslu er augljóst að fyrirtækið er ekki sjálfu sér samkvæmt í grundvallarrökum fyrir mati sínu gagnvart Íslandi," bætir hann við.

johanness@365.is
hoskuldurkari@stod2.is
hmp@stod2.is



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Matsfyrirtækinu S&P líst ekki á horfurnar í ríkisfjármálum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BJARNI BENEDIKTSSON**



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**



**JÓHANNES ÞÓR SKÚLASON**



**FRAMKVÆMDIR Á FULLU** Þetta er sjón sem eflaust hressir marga sem buguðust í svartnætti efnahagskrísunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stór íbúðabygging rís við Mýrargötu 26 við Slippinn:

## Hornsteinn hafnarhverfisins rís

**FRAMKVÆMDIR Eflaust kætast margir vegfarendur í borginni við að sjá nýbyggingar teygja sig mót himni á ný eftir ládeyðuna sem fylgdi hruninu. Við Mýrargötu 26 rís þessi sjö hæða íbúðabygging en Óskar Rúnar Harðarson, framkvæmdastjóri fasteignasölunnar Mikluborgar, segir hana marka upphaf fyrsta alvöru hafnarhverfisins í Reykjavík.**

**„Þarna verða menn hálfhreistraðir við sjóinn en á sama tíma eru þeir stutt frá allri þjónustu og mannlífi miðbæjarins sem mun nú líka teygja sig að sjávarsíðunni," segir hann.** - jse

Hryðjuverk í Pakistan:

## 23 látnir í árás

**PAKISTAN, AP** Að minnsta kosti 23 létust í tveimur sprengingum á markaði norðurhluta Pakistan í gær. Talsmaður sjúkrahúss sagði að á annað hundrað manns væru sárir en mikill fjöldi fólks var á markaðnum við innkaup.

Talsmaður lögreglu staðfesti að um tvær sprengjur hefði verið að ræða. Enginn hefur enn lýst ábyrgð á hendur sér og rannsókn stendur enn yfir. - þj

### LEIÐRÉTT

Í frétt Fréttablaðsins í dag var farið rangt með nafn Hilmars Þórs Harðarsonar. Þá var sagt frá fjölda endurtekninga sem hann framkvæmdi á forkeppni heimsleikanna í CrossFit, en ekki á leikunum sjálfum.

Framlengt um tvær vikur:

## Stefán áfram í gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Gæsluvarðhald yfir Stefáni Loga Sívarssyni og öðrum manni var í gær framlengt um tvær vikur.

Mennirnir höfðu setið í varðhaldi síðan þeir voru handteknir fyrir þarsíðustu helgi, grunaðir um að tengjast hrottafengnum líkamsárásarmálum, meðal annars því þegar maður var numinn á brott og píndur, meðal annars á Stokkseyri. Á miðvikudag var gæsluvarðhald einnig framlengt yfir tveimur mönnum um tvítugt sem grunaðir eru um aðild að árás á Stokkseyri nýverið.

Hópurinn er grunaður um aðild að fimm málum af þessu tagi. - sh







## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi





**BJART INN TIL LANDSINS** Yfirleitt hæglætisveður á landinu í dag og léttskýjað inn til landsins en víða þokuloft við ströndina. Líkur á skúrum síðdegis og þykknar heldur upp á morgun. Hiti 12-24 stig.





**Á morgun**
Hæg austlæg eða breytileg átt.





**Mánudagur**
Hæglætisveður.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 32° | Billund | 28° | Gautaborg | 25° | London | 26° | Orlando | 31° | San Francisco | 17° |
| Basel | 38° | Frankfurt | 35° | Kaupmannahöfn | 25° | Mallorca | 30° | Ósló | 24° | Stokkhólmur | 25° |
| Berlín | 34° | Friedrichshafen | 35° | Las Palmas | 25° | New York | 27° | París | 32° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# ENN MEIRI AFSLÁTT

# RÝMINGARSALA

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

FJÖLÆRAR PLÖNTUR
ALLAR - EITT VERÐ!
799 Kr.

SUMARBLÓM
60%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SUMARBLÓMUM

TRJÁPLÖNTUR
60%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM TRJÁPLÖNTUM

GARÐSTYTTUR
50%
AFSLÁTTUR!
AF ÖLLUM GARÐSTYTTUM!

# ÚTSÖLU LÝKUR MEÐ LÁTU

LOKA HELGI SUMAR-ÚTSÖLU!

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

Garðhúsgögn 30-40%
Garðleikföng 30%
Reiðhjól 30%
Garðstyttur 30-50%
Útivistarfatnaður 30-70%
Gosbrunnar 30-50%
Vinnufatnaður 30-50%
Grill 10-25%

Viðarvörn 20%
Útimálning 25%
Búsáhöld 30-70%
Skjólveggir 20%
og ótal margt fleira!

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Útsöluafsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



**1.** Hvaða frægi leikari átti helmingshlut í Bomba.is?
**2.** Í hvaða landi er trúleysi mest samkvæmt nýrri könnun?
**3.** Til hvaða spænsku borgar var hraðlestin að fara þegar hún fór út af sporinu?

**SVÖR**
**1.** Örn Árnason. **2.** Kína. **3.** Ferrol.

Dómstóll í Rússlandi hafnar beiðni andófskonu um reynslulausn:

# Pussy Riot-kona áfram í haldi

**RÚSSLAND** Réttur í Rússlandi hafnaði í gær beiðni Nadezhdu Tolokonnikovu um reynslulausn. Hún hefur setið í fangelsi frá því mars á síðasta ári.

Hún var, ásamt tveimur félögum sínum í pönksveitinni Pussy Riot, sakfelld fyrir óspektir í kirkju í Moskvu þar sem þær héldu tónleika og mótmæltu Vladimír Pútín, forseta Rússlands. Þær hlutu tveggja ára fangelsisdóma.

Rétturinn komst að þeirri niðurstöðu að Tolokonnikova hefði ekki sýnt iðrun vegna gjörða sinna og ætti því ekki rétt á reynslulausn. Hún hefur neitað að játa sekt sína í málinu þar sem hún telji sig ekki hafa gert neitt rangt.

Þetta er sama niðurstaða og varð í máli Maríu Aljokinu, stöllu hennar, fyrr í vikunni, en þriðju konunni, Jekaterinu Samutsevitsj, var sleppt úr haldi í október.

Tolokonnikova og Aljokina munu því sennilega þurfa að sitja af sér allan dóminn, en þeim verður sleppt úr haldi á næsta ári. - gb



**ENN Í HALDI** Beiðni tveggja meðlima Pussy Riot um reynslulausn hefur verið hafnað. Þeirri þriðju var sleppt úr haldi í október. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Síðasti matarmarkaðurinn:

# Hamborgarar í síðasta sinn

**VERSLUN** Í dag verður síðasti matarmarkaðurinn á Lækjartorgi opinn þetta sumarið. Aldrei hafa fleiri söluaðilar selt vörur sína en á markaðnum í dag. Markaðurinn er opinn frá ellefu til fjögur.

Þar verður hægt að kaupa nýjar kartöflur, birkisíróp, osta og ekta hamborgara úr grasfóðruðu nautakjöti svo dæmi séu nefnd. Þá mun tveggja manna hljómsveit þeirra Jóns Ómars Árnasonar og Þorkels Guðjónssonar leika léttan djass fyrir gesti og gangandi. - js



**HJÁLPAÐ** Lestarstjóranum Francisco Jose Garzon Amo hjálpað af slysstað á miðvikudagskvöld. NORDICPHOTOS/AFP

# Spænski lestarstjórinn handtekinn

Rannsókn lestarslyssins á Spáni á miðvikudag beinist einkum að því hvort lestarstjórinn hafi farið of geyst í beygju. Hann hafði áður stært sig af því að aka á miklum hraða. Spurningar vakna um öryggi lestarsamgangna.

**SPÁNN, AP** Lestarstjórinn Francisco Jose Garzon Amo, sem var við stjórn lestarinnar sem fór út af teinunum á miðvikudagskvöld, var í gærmorgun handtekinn þar sem hann lá slasaður á sjúkrahúsi.

Rannsókn slyssins beinist að því hvort lestinni hafi verið ekið allt of hratt í beygju skammt frá pílagrímaborginni Santiago de Compostela, þar sem hún fór út af teinunum með þeim afleiðingum að nærri 80 manns létu lífið og tugir að auki slösuðust alvarlega.

Lestarstjórinn hafði áður stært sig af að hafa ekið sams konar lest á allt of miklum hraða. Í mars birti hann á Facebook-síðu sinni mynd af hraðamæli sem sýnir að þá var hann kominn á 200 km hraða á klukkustund.

Lögreglan hefur fengið í hendurnar svarta kassann úr lestinni, sem vonast er til að varpi ljósi á það sem gerðist. Í svarta kassann svonefnda eru skráðar jafnharðan allar upplýsingar um ferðir lestarinnar, meðal annars hraða og hemlanotkun.

Lestarslysið, sem er hið mannskæðasta á Spáni í meira en 40 ár, hefur vakið spurningar um öryggi lestarsamgangna í Evrópu.

Sérfræðingar standa þó fast á því að lestarferðir séu eftir sem áður einn öruggasti ferðamátinn sem fyrirfinnst í Evrópuríkjum.

„Slys af þessu tagi eru afskaplega sjaldgæf,“ hefur AP-fréttastofan eftir Sim Harris, sem er ritstjóri bresks sérfræðitímarits um lestarsamgöngur, Rail News.

Tölur frá Evrópusambandinu sýna að lestarslysum þar hefur fækkað um 70 prósent á árunum 1990 til 2012, eða um sex prósent á hverju ári að meðaltali.

Þetta breytir þó ekki því að á hverju ári eru skráð um það bil 2.400 „umtalsverð“ lestarslys í ríkjum Evrópusambandsins og þau kosta um 1.200 manns lífið árlega.

gudsteinn@frettabladid.is

➜ Lestarstjórinn hafði áður stært sig af að hafa ekið sams konar lest á allt of miklum hraða. Í mars birti hann á Facebook-síðu sinni mynd af hraðamæli sem sýnir að þá var hann kominn á 200 km hraða á klukkustund.

## Verstu lestarslys Evrópu



24. júlí, Spánn: 78 manns fórust og meira en 100 særðust þegar farþegalest fór út af teinunum skammt frá Santiago de Compostela.

1 Mars 2012, Pólland: Árekstur tveggja lesta skammt frá Szczekociny á leiðinni Varsjá-Kraká. 16 látnir og 58 slasaðir.

2 Febrúar 2010, Belgía: 18 manns fórust þegar tvær farþegalestir rákust saman við Buizingen.

3 Júní 2009, Ítalía: 22 fórust þegar sprenging varð í flutningalest og hún fór á íbúðarhús í sjávarbænum Viareggio.

4 September 2006, Þýskaland: Einteinungslest rakst á viðgerðarvagn á tilraunateinum skammt frá Lathen. 23 fórust.

5 Júlí 2006, Spánn: Neðanjarðarlest fór út af sporinu í göngum í borginni Valencia. 41 fórst.

6 Janúar 2006, Svartfjallaland: Allt að 46 manns fórust þegar lest hrapaði ofan í gljúfur skammt frá höfuðborginni Podgorica.

7 Janúar 2005, Ítalía: 17 manns fórust þegar farþegalest og flutningalest rákust saman norður af Bologna.

8 Júní 2003, Spánn: Farþegalest á leiðinni frá Madrid til Cartagena rakst á flutningalest á stöðinni í Chinchilla. 19 fórust.

9 Maí 2003, Ungverjaland: Lest rakst á farþegavagn með þýskum ferðamönnum skammt frá Siofok. 34 létust.

10 Nóvember 2000, Austurríki: 155 manns fórust þegar eldur kviknaði í lestargöngum fyrir kláfa á skíðastaðnum Kaprun.

11 Október 1999, Bretland: 31 lét lífið þegar tvær lestir rákust saman skammt frá Paddington-lestarstöðinni í London.

12 Júní 1998, Þýskaland: Yfir hundrað manns fórust þegar hraðlest á leiðinni frá München til Hamborgar fór út af sporinu skammt frá Eschede.

Heimildir: Fréttastofur Ljósmynd: Getty Images © GRAPHIC NEWS






# TIL HAMINGJU HELGI!

Helgi Sveinsson vann í vikunni til gullverðlauna í spjótkasti á heimsmeistaramóti fatlaðra í Frakklandi. Við óskum Helga innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur.

●● WWW.OSSUR.COM

ÖSSUR®

*Life Without Limitations®*

## HEIMURINN




### Ísrael hættir samstarfi

**1 ÍSRAEL** Ísraelsstjórn hefur ákveðið að takmarka allt samstarf við fulltrúa Evrópusambandsins á herteknu svæðunum á Gasa og Vesturbakkanum. Þetta eru viðbrögð Ísraela við nýjum reglum Evrópusambandsins, sem banna allt samstarf við ísraelska landtökumenn á herteknu svæðunum. Moshe Ja'alon, varnarmálaráðherra Ísraels, hefur fyrirskipað að allri aðstoð ráðuneytisins við fulltrúa ESB á þeim svæðum Vesturbakkans sem eru undir fullri stjórn Ísraels skuli hætt. Einnig verði fulltrúum ESB gert erfiðara að fara yfir landamærin til Gasa.

### Snowden á virðingu skilda

**2 ÞÝSKALAND** Joachim Gauck Þýskalandsforseti segist bera virðingu fyrir bandaríska uppljóstraranum Edward Snowden, sem lak skjölum um stórfelldar fjarskiptanjósnir bandarískra stjórnvalda. Í viðtali við Passauer Neue Presse segir hann opinberar stofnanir geta villst af braut laganna en að uppljóstranir um slíkt geti orðið til þess að úrbætur verði gerðar: „Sá sem birtir þær opinberlega af samviskuástæðum á virðingu okkar skilda." Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefur sagt njósnir í lýðræðisríkjum nauðsynlegar.

### Grikkir fá meira neyðarlán



**3 GRIKKLAND** Grikkland hefur nú uppfyllt skilyrði til að fá næstu greiðslu neyðarlána frá ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS). Greiðslan nemur 5,8 milljörðum evra, sem jafngildir hátt í þúsund milljörðum íslenskra króna. Gríska þingið samþykkti í fyrradag, eftir margra vikna karp, nýjustu aðgerðir til niðurskurðar og aðhalds í ríkisrekstri, meðal annars afar umdeild áform um að segja upp 4.200 opinberum starfsmönnum fyrir næstu mánaðamót. Upphæðin verður greidd út til Grikkja á mánudag en stór hluti hennar fer beint í greiðslu af eldri lánum.

# Hvalaskoðunarfélög segja sig frá björgun

**Þar sem Siglingastofnun veitir tveimur hvalaskoðunarfyrirtækjum í Vestmannaeyjum og Húsavík ekki heimild til að fullnýta sæti í svonefndum Rib-bátum neita félögin eftirleiðis að taka þátt í björgunarútköllum. Ábyrgð er vísað á ráðherra.**



**Á LEIÐ Í ÚTKALL** Nítján manna lið var um borð þegar Rib-bátur Rib-safari sótti mann sem hrapaði og slasaðist illa í eyjunni Brandi á fimmtudag. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

**ÖRYGGISMÁL** „Svona vilja Siglingamálastofnun og innanríkisráðherra hafa þetta," segir Stefán Guðmundsson, framkvæmdastjóri hvalaskoðunarfyrirtækisins Gentle Giants á Húsavík, um þá ákvörðun fyrirtækisins og Rib-safari Vestmannaeyjum að hætta að fara neyðarútköll.

Rib-safari og Gentle Giants eiga svokallaða Rib-slöngubáta sem geta borið 24 farþega en hafa aðeins heimild Siglingastofnunar til að sigla með tólf farþega. Stofnunin segir bátana falla undir reglugerð um skemmtibáta. Öryggisins vegna sé ekki veitt heimild fyrir fleiri farþegum. Þetta sætta félögin sig ekki við og þykir einnig að sér þrengt með skilyrðum um notkun flotbúninga að vori og hausti.

Innanríkisráðuneytið lagði fyrir Siglingastofnun fyrir tveimur mánuðum að endurskoða ákvarðanir um fyrrgreind atriði. Í gær sagðist Siglingastofnun „leggjast sterklega gegn" því að rýmka farþegaheimildina og vísar ráðuneytið til þess.

Stefán Guðmundsson segir þolinmæðina á þrotum. Félögin tapi gríðarlegum fjármunum með því að geta ekki fyllt bátana. Hann bendir á að þau ráði yfir öflugustu sjóbjörgunartækjum á Norðurlandi og við Vestmannaeyjar. Bátarnir hafi oft sinnt neyðarútköllum á sjó, nú síðast í tvígang við Vestmannaeyjar í fyrradag. Þetta sé sett í forgang og gert án nokkurs endurgjalds.

„En ef við lendum í neyðarútkalli erum við ekki tryggðir eða með leyfi fyrir því að taka fleiri en 12 farþega í báta sem geta tekið 24. Við verstu aðstæður þyrftum við að velja þá 12 sem við megum taka um borð," segir Stefán. „Við treystum okkur ekki til þess að axla þá ábyrgð; hvorki að velja þá tólf sem tæknilega „má" bjarga né þá ábyrgð að vera með restina ótryggða."

Stefán segir að vegna þessa hafi fyrirtækin ákveðið að hætta við þátttöku í neyðarútköllum. „Við vísum ábyrgðinni beint á ráðherrann sem er ekki að vinna vinnuna sína í þessu máli," segir Stefán og á þar við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra. Ekki náðist í hana í gær. gar@frettabladid.is



STEFÁN GUÐMUNDSSON

> **Við vísum ábyrgðinni beint á ráðherrann sem er ekki að vinna vinnuna sína.**
>
> *Stefán Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gentle Giants.*


Seðlabanki Íslands
Gjaldeyrisútboð

Seðlabanki Íslands mun halda þrjú gjaldeyrisútboð 3. september 2013. Útboðin þrjú eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011 (http://sedlabanki.is/afnam) og skilmála Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta frá 18. nóvember 2011 með síðari breytingum (http://sedlabanki.is/fjarfesting).

**Útboð í fjárfestingarleið**
Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í útboðshluta fjárfestingarleiðarinnar eru EUR 25.000. Fjármálafyrirtæki sem gert hafa samstarfssamning við Seðlabanka Íslands um milligöngu munu annast framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útboðinu samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Það útboð er opið fjárfestum sem hafa fengið samþykkta umsókn um þátttöku í fjárfestingarleið. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út í dagslok 14. ágúst n.k.

**Útboð í ríkisverðbréfaleið**
Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í ríkisverðbréfaleiðinni eru EUR 10.000. Tilteknir aðalmiðlarar á skuldabréfamarkaði hafa milligöngu um viðskipti í útboðinu gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

**Útboð um kaup á krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri**
Seðlabanki Íslands kallar eftir tilboðum frá aðilum sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Viðskiptabönkum er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin um kaup á íslenskum krónum í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að takmarka heildar viðskiptamagn með hliðsjón af áhrifum útboðanna á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja. Endanleg útboðsfjárhæð ræðst af þátttöku. Útboðsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Uppgjör viðskipta í útboðunum þremur verður 3 dögum eftir að útboði lýkur. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 3. september 2013. Nánari lýsingu á framkvæmd útboðanna þriggja er að finna í útboðsskilmálum.

Útboðsskilmála og yfirlit um milligönguaðila, aðalmiðlara og viðskiptabanka má finna á heimasíðu Seðlabankans http://sedlabanki.is/utbod.

Stefnt er að næstu útboðum 15. október, 19. nóvember og 17. desember 2013.

Nánari upplýsingar veita milligönguaðilar, aðalmiðlarar og viðskiptabankar.




**FRÁ RÆKJUVINNSLU** Úthafsrækjuveiðar eru enn í óvissu en nýtt fiskveiðiár hefst í september.

Úthafsrækjumál í óvissu:

## Hvetja ráðherra til umhugsunar

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegsráðherra ætti að eyða óvissu sem nú er uppi um veiðar á úthafsrækju með því að fresta lagabreytingum fram á næsta ár, segir Þröstur Friðfinnsson, framkvæmdastjóri rækjuvinnslunnar Dögunar á Sauðárkróki.

Breyti Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra ekki reglum um veiðarnar verða þær áfram frjálsar. Þröstur segir að það myndi gefa ráðherranum tíma til að vinna málið af kostgæfni.

Ráðherrans bíður erfið ákvörðun en hann hefur gefið það út að þörf sé á að setja úthafsrækju í kvóta en þá er spurning hverjir fái hann: Þeir sem hafa veiðireynsluna eða þeir sem áttu hann áður en veiðar voru gefnar frjálsar. - jse

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Hávaxnar fá frekar krabba

Ný rannsókn sýnir fram á tengsl hæðar kvenna við auknar líkur á ýmiss konar krabbameini. Rannsóknin birtist í fagtímaritinu Cancer Epidemiology. Rannsóknin sýndi fram á að fyrir hverja tíu sentímetra í aukinni hæð jukust líkur á að fá hvers kyns krabbamein um þrettán prósent.

# FRJÁLS VERSLUN

# TEKJUBLAÐIÐ




# TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

**Takmarkað upplag - aðeins selt í 12 daga***

*skv. ákvörðun Tölvunefndar

FRJÁLS VERSLUN | www.heimur.is | Áskriftarsími 512-7575 | heimur

Nýjungar á fjölmiðlamarkaði:

# Verum virk í athugasemdum

Fjölmiðlar eru nú að ganga í gegnum gríðarlegar breytingar með tilkomu netsins. Það var reyndar til staðar fyrir tuttugu árum en það er fyrst núna sem fólk er farið að velta því fyrir sér hvaða þýðingu sú mikla bylting hafði og hefur í för með sér. Það heyrir til undantekninga að einhver sé ekki nettengdur. Samt eru öll lykilhugtök í lausu lofti.



**Mikael Torfason**

mikael@frettabladid.is

Við erum enn að fóta okkur í þessu breytta umhverfi. Flestir Íslendingar eru á Facebook þar sem fólk getur tjáð sig um allt milli himins og jarðar og svo tekið þátt í umræðum á vefsvæðum fjölmiðla. Um tíma fór slík umræða fram nafnlaust. Þar með var ábyrgð óljós og má fullyrða að það olli allri umræðu á Íslandi tjóni sem erfitt er að meta. Í dag tjá sig nær allir undir eigin nafni í slíkum umræðum en engu að síður verður umræðan oft óvægin og rætin, jafnvel ærumeiðandi. Furðu margir virðast ekki enn gera sér grein fyrir því að netið er opinber vettvangur og jafnvel persónuleg Facebook-síða getur ekki talist vera friðhelg líkt og einkalíf er almennt. Hún verður að flokkast sem opinber vettvangur. Fjölmargir sem hafa ýmislegt mikilvægt fram að færa veigra sér við að taka þátt í umræðu á netinu.

Nýtt hugtak hefur orðið til vegna umræðna á netinu og það er að vera „virkur í athugasemdum“. Er þar átt við fólk sem tjáir sig af ábyrgðarleysi í athugasemdakerfum; með gífuryrðum og jafnvel meiðandi ummælum. Þetta er miður því öll ættum við að vera virk í athugasemdum. Hér á árum áður var allur „óæskilegur“ málflutningur hreinsaður út af ritstjórnum því eina leiðin til að koma skoðun sinni á framfæri opinberlega var að senda grein inn til gömlu áskriftarblaðanna. Nú eru hins vegar engar girðingar og leikur einn að segja hvað sem er um hvern sem er á netinu, tjá sig um efni frétta og að þessi eða hinn sé svona og hinsegin. Þetta er stór þáttur í hinu gerbreytta landslagi allrar fjölmiðlunar. Hjá því verður ekki litið að margir þeir sem vilja tjá sig gera það af fullkomnu hömluleysi, þeir kaffæra umræðu og drepa málum á dreif af fullkomnu virðingarleysi fyrir rökum annarra. Meira ber á því að fólk móðgist sé því leitt fyrir sjónir að það hafi á röngu að standa en að bóli á þakklæti. Fólk á að veita sér þann rétt að geta skipt um skoðun. Að ógleymdu hinu fornkveðna: Mæl þarft eða þegi. Hér er ekki hvatt til þess að gripið verði í taumana með boðum og bönnum en þó má benda á að það gilda lög í landinu. Meiðyrði varða við hegningarlög.

Grundvallaratriði í lýðræðissamfélagi hlýtur að vera að borgararnir taki þátt í umræðum sem skapast um fréttir og mikilvæg málefni samfélagsins. Jafnvel má segja að það sé siðferðileg skylda hvers og eins að liggja ekki á skoðunum sínum sem ormur á gulli, að ekki sé talað um þá sem búa yfir mikilvægri vitneskju og menntun. Vont er ef slíkir hafa sér það til gildrar afsökunar að vilja ekki teljast „virkir í athugasemdum“.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Ný neyðarlög

Eitt stærsta glappaskot í pólitík liðins árs var ákvörðun þáverandi velferðarráðherra að hækka laun forstjóra Landspítalans. Þverstæðan í því máli er að ein og sér var ákvörðunin studd góðum og gildum rökum. Glappaskotið fólst í því að hún gaf fordæmi sem ráðherrann og ríkissjóður stóðu ráðþrota andspænis.

Jafnvel þó að ákvörðunin væri tekin til baka leiddi hún til óróleika í launamálum. Pólitísku afleiðingarnar voru þær að í kjölfarið átti ráðherrann ekki möguleika á að vinna kosningu um formennsku í Samfylkingunni.



Óróleikabylgjan í launamálum sem þarna fór af stað brotnar síðan á núverandi stjórn.

Með þeirri ákvörðun kjararáðs á dögunum að hækka laun forstöðumanna ríkisstofnana er um margt komin upp hliðstæða við glappaskot fyrrverandi velferðarráðherra. Munurinn er sá að sú ákvörðun hvílir á lögmæltri viðmiðunarformúlu sem núverandi ríkisstjórn ber ekki pólitíska ábyrgð á. Ein og sér er ákvörðun kjararáðs einnig studd rökum sem ganga upp. Afleiðingin er aftur á móti eins og áður fordæmi sem ríkisstjórnin ræður illa við. Verði þetta fordæmi að almennum veruleika við endurnýjun kjarasamninga hlýst af því óðaverðbólga sem skrifast á reikning ríkisstjórnarinnar. Enginn annar verður kallaður til ábyrgðar. Það er klípan sem ríkisstjórnin er í.

Ríkisstjórnin á tvo kosti í stöðunni: Annar er að láta skeika að sköpuðu. Hinn er að bregðast við og freista þess að stemma á að ósi til að hindra framrás þeirrar ógnvænlegu verðbólgu sem af kann að hljótast.

## Gamla þjóðarsáttin

Skilaboð ríkisstjórnarinnar í efnahagsumræðunni hafa verið misvísandi. Fjármálaráðherra hefur með ábyrgum yfirlýsingum ítrekað mikilvægi þess að ná þríhliða samkomulagi um forsendur kjarasamninga. Í raun felst í því að hún sé breið og víðtæk sátt þarf að takast út fyrir stjórnarsamstarfið um nýja efnahagsáætlun til nokkurra ára.

Ekkert hefur spurst hvað ríkisstjórnin aðhefst á bak við tjöldin í þeim efnum. Það sem veldur áhyggjum er að á sama tíma og fjármálaráðherra talar með þessum hætti endurtekur forsætisráðherra staðhæfingar sínar um að ekkert mark sé takandi á þeim athugasemdum um stöðu efnahagsmála sem Samtök atvinnulífsins hafa sett fram.

Vel má vera að forsætisráðherra tali með öðrum hætti á lokuðum fundum með forystumönnum atvinnulífsins. Það er þá á fárra vitorði. En gagnvart almenningi lætur hann sem samtök þeirra séu álíka léttvæg og óþjóðlegar skammstafanir.

Í þessu samhengi er vert að rifja upp hvað fólst í þjóðarsáttinni frá 1990, sem margir vitna til. Stærsta verkefnið sem aðilar vinnumarkaðarins fólu ríkisstjórninni á þeim tíma var að ógilda kjarasamninga sem fjármálaráðherra hafði undirritað fáum mánuðum fyrr. Það var forsenda þjóðarsáttarinnar; hreint ekki auðvelt verk fyrir vinstri stjórn. En hún lét sig hafa það.

Þjóðarsáttin snerist einfaldlega um erfiðar, umdeildar og óvinsælar ákvarðanir af þessu tagi. Þær urðu fyrst óumdeildar eftir að árangurinn kom í ljós.

## Einu skýru skilaboðin

Spurningin er þessi: Til hvaða ráða getur ríkisstjórnin gripið ef hún vill ekki fljóta sofandi að feigðarósi óðaverðbólgunnar? Hafa verður í huga að aðilar vinnumarkaðarins hafa ekki lagt verkefnaskrá fyrir ríkisstjórnina eins og 1990. Hún verður því að hafa frumkvæðið sjálf. Það er ekkert áhlaupaverk og hefði verið pólitískt óhugsandi á sínum tíma.

Eina ráðið sem dugar er að kalla Alþingi saman án tafar til aukafunda til þess að leggja fram frumvarp til neyðarlaga um ógildingu á síðustu ákvörðunum kjararáðs. Um leið þarf að gefa fjármálaráðherra einhliða vald til að ákveða tímabundið laun þeirra embættismanna sem ekki eru aðilar að kjarasamningum.

Þetta eru einu skýru skilaboðin sem ríkisstjórnin getur sent aðilum vinnumarkaðarins um að hún sætti sig ekki við neinar þær ákvarðanir um launahækkanir sem launafólk þarf að borga sjálft með gengislækkunum og verðbólgu. Í framhaldinu þyrfti ríkisstjórnin að leggja fram tillögu að nýrri heildstæðri efnahagsáætlun hliðstæðri þeirri sem unnin var með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Lífskjörin verða ekki bætt nema með því að efla samkeppnisstöðu landsins. Velferðarkerfið verður ekki styrkt nema með því að efla samkeppnisstöðu landsins. Ákvörðun kjararáðs er verðbólguákvörðun sem rýrir samkeppnisstöðuna, veikir velferðarkerfið og dregur úr kaupmætti launafólks þegar til lengdar lætur.

Það er ekki hlutverk stjórnarandstöðu að axla ábyrgð á viðbrögðum við þessum vanda. En vilji stjórnin losna úr klípunni væri hollt að láta á það reyna hvort stjórnarandstaðan myndi með þingtæknilegum ráðum reyna að hindra slíka nauðvörn gegn verðbólgu og lífskjararýrnun.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*


TOPPAÐU Í
UNDER ARMOUR
NÝJAR VÖRUR KOMNAR
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is



**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir bókmenntafræðingur**

### Eldar fyrir öfgafemínista

„Ég er meðlimur í öfgafemínískum matarklúbbi og nú er komið að mér að halda matarboð. Ég mun því elda baki brotnu, frá morgni til kvölds. Ein úr klúbbnum er að flytja til Palestínu, þannig að sennilega verður bæði glaðst og grátið, en maturinn verður góður, því lofa ég!“



**Jenný Lára Arnórsdóttir leikkona og leikstjóri**

### Matur a la pabbi

„Ég ætla að slaka á og borða góðan mat a la pabbi, liggja í sundi úti í garði og leika við litlu bræður mína í smá fríi á Laugum í Reykjadal.“



**Stefán Pálsson sagnfræðingur**

### Óvenjuleg helgi

„Degi verður eytt í að pakka í töskur fyrir ferðalag austur á Neskaupstað eldsnemma í fyrramálið. En fyrst tek ég að mér óvenjulegt hlutverk sem gestastjórnandi á Rás 2.“



**Dröfn Ösp Snorradóttir-Rozas pistlahöfundur**

### Svaðalegt brúðkaup

„Uppáhaldsástæðan mín til að djamma er að fara í brúðkaup og ég er einmitt að fara í svaðalegt brúðkaup hjá Svölu Björgvins vinkonu minni í dag.“



**ÁRBÆJARSAFN** Gestum býðst að slást í för með Kára landpósti og kynnast lífinu í Reykjavík fyrir um 100 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Árbæjarsafn

## Leikræn leiðsögn

**Komdu að leika** Árbæjarsafn býður upp á leikræna leiðsögn um safnsvæðið klukkan 13 og 15 á morgun, sunnudaginn 28. júlí. Í þessum leiðsögnum býðst gestum að slást í för með Kára landpósti og kynnast lífinu í Reykjavík fyrir um 100 árum.

Á milli sýninga verður boðið upp á tónleika í Lækjargötu. Þar munu Júlía Traustadóttir og Hildur Heimisdóttir syngja íslensk þjóðlög og leika undir á langspil. Fyrir yngstu kynslóðina er tilvalið að heimsækja sýninguna Komdu að leika. Þar er mikill fjöldi leikfanga frá ýmsum tímum sem krökkunum er frjálst að leika sér með.



**TENÓRAR** Stefán S. Stefánsson og Ólafur Jónsson tenórsaxófónleikarar koma fram á Jómfrúartorginu í dag.

Tónleikar

## Djass á Jómfrúnni

**Sumar í miðbænum** Tenórarnir tveir, tenórsaxófónleikararnir Stefán S. Stefánsson og Ólafur Jónsson, koma fram á níundu tónleikum sumardjasstónleikaraðar veitingastaðarins Jómfrúarinnar við Lækjargötu í dag, laugardaginn 27. júlí.

Þeir munu flytja kraftmikla harðbop tónlist. Aðrir meðlimir hljómsveitarinnar eru þeir Agnar Már Magnússon á píanó, Gunnar Hrafnsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Tónleikarnir standa yfir á milli klukkan 15 og 17 og fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Aðgangur er ókeypis.



**FRÆNDSYSTKIN** Ægir Rafn flutti til Íslands frá Danmörku í vikunni og segir Þórey frænka hans að sér þyki gott að vera búin að fá litla frænda heim. Þórey hleypur tíu kílómetra í þágu Ægis í Reykjavíkurmaraþoninu, enda fylgja veikindum eins og þeim sem Ægir glímir við mikil fjárútlát. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hleypur fyrir litla frænda sinn

Þórey Hákonardóttir, fjórtán ára Kópavogsbúi, ætlar að hlaupa tíu kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu í þágu Ægis Rafns Þrastarsonar, fimmtán mánaða gamals frænda síns sem greindist með Dravet-heilkenni í janúar síðastliðnum. Hún hvetur fólk til að heita á sig, enda sé málefnið gott.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is

Þegar ég frétti að litli frændi minn væri veikur fannst mér það skrýtið og dapurlegt en þá verður maður bara að taka til sinna ráða,“ segir hin fjórtán ára gamla Þórey Hákonardóttir. Hún hefur ákveðið að hlaupa tíu kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu sem fer fram þann 24. ágúst næstkomandi í þágu Ægis Rafns Þrastarsonar, fimmtán mánaða gamals frænda síns sem greindist með Dravet-heilkenni í janúar síðastliðnum.

Dravet-heilkenni er sjaldgæfur og lífshættulegur taugahrörnunarsjúkdómur sem einkennist af mjög slæmum flogum og andlegri og líkamlegri þroskaskerðingu. Hann orsakast af genagalla vegna stökkbreytts gens. Í vikunni fluttist fjölskylda Ægis litla aftur til Íslands eftir sjö ára dvöl í Danmörku, enda nauðsynlegt að hafa vini og vandamenn sem nálægasta í slíkum aðstæðum. Eins og nærri má geta leiða slík veikindi af sér mikil fjárútlát, svo sem vegna tækjakaupa, ferðakostnaðar og læknisþjónustu svo fátt eitt sé nefnt.

Þórey, sem er nemandi í Álfhólsskóla í Kópavogi og byrjar í 10. bekk í haust, er ánægð með að hafa fengið frænda sinn heim til Íslands, enda þýðir það að þau geta hist oftar. Hún er mikill hlaupagarpur, æfir þrisvar í viku og hljóp meðal annars tíu kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu á síðasta ári. Þegar hún frétti af veikindum Ægis segist hún strax hafa ákveðið að hlaupa í hans þágu í ár til að leggja sitt af mörkum. „Ég stofnaði félagið Dravetofurhetjan, sem er styrktarsjóður Ægis Rafns, og allt fé frá þeim sem heita á mig í hlaupinu rennur í þennan sjóð. Það hafa margir lýst yfir ánægju sinni með þetta framtak og ég hvet auðvitað fólk til að heita á mig, enda er þetta gott málefni,“ útskýrir Þórey, en hún æfir krossfitt þrisvar í viku á veturna. „Það tekur á að æfa krossfitt eins og hlaup og það fer dálítið mikill tími í það. Þá er líka mikilvægt að skipuleggja sig vel.“

> Það hafa margir lýst yfir ánægju sinni með þetta framtak.
>
> *Þórey Hákonardóttir hlaupagarpur*

Þórey segir komandi skólaár leggjast vel í sig þótt óhjákvæmilega fylgi því pressa að vera á síðasta ári í grunnskóla. „Ég verð að standa mig vel í ár en ég er ekkert byrjuð að spá í það hvað ég ætla að gera eftir grunnskólann. Það kemur bara í ljós en ég þyrfti nú að fara að velta því fyrir mér fljótlega,“ segir hlaupagarpurinn að lokum og hlær.

# Strumparnir mæta til leiks á ný



Litlu bláu krúttsprengjurnar sem allir elska eru komnar aftur og lenda nú í meiri ævintýrum en nokkru sinni fyrr. Kvikmyndin Strumparnir 2 verður forsýnd samtímis um allan heim á morgun; í Frakklandi, Ástralíu, Bandaríkjunum og víðs vegar um Asíu. Hér heima á Íslandi fer forsýningin fram í Smárabíói klukkan 17.30 að staðartíma.

Mikið verður um dýrðir á forsýningunni en leikararnir sem ljá Strumpunum íslensku raddir sínar mæta á bláa teppið, en meðal þeirra eru Laddi, Ævar Þór Benediktsson, Stefán Karl Stefánsson, Gói, Álfrún Örnólfsdóttir, Lára Sveinsdóttir og Karl Ágúst Úlfsson. Auk þess mun alvöru Strumpur af stærri gerðinni verða á staðnum og heilsa upp á krakkana.

Þess má geta að þeir sem eru vinir Strumpanna á Facebook geta unnið miða á myndina.




# TAKTU ÞÁTT Í STÆRSTU
# **LISTSÝNINGU LANDSINS**

## GÖTUSÝNINGIN 2013

Í tilefni Menningarnætur efnir Arion banki til stærstu listsýningar landsins. Myndir af 500 verkum verða sýndar á götuskiltum höfuðborgarsvæðisins dagana 20.–27. ágúst.

**Allir með!**

Hefur þú teiknað, málað, mótað, prjónað, hannað?
Öllum er velkomið að taka þátt í sýningunni.

Það er einfalt að vera með, finndu verk eftir þig eða gerðu nýtt og taktu af því ljósmynd. Skráðu síðan verkið á arionbanki.is.

**Opið fyrir þátttöku til 9. ágúst 2013.**

Arion banki



„Ég man að hafa vaknað með mann ofan á mér. Ég man líka að einn af þeim sem stóðu var með kynfærin úti.

**LÍÐUR BETUR** Sveinn segir það hafa hjálpað sér mikið að segja vinum og fjölskyldu frá nauðgun sem hann varð fyrir. Hann hefur nú ákveðið að kæra nauðgunina til lögreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Karlmönnum er líka nauðgað

**Sveini Rúnari Einarssyni** var nauðgað á Þjóðhátíð í Eyjum í fyrra af hópi manna sem hann veit ekki deili á. Hann segir sögu sína í von um að hjálpa öðrum karlmönnum í sömu stöðu að segja frá og losna við skömmina sem fylgir.

**María Lilja Þrastardóttir**
maria@frettabladid.is



Sveini Rúnari Einarssyni var nauðgað af hópi karlmanna á Þjóðhátíð í Eyjum í fyrra. Hann hefur ákveðið að stíga fram og segja sögu sína í von um að vekja athygli á því að karlmönnum er líka nauðgað. Hann segir það einnig lið í því að losna við skömmina og sektarkenndina sem fylgir því að verða fyrir slíku ofbeldi.

### Kemur aldrei fyrir mig

„Ef einhver hefði sagt mér fyrir ári að mér yrði nauðgað á Þjóðhátíð, eða bara yfirhöfuð, hefði ég ekki trúað því. Ég hélt að svona lagað myndi aldrei koma fyrir mig,“ segir Sveinn Rúnar, eða Svenni eins og hann er oftast kallaður.

Það er árla morguns þegar Sveinn knýr dyra hjá blaðamanni með fangið fullt af bakkelsi. Við erum gamlir vinir og andrúmsloftið er því tilfinningaþrungið þegar við setjumst út í sólina með morgunmatinn, kaffið og sígaretturnar. Við höfum rætt þetta mál áður okkar á milli en í þetta skipti er það fyrir framan alþjóð.

### Vaknaði með mann ofan á sér

Sveinn er tuttugu og sjö ára gamall þjónn búsettur í Reykjavík. Fyrir ári fór hann ásamt nokkrum vinum sínum á Þjóðhátíð í Eyjum og þar var honum nauðgað að morgni mánudags. Hann vaknaði við verknaðinn þegar einn mannanna var að ljúka sér af. Á meðan stóðu hinir yfir þeim.

„Ég veit eiginlega ekkert hvort eða hversu margir þeirra tóku beinan þátt í nauðguninni og hverjir horfðu bara á. Ég var drukkinn og man illa aðstæður og ekkert frá aðdragandanum. Ég man að hafa vaknað með mann ofan á mér. Ég man líka að einn af þeim sem stóðu var með kynfærin úti.“

### Reif sig lausan og hljóp burt

Ég náði einhvern veginn að rífa mig á fætur. Ég man allt frekar þokukennt en ég hljóp í burtu. Þeir gerðu ekki tilraun til þess að hlaupa á eftir mér, eltu mig ekki eða neitt þannig, en ég hljóp samt, með buxurnar hálfvegis niður um mig, grátandi og í mikilli geðshræringu,“

Þannig tóku gæsluliðar á móti honum í dalnum og færðu hann inn í sjúkratjald.

### Beðinn að fara bara að sofa

Inni í tjaldinu var hann settur upp á sjúkrabekk. Þaðan reyndi hann að ná í vinkonu sína sem kom skömmu síðar. Hlúð var að honum og hann róaður niður. Síðan var honum bent á að fara heim að sofa og hafa samband við neyðarmóttöku daginn eftir. Aðspurður segir Sveinn að aldrei hafi lögregla verið kölluð til.

„Ef það hefði verið öðruvísi tekið á þessu inni í tjaldinu, ég tek samt fram að gæsluliðarnir voru mér mjög góðir, hefði ég til dæmis fengið að tala við lögreglu strax, hefði ég kannski lagt fram kæru. Ég hugsa að ef ég hefði verið kýldur, kjálkabrotinn eða hefði lent í annars konar ofbeldi en þessu þá hefði lögreglan komið um leið til að taka skýrslu.“

### Ákvað að reyna að gleyma

„Það er eins og það sé bara farið öðruvísi að hlutunum í þessum málaflokki, eða það er mín tilfinning. Það læddist að mér sá grunur að þessu hafi verið tekið á léttvægari hátt af því að ég er karl og fólk reiknar ekki með því að þeim verði nokkurn tímann nauðgað. Ég fór því bara og hugðist gleyma þessu. Ég vildi heldur ekki eyðileggja skemmtunina fyrir hinum, eins klikkað og það kann að hljóma,“ segir Sveinn.

### Gekk illa að gleyma

Sveini rann atvikið þó ekki auðveldlega úr minni. Eftir heimkomuna reyndi hann að dreifa huganum með því að sökkva sér í vinnu og þess á milli drekka úr hófi.

„Það var mjög stuttur í mér þráðurinn og ég var oft mjög reiður yfir smámunum. Ég fjarlægðist marga góða vini mína á tímabili og fjölskylduna einnig. Þetta sótti stöðugt á mig og ég reyndi að ýta því frá,“ segir Sveinn.

### Sagði frá og leið betur

Það var svo fyrir nokkrum mánuðum að Sveinn byrjaði að fara til sálfræðings vegna málsins.

➜ Sveinn útskýrir það að samfélagið geri körlum oft erfiðara fyrir. Staðalmyndir kynjanna séu ekki síður skaðlegar körlum en konum.

Það hjálpaði honum mikið og loks var hann tilbúinn að viðurkenna með sjálfum sér að honum hefði verið nauðgað.

Hann sagði vinum og fjölskyldu frá í rólegheitum og fann að það hjálpaði honum. „Það var svo mikil losun að segja loksins frá og ég fann að með hverju skiptinu sem ég ræddi þetta opinskátt leið mér betur og skömmin fór að hverfa. Núna langar mig að vera öðrum körlum í sömu stöðu fyrirmynd. Ég tel mig vita að það eru töluvert margir þarna úti sem hefur verið nauðgað, en hafa aldrei sagt neinum það.“

### Ofbeldi ekki kynbundið

Sveinn útskýrir það að samfélagið geri körlum oft erfiðara fyrir. Staðalmyndir kynjanna séu ekki síður skaðlegar körlum en konum. „Það þykir ekki karlmannlegt að vera nauðgað, hvað þá að tala um það. Vandamálið er málað upp líkt og það sé kvenlægt og það finnst mér ósmekklegt.

Mér finnst líka sárt þegar talað er um nauðganir sem kynbundið ofbeldi því með slíkri orðræðu horfum við framhjá öllum körlunum sem hefur verið nauðgað og gerum þeim erfiðara um vik að tjá sig.“

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# FRÁBÆRT á grillið!

30% afsláttur

**1598 kr. kg**
Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Grísalundir, erlendar

35% afsláttur

**948 kr. kg**
Verð áður ~~1469~~ kr. kg
Grísakótilettur kryddaðar

**GRÍSAKÓTILETTUR**
– fyrir þig og þína!
Þú getur valið ókryddaðar eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín eða í ítalskri marineringu!

20% afsláttur

**638 kr. kg**
Verð áður ~~798~~ kr. kg
Grísabógur hringskorinn

**1798 kr. kg**
Lambalærissneiðar, kryddaðar, New York og í ítalskri marineringu

20% afsláttur

**2398 kr. kg**
Verð áður ~~2998~~ kr. kg
Kindafille

2 í pk.

**485 kr. pk.**
Ungnauta hamborgari 120 g

# SUMARÁVEXTIR á góðu verði!

**598 kr. kg**
Mangó

**479 kr. kg**
Perur

**315 kr. kg**
Ferskur ananas

6x 330 ml

**579 kr. pk.**
Pepsi, Pepsi Max og Egils appelsín, 6 í pk. 330 ml, plast

Krónan Árbæ · Krónan Bíldshöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is



**HÓLMAVÍK** Bærinn skartaði sínu fegursta á öðrum degi ferðalagsins.

# Kynngimagnaðar Strandir

Blaðamaður Fréttablaðsins heimsótti Strandir fyrir stuttu og eyddi þar átta dögum. Á öldum áður var svæðið þekkt fyrir galdramenn, galdrabrennur og hvers kyns kukl. Í dag er það kynngimagnaður og töfrandi ferðamannastaður.

Sara McMahon
sara@frettabladid.is

Eftir átta daga dvöl á Ströndum tók það tíma að venjast aftur því amstri er fylgir daglegu lífi Reykvíkings því kyrrðin situr enn í manni. Þetta var í fyrsta sinn sem ég heimsæki þennan hluta landsins og það rigndi nánast linnulaust alla leið norður á Hólmavík. Það var komið kvöld þegar við samferðarmaður minn komumst á fyrsta áfangastað: gistiheimilið Steinhúsið, en húsið var byggt árið 1911 og var fyrsta steinsteypta húsið í Hólmavík. Galdrasafnið á Hólmavík var einnig heimsótt og þar snæddur dásamlega góður kræklingur.

Næsta dag ókum við til Drangsness og gistum á Malarhorni. Okkar fyrsta verk í bænum var að prófa sundlaugina sem þar er og um kvöldið voru heitu pottarnir í fjöruborðinu heimsóttir. Okkur var sagt að pottarnir væru venjulega þéttsetnir skömmu eftir tíufréttir, en þar láta heimamenn líða úr sér eftir vinnudaginn. Daginn eftir var ferðinni heitið til Bjarnarfjarðar, þar sem ákveðið var að slá upp tjaldi. Að því taugatrekkjandi verki loknu var Gvendarlaug hins góða á Klúku heimsótt, en við laugina er dásamlegur náttúrulegur pottur sem kúrir við blómum vaxna laut. Sundlaugin heitir eftir Guðmundi biskupi sem er sagður hafa haft mikil kynni af Ströndum, allt frá því að hann varð skipreika í Skjaldabjarnarvík árið 1180.

### Kynngimögnuð bílferð

Það tók að rigna um kvöldið og nóttin í tjaldinu varð blaut, rennblaut meira að segja. Því var sú ákvörðun tekin að pakka saman um hálffimm um morguninn og aka á næsta áfangastað: Djúpavík. Saga Stranda er samofin sögum um galdra, galdrabrennur og hvers kyns kukl og landið var sannarlega kynngimagnað þennan morgun. Dimmgrá ský lögðust af þunga á fjallstoppana, hafið var grátt og úfið og sums staðar læddust þokuslæður hljóðlega yfir dali og bæi. Við vorum ein á ferli og rigning fyrri daga hafði orsakað grjóthrun úr snarbröttum hlíðum fjalla á malarveginn sem við ókum eftir. Blautir og þreyttir ferðalangarnir fengu inni á Hótel Djúpavík þótt ekki væri búið að opna hótelið enn þá. Þar fengum við að þurrka af okkur og okkur boðið upp á kaffi og morgunmat. Eftir stuttan blund og sturtu var ákveðið að líta við á listasýningu sem ber yfirskriftina Steypa og fer fram í gömlu síldarverksmiðjunni. Um kvöldið lét sólin loks sjá sig og varð staðurinn þá með ólíkindum litríkur og fallegur.

### Sundsprettur í fjöru

Næstu þrjá daga höfðumst við samferðarmaður minn við í Norðurfirði. Við fengum inni á Gistiheimili Norðurfjarðar og af svölunum sem fylgdu herberginu gátum við fylgst daglangt með iðandi mann- og fuglalífinu við smábátahöfnina. Bátarnir komu og fóru og í lok dags var aflinn fluttur burt í vörubíl sem skildi eftir svolítinn rykmökk er hann æddi burt úr plássinu.

Sundlaugin í Krossnesi var heimsótt alla þá daga sem við gistum í Norðurfirði. Laugin liggur í fjörunni sjálfri og er vinsæll viðkomustaður ferðamanna sem og heimamanna. Ingólfsfjörður var einnig keyrður og gamla síldarverksmiðjan þar skoðuð. Loks var arkað upp á Reykjaneshyrnu, þaðan sem útsýnið er engu líkt.

### Töfrandi umhverfi

Saga segir að stúlka nokkur sem var um hríð í vist hjá Þórði Guðbrandssyni í Munaðarnesi á Ströndum hafi veikst þegar hún var tekin úr vist hjá honum en varð frísk við það að komast til hans aftur. Þegar stúlkan var svo tekin aftur af heimili Þórðar veiktist hún á nýjan leik. Af þessu fór af stað orðrómur um að Þórður hefði verið valdur að veikindum hennar með göldrum. Engir líkamlegir kvillar hrjá mig en ég er aftur á móti orðin veik fyrir þessu fámennasta sveitarfélagi landsins. Eins og í sögunni um stúlkuna grunar mig að veikindin hverfi um leið og ég sný aftur á þennan töfrandi stað.



**DJÚPAVÍK** Þegar sólin lét loks sjá sig varð staðurinn með eindæmum litríkur og fallegur.



**SUNDLAUG Í FJÖRUNNI** Sundlaugin í Krossnesi er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og heimamanna. MYND/ÚR EINKASAFNI






sumarferdir.is
SUMAR 2013
Almería & Tenerife
- Tilvaldir sumaráfangastaðir fyrir alla fjölskylduna!

Almería
Pierre Vacances ☆☆☆
Glæsileg ný íbúðagisting í Roquetas de Mar. Garður með tveimur sundlaugum og barnalaug. Íbúðir með 2 eða 3 svefnherbergjum. Íbúðirnar eru staðsettar stutt frá strönd.
frá 86.900 kr.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum. Verð 109.800 kr. fyrir 2 fullorðna. Brottför 20. ágúst.

Tenerife
Los Alisios ☆☆☆
Los Alisios er 3 stjörnu íbúðahótel staðsett í hlíðum Los Cristianos á rólegum stað. Hótelið er á 4 hæðum og með góðum sundlaugargarði ásamt barnalaug. Skemmtidagskrá fyrir börn á fullorðna.
frá 97.200 kr.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð 115.400 kr. fyrir 2 fullorðna. Brottför 21. ágúst.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR
✔ Hagkvæmt verðlag
✔ Ekta spænsk menning
✔ Glæsilegar gistingar
✔ Fjölbreytt afþreying
✔ Tilvalið fyrir stórfjölskyldur
✔ Frábært verð!

Stökktu í sólina!
SÍÐUSTU SÆTIN Í ÁGÚST!

SUMAR 10 ÁRA FERÐIR
...eru betri en aðrar

* Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallaskattar, gisting í viku og íslensk fararstjórn. Allt innifalið: morgun-, hádegis- og kvöldmatur, snarl milli mála og innlendir drykkir.

# Grét með vindinn í eyrunum

**Helgi Sveinsson** greindist með krabbamein í hægri fæti aðeins sautján ára gamall. Handboltastrákurinn efnilegi missti fótinn og um leið tengslin við það sem veitti honum mesta ánægju. Eftir áratug sem einkenndist af vitleysu fór flaskan upp í hillu og við tóku betri tímar. Í dag er hann heimsmeistari í spjótkasti og ætlar sér enn stærri hluti.



Kolbeinn Tumi Daðason
kolbeinntumi@365.is



HEIMSMEISTARA FAGNAÐ Helgi Sveinsson tekur við hamingjuóskum frá keppinautum sínum á verðlaunapallinum í Lyon á fimmtudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

Kvöldinu var varið með þessum frábæra íslenska hópi í anddyri hótelsins. Það voru opnaðar margar gosflöskur,“ segir nýkrýndur heimsmeistari í spjótkasti í flokki aflimaðra, Helgi Sveinsson. Risakast Helga á elleftu stundu flaug 50,98 metra, níu sentimetrum lengra en hjá Ólympíumeistaranum Yanlong Fu frá Kína.

„Það var að duga eða drepast og með ólíkindum að ég hafi hitt á þetta,“ segir Helgi um augnablikið yndislega á fimmtudagskvöldið. Haldið var á hótelið þar sem skálað var í ropvatni.

„Kári (Jónsson, landsliðsþjálfari fatlaðra í frjálsum íþróttum) skammar mig réttilega fyrir að drekka of mikið gos. Nú spurði hann mig bara hve margar flöskur ég vildi,“ segir Helgi eldhress.

Óhætt er að segja að skipst hafi á skin og skúrir í lífi heimsmeistarans, sem setti tappann í flöskuna árið 2006 og breytti lífi sínu til hins betra.

**Risaæxli í fætinum**

Helgi er uppalinn í Breiðholtinu en flutti átta ára yfir í Ártúnsholtið. Hann byrjaði að sækja handboltaæfingar hjá Fylki við fermingaraldur en skipti fljótlega yfir í Fram. Þar tók á móti honum þjálfarinn og lögreglumaðurinn Heimir Ríkharðsson, sem Helgi ber vel söguna.

„Ég spilaði sem miðjumaður og skytta en stefndi á að ná langt í hlutverki miðjumannsins,“ segir Helgi. Árbæingurinn sagði skilið við grunnskólann aðeins 15 ára, fór að vinna í skiltagerð hjá bróður sínum og einbeitti sér að íþróttunum þar sem honum gekk vel. Hann var valinn besti leikmaður 3. flokks Fram og var byrjaður að æfa með meistaraflokki sem þá lék undir stjórn Guðmundar Þórðar Guðmundssonar, fyrrverandi landsliðsþjálfara og nú þjálfara Rhein-Neckar Löwen í Þýskalandi.

Þegar Helgi var 17 ára hélt meistaraflokkur Fram í æfingaferð til Þýskalands. Þar fór hægri fóturinn að angra hann.

„Ég fór að fá skrýtna verki í hægri fótinn sem ég taldi að væru álagsmeiðsli eða annars konar íþróttameiðsli,“ segir Helgi um dvölina í Þýskalandi. Hann fór þó ekki í skoðun fyrr en við komuna heim til Íslands þar sem hann var sendur í skoðun, enda gat hann ekki sofið vegna verkja.

„Ég var sendur í myndatöku sem sýndi risastórt æxli í fótleggnum,“ segir Helgi. Í kjölfarið hætti hann að mæta á æfingar og úr varð að taka þurfti fótinn af. Eftir það fór hann í hálft ár í lyfjameðferð þar sem talið var að krabbameinið væri komið í lungu hans.

„Þessi tegund af krabbameini sáir sér mjög fljótt. Lyfjameðferðin kom í veg fyrir það,“ segir Helgi, sem getur þakkað fyrir að hafa stundað íþróttir af kappi og verið í góðu líkamlegu formi þegar ógæfan dundi yfir.

„Ef ég hefði ekki verið undir svona miklu álagi þá hefði ég örugglega ekki fundið fyrir þessu fyrr en mun seinna. Þá hefði það mögulega verið orðið of seint.“

**Brást trausti sinna nánustu**

Helgi segist ekki hafa haft vit á því að lokinni lyfjameðferð að hella sér út í íþróttir. „Það voru margar hæðir og lægðir á þessum tíma. Það voru nokkur ár sem voru tekin í vitleysu,“ segir frjálsíþróttakappinn, sem hafði um nóg að hugsa.

„Þáverandi kærasta mín varð ólétt á sama tíma og ég glímdi við krabbameinið. Ég var keyrður á milli krabbameinsdeildarinnar og fæðingardeildarinnar,“ segir Helgi, sem eignaðist dóttur sína í desember 1998. Nokkrum árum síðar sleit parið sambandi sínu og erfiðir tímar fóru í hönd.

„Upp frá því byrjaði skrýtinn tími, mikið af vitleysu og hlutum sem maður á ekki að gera. Áfengisneysla og það sem því fylgir,“ segir Helgi. Honum er illa við að ræða það í blaðinu og segist einfaldlega hafa fengið nóg.

„Ég var búinn að mála mig út í horn. Búinn að bregðast trausti þeirra sem voru í kringum mig, svíkja og pretta og var á stað sem ég vildi ekki vera á. Nú er ég búinn að vera edrú í sjö ár,“ segir Helgi. Á þessum tíma komst hann þó í snertingu við íþróttir fatlaðra í gegnum golfíþróttina.

„Hörður Barðdal heitinn tók mig inn í Golfsamband fatlaðra. Við fórum saman í góðum hópi á Evrópumeistaramótið í Hjörring í Danmörku sumarið 2003,“ segir Helgi, sem vann til bronsverðlauna í sínum flokki. Hann spilar enn golf þegar tími gefst. Hjá afreksíþróttamanni er það sjaldan. „Sá tími er hins vegar lítill. Frjálsar eru númer eitt, tvö og þrjú hjá mér núna.“



KASTAÐ Í LONDON Helgi segist aldrei geta þakkað vinnuveitendum sínum hjá Össuri nægjanlega stuðninginn. NORDICPHOTOS/GETTY

**Stór stund að skokka aftur**

Þrátt fyrir erfiðan áratug segist Helgi hafa lært margt.

„Ég væri ekki á þeim stað sem ég er á núna hefði ég ekki gengið í gegnum þennan tíma,“ segir Helgi. Hvað íþróttaferilinn varðar fóru hjólin ekki að snúast á ný fyrr en hann var fenginn til að leysa af hjá stoðtækjafyrirtækinu Össuri.

„Maður var alltaf reglulega hjá Össuri að láta laga fótinn og smíða nýjan. Þá fékk maður að heyra af þessum íþróttahetjum og langaði að fara að gera eitthvað,“ segir Helgi, sem leysti af annan mann sem vantaði annan fótinn á. Honum var í kjölfarið boðin vinna og þar starfar hann í dag. Fljótlega eftir að Helgi hóf störf hjá fyrirtækinu spurðist hann fyrir um búnað til þess að geta prófað að hlaupa.

„Græjurnar voru búnar til á staðnum. Ég prófaði þær og var farinn að hlaupa eftir korter,“ segir Helgi. Stundin hafi verið yndisleg eftir tæp þrettán ár á gervifæti þar sem í mesta lagi var valhoppað eða gengið hratt.

„Ég get alveg viðurkennt það að ég táraðist við það að finna vindinn í eyrunum. Eins smávægilegt og það er að geta hlaupið og skokkað er það stór stund ef maður hefur ekki getað það í langan tíma. Sérstaklega þegar maður lifði fyrir að hlaupa, hoppa og skokka og búið var að taka það af manni.“



> Ég var búinn að mála mig út í horn, bregðast trausti þeirra sem voru í kringum mig, svíkja og pretta og var á stað sem ég vildi ekki vera á. Nú er ég búinn að vera edrú í sjö ár.

**Ólympíulágmark á fyrstu æfingu**

Árlega er haldinn opinn dagur hjá Össuri fyrir krakka sem eru fatlaðir í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardalnum.

„Þar mætir Kári á svæðið. Hann hafði verið með fatlaða í langan tíma en aldrei komist í tæri við mann sem á vantaði fót og gæti hlaupið með fjöður. Hann gerði mér tilboð um að koma og æfa. Þá var ekki aftur snúið,“ segir Helgi. Fyrst byrjaði hann að hlaupa og ætlaði að einbeita sér að 100 metra hlaupi. Svo fór hann að prófa að stökkva og fór á fullt í langstökkið.

„Svo var ég einu sinni að hita upp og sá spjót liggja á jörðinni,“ segir Helgi sem lét vaða með góðum árangri. „Það liggur greinilega vel fyrir mér að kasta einhverjum hlutum,“ segir Helgi sem er ekki í nokkrum vafa um að handboltagrunnurinn hjálpi til. Sjö mánuðum eftir að hann byrjaði að kasta spjóti var hann á leiðinni á Ólympíumót fatlaðra í London í fyrrasumar.

„Í fyrsta kasti á æfingu flaug spjótið yfir Ólympíulágmarkið,“ segir Helgi sem hafnaði í fimmta sæti. Hann tekur stöðugum framförum og ætlar sér stóra hluti á Ólympíumótinu í Ríó sumarið 2016.

„Við getum bókað það að ég mun koma á óvart í Ríó eins og ég gerði núna. Ég bara veit það og finn það,“ segir Helgi. Flestir af hans helstu keppinautum hafa stundað spjótkastið í mörg ár, ólíkt Helga.

„Tíminn vinnur með mér á þeim mótum sem ég mun keppa á.“



ÞÚ SPARAR 30.000 KR.

Vnr. 50630080
Cook Dome
kolagrill, 57 cm

19.990 kr.

FULLT VERÐ: 49.990 kr.

Vnr. 49980781
Uppkveikjulögur, 1 l.

490 kr.

FULLT VERÐ: 590 kr.

Vnr. 50604231
Viðarkol, 2 kg.

390 kr.

FULLT VERÐ: 690 kr.



ÞÚ SPARAR 8.000 KR.

ÞÚ SPARAR 1.000 KR.

Vnr. 41622138
Sólhlíf 200x300 cm.
Ekki með fæti.

4.990 kr.

FULLT VERÐ: 5.990 kr.

Vnr. 41622137
Sólhlíf á fæti, 300 cm í þvermál.

8.990 kr.

FULLT VERÐ: 16.990 kr.

ALLT Á AÐ SELJAST

LAGERHREINSUN

# LAGER-HREINSUN Á SUMARVÖRUM

facebook.com/BYKO.is

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

ÞÚ SPARAR 1.000 KR.



Vnr. 41622057
HAMMOCK hengirúm,
grænt.

8.990 kr.

FULLT VERÐ: 9.990 kr

ÞÚ SPARAR 5.000 KR.



Vnr. 87977170
Kælibox á hjólum með
rafmagni, 12 V, E40,

18.990 kr.



ÞÚ SPARAR 2.000 KR.

Vnr. 41622136
Sólbekkur,
188x62x29 mm,
appelsínugulur.

5.990 kr.

FULLT VERÐ: 7.990 kr



Vnr. 88012299
Sóltjald, 400x135 cm.

1.990 kr.

FULLT VERÐ: 2.790 kr.



Vnr. 88098157-8
Útilegustóll,
grænn eða blár.

1.390 kr.

FULLT VERÐ: 1.490 kr.

ÞÚ SPARAR 9.000 KR.



ORIENT BIKES

Vnr. 49620053-4
Excel reiðhjól, 24", 21 gír, rautt
og svart eða blátt og svart.

29.990 kr.

FULLT VERÐ: 38.990 kr

ÞÚ SPARAR 16.000 KR.



ORIENT BIKES

Vnr. 49620055
LUXUS reiðhjól, 26", 21 gír,
hvítt, svart og rautt.

29.990 kr.

FULLT VERÐ: 45.990 kr



ÞÚ SPARAR 3.000 KR.

Vnr. 55420162
JUWEL safnkassi 600 ltr.

19.990 kr.

FULLT VERÐ: 22.990 kr



ÞÚ SPARAR 15.000 KR.

Vnr. 55099123
Gróðurhús úr
áli og plasti,
184x122x215 cm.

34.990 kr.

FULLT VERÐ: 49.990 kr

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



CHRISTIAN DIOR

VERSACE ATELIER

ZUHAIR MURAD

GIAMBATTISTA VALLI

CHRISTIAN DIOR

ULYANA SERGEENKO

➜ Kóngablátt

➜ Blóðrautt

# Handsaumað og sérsniðið

## Haute couture haustlínur 2013 voru sýndar á tískuvikunni í París í byrjun júlí.



Sara McMahon
sara@frettabladid.is

Haute couture-haustlínurnar fyrir 2013 voru sýndar á tískuvikunni í París í byrjun mánaðarins. Fá tískuhús senda frá sér couture-línur enda eru þær bæði tímafrekar í framleiðslu og kostnaðarsamar. Að auki þurfa tískuhúsin að uppfylla strangar kröfur til að línur geti talist til haute couture.

Hugtakið er franskt og mætti þýða sem hátísku á íslensku. Flíkurnar eru handsaumaðar úr hágæða efnum og sérsniðnar á viðskiptavininn. Hugtakið er lögverndað í Frakklandi og lýtur stjórn Chambre de commerce et d'industrie de Paris.

Sautján tískuhús sýndu línur fyrir haustið og voru blúndur, hárnákvæmur útsaumur og pallíettur í forgrunni hjá mörgum hönnuðanna. Hvítt og svart voru ríkjandi litir, sem og rauðir og bláir litir.



➜ Hvítt og rómantískt

GIAMBATTISTA VALLI

ULYANA SERGEENKO

GIORGIO ARMANI

➜ Svart og seiðandi



VALENTINO

### REGLUR HAUTE COUTURE

- Hannað eftir pöntun viðskiptavinar, ein eða fleiri mátanir.
- Tískuhúsið skal reka saumastofu (atelier) í París með í það minnsta fimmtán starfsmenn.
- Tískuhúsið verður að reka saumastofu með að minnsta tuttugu starfsmenn.
- Sýna skal tvær línur á ári. Hver lína á að innihalda 35 heilklæðnaði, bæði dagklæðnað og kvöldklæðnað.

# ÚTSALA

Útilegu maðurinn®

Korputorg I 112 Reykjavík I Sími 551 5600 I utilegumadurinn.is I Opnunartími: mán-fös kl: 10-18 - lau-sun kl: 12-16

## Konráð og félagar á ferð og flugi 54

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Þetta er nú meira skrípið,“ sagði Kata hneyksluð þegar hún sá þetta dýradýr. „Þetta er ljótara en gömlu skrímslamyndirnar sem voru alltaf á gömlum íslandskortum.“ Lísaloppa varð að vera sammála að þetta dýradýr var nú heldur ljótt. „En úr hvaða dýrum er þetta dýradýr eiginlega?“

Getur þú hjálpað Kötu og Lísuloppu að sjá úr hve mörgum dýrum þetta dýradýr er sett saman og hvaða dýr það eru?





LAUSN: FJÓRUM DÝRUM, SEBRAHESTI, FÍL, ÚLFALDA OG HREINDÝRI.

## Heilabrot

1. Hvaða föt þola bleytuna best?
2. Ég er nytsamlegur hlutur og þú togar oft í mig. Það gengur vel ef þú ferð varlega, annars stansa ég stundum og fer út af brautinni. Hver er ég?
3. Ég er ekki tré en ber þó blöð. Ég blómstra ekki en ber þó ávöxt. Ég er safalaus þó fóðra ég þig. Ég er líflaus en þó geri ég marga ódauðlega. Hver er ég?
4. Ég dreg yfir mig skýlu, svo að þið þekkið mig ekki.
5. Ef þið þekkið mig strax þykir ykkur ekkert til mín koma en ef þið þekkið mig ekki þykir ykkur það miður. Hver er ég?
6. Hvenær er hægt að bera vatn í gatasigti?

Svör: 1. Vaskaföt. 2. Rennilás. 3. Bókin. 4. Gátan. 5. Þegar það er frosið.


## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.







Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir


## bókaormur vikunnar

*er valinn úr þátttakendum í sumarlestri Borgarbókasafns og Bókmenntaborgarinnar Reykjavíkur.*

**Hvað heitir þú fullu nafni og hversu gömul ertu?** Andrea Ósk Waagfjörð og verð 10 ára þann 8. ágúst.

**Ertu mikill lestrarhestur?** Já.

**Hvenær lærðir þú að lesa?** Í 1. bekk.

**Hvað er skemmtilegt við að lesa bækur?** Þær eru ævintýralegar og eru líka fræðandi.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Það var Einhyrningurinn minn.

**Hvers lags bækur þykja þér skemmtilegastar?** Astrid Lindgren-bækurnar.

**Hvaða bók lastu síðast og hvernig var hún?** Á Saltkráku og hún var fín.

**Í hvaða hverfi býrð þú?** Seláshverfinu.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Selásskóla.

**Hvaða námsgrein er skemmtilegust?** Myndmennt.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Hestar, bækur og að leika mér úti.



**ASTRID LINDGREN BEST** Andreu Ósk þykja bækur eftir Astrid Lindgren skemmtilegastar.



**VÍKINGUR** Ásdís Aþena í fullum víkingaskrúða.

# Grettir var óþekkur og óhjálpsamur

Á Laugarbakka í Miðfirði eru í sumar haldin víkinganámskeið fyrir krakka. Ein af þeim sem sótt hafa slíkt námskeið er Ásdís Aþena Magnúsdóttir, 9 ára. Uppáhaldspersóna hennar úr Íslendingasögunum er Grettir sterki.

**Hvers vegna fórstu á víkinganámskeið?** Af því að ég vissi að það yrði gaman og ég hafði heyrt af því hjá öðrum krökkum.

**Hvað gerið þið á námskeiðinu?** Förum í kubb, saumum punga úr leðri, æfum okkur í bogfimi, gerum kastband og skrifum rúnir.

**Hvað er skemmtilegast af því sem þið gerið?** Sauma pungana, ég gerði fjóra.

**Hefurðu lesið margar Íslendingasögur?** Enga enn þá en ég hef heyrt Grettissögu, Sólrún kennari í skólanum sagði okkur hana.

**Hver er uppáhaldspersónan þín í Íslendingasögunum?** Ætli það sé ekki Grettir.

**Hvers vegna?** Hann var mjög sterkur og þorði mörgu. Hann varð útlagi fimmtán ára. Það finnst mér skrýtið.

**Heldurðu að Grettir hafi verið skemmtilegur sem strákur?** Nei, örugglega ekki.

**Hvers vegna ekki?** Af því að hann var svo rosalega óþekkur og óhjálpsamur.

**Hefurðu komið að Bjargi þar sem Grettir ólst upp?** Já, þegar það var Grettishátíð þar.

**Áttu kannski heima þar nálægt?** Nei, ég á heima á Hvammstanga, það er svolítið nálægt.

**Hvernig ætlarðu að nota það sem þú lærir á námskeiðinu?** Kannski sauma ég fleiri leðurpunga og spila kubb við vini mína og fjölskyldu. Mig langar líka að æfa mig meira í bogfimi.

# FERÐIR

LAUGARDAGUR 27. JÚLÍ 2013

## Í kringum jörðina á 180 dögum

**180 daga heimsreisa með skemmtiferðaskipi stendur jarðarbúum til boða árið 2015. SÍÐA 2**

## Gengið um þjóðgarða

**Fjölmargar óviðjafnanlegar gönguleiðir liggja um þjóðgarða landsins. SÍÐA 4**

## Smalaði hreindýrum úr loftii

**Tomasz Chrapek, Íslandsmeistari í svifvængjaflugi, fékk draumastarf á Grænlandi. SÍÐA 6**



# Heimsreisa í skemmtiferðaskipi

Viltu fara í 180 daga heimsreisu um borð í lúxus-skemmtiferðaskipi? Slík ferð er komin í sölu hjá Oceania Cruises en það mun vera lengsta ferð sem boðið hefur verið upp á. Í ferðinni verða 44 lönd heimsótt og komið við í 89 höfnum í Ameríku, Afríku, Asíu og Ástralíu og komið í helstu stórborgir. Evrópa er þó ekki með í þessari ferð.

Skipið leggur af stað frá Miami á Flórída 10. janúar 2015 og kemur til baka þann 8. júlí 2015. Ferðin tekur því sex mánuði og er tveimur mánuðum lengri en aðrar slíkar heimsferðir sem farnar hafa verið. Farþegar verða 684 og stoppað í 89 höfnum í 44 löndum.

Oceania-skipafélagið hefur ekki áður boðið heimsferðir, en það er þekkt fyrir lengri stopp í höfnum en aðrir. „Við viljum bjóða upp á öðruvísi ferð, þar sem slökun verður í fyrirrúmi, auk þess sem ferðamenn njóta þess að fara í draumaferðina sína, kanna lönd og heimsálfur. Við erum ekki í kappi við tímann heldur förum hægt yfir,“ segir Kunal Kamlani, forstjóri félagsins. „Við heimsækjum alla mest heillandi staði í heimi.“

Í ferðinni verða ellefu stopp yfir nótt á sama stað og fjögur tveggja nætur stopp í Höfðaborg í S-Afríku, Yangon, Mjanmar (Búrma), Singapúr og Shanghaí í Kína.

Ferðin byrjar í Karíbahafinu en heldur síðan áfram til S-Ameríku þaðan sem haldið er yfir Atlantshafið til Afríku. Þaðan fer skipið til Indlands, Asíu, Ástralíu, Nýja-Sjálands, S-Kyrrahafs og Havaí áður en haldið er til Miami í gegnum Panamaskurðinn.

Auk þess að fara yfir miðbaug fjórum sinnum og sigla í gegnum 24 tímabelti fer skipið yfir þrjú úthöf og tíu innhöf. Það stoppar á 45 eyjum og farþegum gefst kostur á að skoða 47 staði þar sem eru svæði á Náttúruminjaskrá UNESCO.

Þeir sem bóka ferð snemma greiða 39.999 Bandaríkjadali, eða tæpar fimm milljónir króna. Innifalin í verðinu er ein nótt á lúxushóteli í Miami fyrir ferðina.

Áfangastaðirnir eru svo margir að ómögulegt er að telja þá alla hér en þeir sem hafa áhuga geta farið á heimasíðuna www.oceaniacruises.com eða skoðað kortið hér að neðan.



Allur matur er innifalinn í verði ferðarinnar, sem tekur sex mánuði.



Notalegt svefnherbergi með fallega uppábúnu rúmi og þjónum. Það er lúxus að vera um borð í skemmtiferðaskipi.



Oceania Cruises býður eingöngu lúxusskip þar sem vel fer um farþega. Það verður því ekki amalegt að sigla með þeim um allan heim. MYNDIR/GETTY








Kortið.

## Ævintýraferðin á korti

Farþegar sem fara í sex mánaða heimsferð um borð í Oceania Cruises eiga eftir að upplifa mikið ævintýri. Fyrst í Karíbahafinu, þar sem vinsælar eyjur eru heimsóttar, en síðan liggur leiðin til Brasilíu áður en haldið er yfir Atlantshafið til Afríku.

Nokkra þekkta staði er hægt að nefna en listinn er afar langur. Tógó, Benín, Namibía, Höfðaborg í S-Afríku, Mósambík, Madagaskar, Tansanía, Kenýa, Seychelles-eyjar, Maldíveyjar, Indland, Mjanmar, Malasía, Singapúr, Taíland, Kambódía, Víetnam, Hong Kong, Shanghai og Peking í Kína, S-Kórea, Japan, Taívan, Filippseyjar, Balí í Indónesíu, Ástralía, Tasmanía, Nýja Sjáland, Bora Bora, Tahítí, Havaí, Los Angeles, San Diego, Mexíkó, Gvatemala, Kostaríka, Kólumbía og Flórída.

Hér eru aðeins taldir upp nokkrir staðir. Skipið kemur við bryggju á nokkrum stöðum í sumum löndum. Ekki er siglt um Evrópu í þessari ferð. Hægt er að skoða alla staðina á heimasíðu Oceania Cruises.





Sælustundir sumarsins í góðra vina hópi. MYND/ANTON

# Ljúfar veigar í lautarferðina

Sælustundir sumarsins eru flestar í góðra vina hópi og fátt er betra en að klingja glösum í sólinni. Samúel Þór Hermannsson vínþjónn gefur uppskriftir að svalandi sumarveigum sem einfalt og fljótlegt er að blanda og slá þannig upp veislu úti á túni eða niðri á strönd.

Ég nota Mickey Finn eplalíkjör í drykkina en Mickey Finn hefur alltaf verið þekkt fyrir gæðakokkteila, búna til úr ekta ávöxtum. Til að mynda þarf 40 epli til að búa til einn lítra af Mickey Finn Sour Apple," segir Samúel en líkjörinn á sér langa sögu.

„Mickey Finn var írskur að uppruna en fluttist til Ameríku þegar tímarnir voru erfiðir heima fyrir. Þegar hann kom til Chicago hófst ferill hans í barmennsku og áður en langt um leið hafði hann unnið sig upp í bransanum og var orðinn einn af aðal bareigendum Chicago-borgar. Í dag er Mickey Finn næstsöluhæsti líkjörinn á Írlandi á eftir Baileys og söluhæsti eplalíkjörinn á Íslandi."






**FERSKUR GRANATEPLA- OG HINDBERJADRYKKUR**

6 cl Stolichnaya-vodka
24-36 cl Mickey Finn Sour Raspberry
Granateplasafi
Granatepli

*Byrjum á að fylla könnu af klökum.*

*Hellum svo 6 cl af Stolichnaya-vodka yfir og svo er Hammer-gini og Mickey Finn Sour Raspberry skellt í könnuna. Fyllt upp með granateplasafa*

*Út í þennan drykk er frábært að bæta við ferskum granateplum.*



**BLUEBERRY PEACH**

6 cl Hammer-gin
24-36 cl Mickey Finn Sour Blueberry
Ferskjusafi
Bláber

*Byrjum á að fylla könnu af klökum.*

*Hellum svo 6 cl af Stolichnaya-vodka yfir og svo er Hammer-gini og Mickey Finn Sour Blueberry skellt í könnuna. Fyllt upp með ferskjusafa.*

*Frábært að bæta við ferskum bláberjum í þennan drykk.*



**GRÆNA SKRÍMSLIÐ**

6 cl Stolichnaya-vodka
24-36 cl Mickey Finn Sour Apple
Engiferöl

*Byrjum á að fylla könnu af klökum.*

*Stolichnaya-vodka og Mickey Finn Sour Apple er svo skellt í könnuna og fyllt upp með engiferöli.*

*Út í drykkinn er mjög fallegt að setja nokkrar limesneiðar.*

# Með ósnortið land undir fótum

Ísland státar af stærsta þjóðgarði Evrópu, en innan þjóðgarða landsins er að finna fjölmargar óviðjafnanlegar gönguleiðir um því sem næst ósnortið land.

Þjóðgarðar Íslands eru þrír; Þingvellir, Snæfellsjökulsþjóðgarður og Vatnajökulsþjóðgarður, sem er jafnframt stærsti þjóðgarður Evrópu og þekur tæp þrettán prósent lands. Þjóðgarðar, sem eru mörg þúsund talsins um heim allan, eru svæði lands í eigu ríkisstjórna þar sem ekki má byggja upp mannvirki og eru mengunarlaus. Eðli málsins samkvæmt þykir eftirsóknarvert að berja ósnortið landslag þeirra augum og anda að sér fersku lofti og eru fjörmargar spennandi gönguleiðir í þjóðgörðum landsins. Jónas Guðmundsson, verkefnastjóri slysavarna ferðamanna hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, heldur úti vefsíðunni Gönguleiðir.is. Hann var beðinn um að nefna nokkrar skemmtilegar gönguleiðir.

### Vatnajökulsþjóðgarður

„Leiðin frá Sveinstindi að Hólaskjóli liggur að hluta um Vatnajökulsþjóðgarð. Þetta er þriggja daga gönguleið og ein sú fallegasta á öllu landinu. Frá Sveinstindi er gengið í gegnum Skælinga, fram hjá svokölluðum Ufsatindum, niður Eldgjá og í Hólaskjól,“ segir Jónas.

Fyrir þá sem kjósa styttri göngu nefnir hann leið í Jökulsárgljúfrum sem kallast Eyjan í Vesturdal eða Svínadalshringurinn. „Um er að ræða létta og þægilega gönguleið sem hentar öllum. Þetta er ekki mjög fjölfarin leið sem vekur furðu því hún er afar fjölbreytt og skemmtileg og ágætlega stikuð og merkt. Gangan hefst við bílastæðið í Vesturdal og er gengið beint suður. Eftir stutta göngu færist slóðin nær klettaveggjum. Gengið er fram hjá Svínadal og yfir að Jökulsá. Þaðan liggur stígurinn meðfram ánni, fram hjá Karli og Kerlingu og aftur inn í Vesturdal.“

### Snæfellsjökulsþjóðgarður

Jónas segir gaman að fara í styttri menningargöngutúra um Snæfellsjökulsþjóðgarð. Ein leið liggur frá Öndverðarnesi að Gufuskálum og er mikið af minjum á leiðinni. „Þetta er ansi hreint fjölbreytt og skemmtileg gönguleið. Eini gallinn er sá að upphafs- og endastaður er ekki sá sami svo skipuleggja þarf gönguna með það í huga. Gangan hefst á vestasta odda Snæfellsnes. Þaðan er farið eftir slóða að Gufuskálum sem er víða stikaður. Best er að halda sig sem næst ströndinni og oftast má finna fínar kindagötur til að fylgja. Klettarnir niður að sjónum eru víða snarbrattir en eigi að síður freistar að kíkja fram af. Þá sést sandborinn botn speglast í grænum og bláum sjónum. Leiðin liggur framhjá Skarðsvík, sem er eina náttúrulega sólarströnd landsins. Leiðin er sjö og hálfur kílómetri að lengd, alveg flöt og á færi flestra.“

### Þingvellir

Fjölbreyttar gönguleiðir liggja um Þingvallaþjóðgarð og eru þær vel stikaðar og merktar. Utan þingstaðarins forna tengjast þær flestar gömlu eyðibýlunum Hrauntúni, Skógarkoti og Vatnskoti sem minna á gamla tíð og lífið í landinu fyrir tíma vélvæðingar. „Um er að ræða nokkurra klukkustunda göngu fyrir alla fjölskylduna,“ segir Jónas.

Nánari upplýsingar er að finna á www.gonguleidir.is en þar er yfirlit yfir áhugaverðar gönguleiðir um allt land og eru þær flokkaðar eftir landshlutum, erfiðleikastigi og lengd.



Þriggja daga gönguleið liggur frá Sveinstindi að Hólaskjóli. Hún þykir með fallegri gönguleiðum landsins.



Snæfellsjökull. MYNDIR/VILHELM



Vesturdalur.

# Ljúffengar veitingar í náttúrunni

Ferðalangar um landið geta nú keypt tilbúna kokkteila og ljúffeng kassavín sem henta vel í útileguna, tjaldhýsið og sumarbústaðinn. Auðveldur, þægilegur og góður kostur í sumarferðalagið.

Nú þarf ekki lengur að finna barþjón á ferðalagi um landið í sumar. Kominn er á markað tilbúinn blandaður kokkteill í kassa, tilbúinn fyrir gæðastund á íslensku sumarkvöldi. Samúel Þór Hermannsson vínþjónn segir að nú sé hægt að blanda hinn fullkomna mojito í bústaðnum, tjaldhýsinu eða á sumarferðalaginu um landið. „Vikingfjord vodka-kokkteilar eru búnir til úr náttúrulegum hráefnum eða Vikingfjord vodka, lime, myntu og hrásykri. Eitt box ætti að duga í um það bil tólf drykki. Svo er upplagt að fylla glasið með klaka og skreyta með myntulaufum og lime.“

Á ferðalagi um landið er líka mjög þægilegt að kippa með hvítvínsbeljunni frá Vinicola del Pais sem nefnist Crin Roja. „Þetta er einstaklega ljúffengt hvítvín. Vínhúsið er nálægt Ciudad Real í Alcázar de San Juan á Spáni sem er eitt besta svæðið í Castilla, hátt yfir sjávarmáli og með gjöfulan jarðveg. Roqueta-fjölskyldan keypti vínhúsið árið 2006 en hún býr yfir meira en aldar reynslu í vínrækt og víngerð.“

Um er að ræða gæðavín sem Vinicola del Pais framleiða úr eigin þrúgum sem nefnast macabeo. „Víngarðurinn er um 600 hektarar og inniheldur dæmigerðar spænskar þrúgur í bland við alþjóðlegar þrúgur. Þar á meðal eru tempranillo, monastrell, cabernet sauvignon, macabeo, arén og syrah. Vínin eru öll framleidd með nýjustu tækni og aðferðum.“ Sannkallaður sumargleðingur á björtum sumarkvöldum.




Hvítvínið Crin Roja fæst í belju og er góður ferðafélagi í sumar.




Nú er lítið mál að blanda fullkominn mojito í bústaðnum, tjaldhýsinu eða á ferðalaginu í sumar. MYND/ANTON

## FRANSKIR DAGAR



**Nú standa yfir Franskir dagar á Fáskrúðsfirði, en þeir hafa verið haldnir árlega frá árinu 1996. Vönduð dagskrá er í dag og á morgun fyrir allan aldur. Meðal fjölmargra viðburða sem boðið er upp á er skoðunarferð um Franska spítalann og harmonikkudansleikur í Skrúði.**


Ertu búinn að fá þér Veiðikortið!

Elliðavatn komið á kortið!




Veiðitímabilið er byrjað. Kr. 6.900.-

www.veidikortid.is


# ÖFLUG VÖRN GEGN SVEPPASÝKINGUM

**ICECARE KYNNIR** *Sigríður Jónsdóttir, ADHD-markþjálfi og áfengis- og vímuefnaráðgjafi, mælir með Bio Kult Candéa fyrir skjólstæðinga sína.*

Ég mæli með Bio Kult Candéa fyrir skjólstæðinga mína. Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitningu í lífi og starfi. Eitt af því sem ég tel skipta miklu máli í því samhengi er jafnvægi í líkamanum og góð flóra. Í gegnum tíðina hef ég því lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvæginu og orkunni og hef prófað þá allra bestu hér á markaðinum hverju sinni," segir Sigríður.

„Mér finnst Bio Kult Candéa vera skjótvirkasta varan sem ég hef prufað hingað til og mæli með Bio Kult fyrir skjólstæðinga mína sem gjarnan eru að glíma við fókus og orkuójafnvægi í lífi sínu og varan hefur reynst vel og borið góðan árangur."

Bio-Kult Candéa er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnaþykkni (e. grape seed extract). Það virkar sem öflug vörn gegn Candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla. Sveppasýking getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti. Einkenni sveppasýkingar geta meðal annars verið munnangur, fæðuóþol, pirringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni og alls kyns húðvandamál.

Bio-Kult Candéa-hylkin henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Þau fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu Icecare, Icecare.is.



**ÁRANGUR** Sigríður Jónsdóttir markþjálfi mælir með Bio-Kult Candéa.





40-70% afsláttur

STÓRÚTSALA

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

SUMARYFIRHAFNIR - SPARIFATNAÐUR - BUXUR - BOLIR - PEYSUR

www.laxdal.is

BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • S: 551 4422

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




HVERNIG NÁST FLUGUR OG FÖST ÓHREININDI AF LAKKINU?




Vertu velkomin í Málningarvörur þar sem þú hittir fyrir fagmenn og færð ráðleggingu um rétt val og notkun á hreinsiefnum fyrir bílinn.

Gerðu snjáð plast og vínil sem nýtt sé, felgurnar óaðfinnanlegar og fáðu aftur fram djúpan upprunalegan gljáa lakksins… og bílinn þinn verður glansandi fínn sem aldrei fyrr!

Opið alla virka daga 8-18

MÁLNINGARVÖRUR
Lágmúla 9 | Sími 581 4200




LÁGMÚLI 9 BAKHÚS




**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,**
sverrirbs@365.is, s. 512 5432
**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kolli@365.is, s. 512-5447









**SÝNA Í KAFFISTOFUNNI** Hópurinn sýnir listir sínar í Kaffistofunni á mánudaginn. MYND/MATTHÍAS SIGURÐSSON

# INNRÁS LISTNEMA

**ÍSLENSKIR LISTNEMAR ERLENDIS** *Ásgerður Birna Björnsdóttir og Halla Einarsdóttir hafa stofnað Félag íslenskra listnema erlendis. Félagið stendur nú að sýningunni VELALL sem verður opnuð á mánudag í Kaffistofunni á Hverfisgötu.*

Ásgerður Birna Björnsdóttir stundar nám í myndlist í Rietveld-háskólanum í Hollandi. Nýlega stofnaði hún Félag íslenskra listnema erlendis, eða FÍLE, ásamt skólasystur sinni, Höllu Einarsdóttur.

**ÓÞEKKTUR LISTNEMI Í KÍNA**

Birna segir Höllu hafa fengið hugmyndina þegar hún horfði á fréttatímann eitt kvöldið. „Það var verið að sýna frá listahátíð í Kína og tekið var viðtal við einn hópstjórann, sem var titlaður sem listnemi í Kína. Hún varð þá dálítið hissa og hugsi yfir því að einhvers staðar í Kína væri strákur að læra myndlist, sem hún vissi ekkert hver væri!“

Í framhaldinu kom Halla að máli við Birnu og þær ákváðu í sameiningu að stofna félagið. „Það er mikil vöntun á félagi sem þessu,“ segir hún. „Maður veit ekkert hvert maður á að snúa sér til að vita hverjir eru að læra í útlöndum eða fá upplýsingar um námið. Það kemur sér mjög vel að hafa einhvers konar gagnagrunn, ekki síst fyrir þá sem langar út í listnám.“

**ALLAR LISTGREINAR**

Öllum íslenskum listnemum sem stunda nám í útlöndum er frjáls aðgangur að félaginu, óháð listgrein. „Eins og stendur samanstendur hópurinn nær eingöngu af myndlistar- og tónlistarnemum, en við vildum gjarnan sjá sviðslistafólk bætast í hópinn sem og aðrar listgreinar,“ segir Birna. Hún bætir enn fremur við að í upphafi verði félagið ein heild, en í framtíðinni vonist þær til að félagið verði svo fjölmennt að því verði skipt í undirdeildir eftir listgreinum.

En hvernig gengur að henda reiðu á íslenskum listnemum sem dreifðir eru um allan heim? „Við byrjuðum bara á því að búa til hóp á Facebook og bæta í hann öllum þeim sem við vissum að væru í listnámi í útlöndum. Við báðum þá svo að gera slíkt hið sama og þannig stækkaði hópurinn,“ útskýrir Birna.



**LÆRIR Í AMSTERDAM** Ásgerður Birna Björnsdóttir stundar nám í myndlist við Gerrit Rietveld Academie í Amsterdam. Hún hefur nú stofnað Félag íslenskra listnema erlendis, ásamt skólasystur sinni, Höllu Einarsdóttur. MYND/STEFÁN

„Hópurinn er enn þá lítill, en sífellt að stækka.“

**OPNA SÝNINGU**

Nokkrir meðlimir hópsins sem staddir eru hér á landi í sumar undirbúa nú sýningu sem opnar í Kaffistofunni á Hverfisgötu á mánudaginn. Sýninguna nefna þau VELALL, sem er skammstöfun fyrir setninguna „Við erum líka að læra list“. Birna segir sýninguna og félagið afar mikilvægt fyrir hópinn. „Þetta er gott fyrir okkur til að koma okkur á framfæri hérna á Íslandi,“ segir Birna. „Þegar maður er úti í námi er maður einhvern veginn ekki í klíkunni hér heima og oft erfitt að koma því sem maður er að gera á framfæri.“

**MYNDLIST OG LIFANDI TÓNLIST**

Þátttakendur í sýningunni eru fjórir tónlistarnemar og sjö myndlistarnemar. Flest eru þau við nám í Hollandi, líkt og Birna og Halla, þó ekki alveg öll. „Til dæmis er ein stelpa sem er að læra í San Francisco , sem við þekktum ekki og ekkert okkar hafði hitt áður. Henni leist bara svo vel á hugmyndina að hún vildi vera með og er með okkur í stjórninni,“ segir Birna. „Ég var bara að hitta hana í fyrsta skipti í sumar eftir að hafa verið í sambandi við hana í allan vetur.“

„Sýningin er í rauninni allra fyrsta skrefið sem félagið tekur formlega,“ segir Birna. „Við vildum gera eitthvað til að vekja athygli á félaginu svo þeir sem hafa áhuga geti skráð sig, eða þeir sem eru að spá í að fara í listnám erlendis geti komið og fengið upplýsingar.“ Sýningin opnar á mánudaginn kl 20.00 og verður opin fram á miðvikudag.

Allir eru velkomnir á sýninguna og áhugasömum er enn fremur bent á heimasíðu félagsins, www.listnemarerlendis.is. Þar er hægt að skrá sig í félagið og nálgast allar helstu upplýsingar.

Áætlað er að safna upplýsingum um félagsmenn í gagnagrunn, svo auðvelt verði að finna tengiliði í öllum helstu skólum erlendis. „Það er til dæmis mjög þægilegt fyrir þá sem stefna á nám í útlöndum að geta haft samband við einhvern sem stundar nám við skólann.“

**EKKI FUNDINN ENN**

En er listneminn í Kína fundinn sem var kveikjan að þessu öllu saman? „Nei, við höfum ekki enn fundið hann. Við vonum sannarlega að hann bætist í hópinn bráðlega,“ segir Birna og hlær.

■ halla@365.is






**FJÖLMENNI**
5.000 manns mættu í gönguna í fyrra og er stefnt á 10.000 í ár.




# OFBELDI ALDREI ÞOLANDANUM AÐ KENNA

**MIKILVÆG BARÁTTA** *Þriðja druslugangan fer af stað frá Hallgrímskirkju í dag klukkan tvö. Búist er við miklum fjölda þátttakenda.*

Í fyrsta skipti sem gangan var haldin á Íslandi mættu í kringum 3.000 manns, í fyrra voru þátttakendur 5.000 og í ár stefnum við á 10.000,“ segir María Rut Kristinsdóttir, talskona göngunnar í ár.

Druslugangan fer af stað í þriðja sinn í dag og hefst klukkan tvö. Gengið verður frá Hallgrímskirkju, niður Skólavörðustíg, Bankastræti, Austurstræti og endað á Austurvelli þar sem við taka tónlistaratriði og ræðuhöld.

Fyrsta druslugangan var farin í Toronto í Kanada árið 2011 þegar lögreglustjórinn í borginni sagði konum að forðast að klæða sig eins og druslur svo þær yrðu ekki fórnarlömb, líkt og það væri þeim að kenna að þær yrðu fyrir ofbeldi.

Markmið göngunnar er að fá umræðuna um kynferðisofbeldi gegn konum og körlum upp á yfirborðið svo ekki sé litið á það sem einkamál. Með umræðunni er reynt að gera öllum ljóst að ábyrgðin er undantekningalaust á gerandanum en ekki þolandanum.

„Brotaþolar upplifa oft sektarkennd og samvikubit ef þeir hafa verið beittir ofbeldi og við viljum að fólk viti að það á alltaf að stíga fram og að ofbeldið sé aldrei þeim að kenna,“ segir María.

Eftir að Druslugangan kom til sögunnar hefur umræðan um þessi mál aukist og það hefur orðið mikil vakning í samfélaginu. „Það hvílir mikil ábyrgð á samfélaginu þegar kemur að kynferðisofbeldi. Viðbrögð fólks við fréttum af slíkum málum eru mismunandi. Fyrstu viðbrögð hjá mörgum eru að hugsa með sér að manneskjan hafi verið klædd efnislitlum fötum eða verið ofurölvi. Það er hins vegar gífurlega mikilvægt að allir viti að ofbeldisbrot eru aldrei þolandanum að kenna,“ segir María.

Nafnið á göngunni hefur vakið mikla athygli, enda á ekkert að vera til sem heitir að vera drusla. „Nafngiftin hefur verið gagnrýnd en hún er ákveðin ádeila. Í fyrra var hún kölluð Meint Drusluganga þar sem alltaf er talað um meinta nauðgun í fjölmiðlum en aldrei meint morð eða meintan þjófnað sem er alveg úr takt við tímann. Eftir göngunni í fyrra hefur slíkum fyrirsögnum fækkað mikið,“ segir María.

Druslugangan verður einnig haldin á Akureyri en hún hefst klukkan tvö og fer af stað frá Akureyrarkirkju. Það er mikilvægt að allir sem styðja málstaðinn mæti í gönguna og láti í sér heyra. Ekki er ætlast til þess að fólk mæti í efnislitlum fötum þrátt fyrir nafn göngunnar en það er þó auðvitað velkomið.

■ gunnhildur@365.is



**ÁRÍÐANDI BOÐSKAPUR**
Talskona göngunnar í ár er María Rut Kristinsdóttir.
MYND/ARNÞÓR

# SNORRI HELGA Á GLJÚFRASTEINI

*Stofutónleikar á Gljúfrasteini eru afar vel sóttir. Ljúfir tónar berast frá þessu gamla menningarheimili á hverjum sunnudegi á sumrin.*

Tónlistarmaðurinn Snorri Helgason kemur fram í stofunni á morgun og flytur frumsamda tónlist af plötum sínum í bland við nýrra efni af væntanlegri hljómplötu Autumn Skies sem kemur út í haust. Einnig flytur Snorri útsetningar sínar af bandarískum og breskum þjóðlögum.

Snorri hefur skapað sér gott orð sem tónlistarmaður bæði hér á landi sem utanlands. Tónlist hans er nokkurs konar þjóðlagapoppbræðingur þar sem sterkar melódíur og kassagítarinn eru í forgrunni. Tónleikarnir hefjast kl. 16 og aðgangseyrir er 1.000 krónur.

Stofutónleikar hafa verið á Gljúfrasteini frá árinu 2006 en Halldór Laxness var mikill áhugamaður um tónlist og tónlistarflutning. Tónlistarflutningur er því mikilvægur þáttur í uppbyggingu sem á sér stað á Gljúfrasteini. Þess utan er heillandi andrúmsloft og mikill sjarmi á þessu gamla, þekkta menningarheimili.



**NÝTT OG GAMALT**
Snorri Helgason flytur frumsamda tónlist á Gljúfrasteini á morgun.






Minna að fletta **meira að frétta**

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

**visir.is**




**BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN**

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

FITON / SÍA


Nú er komið app fyrir Fréttablaðið:
App sem þú þarft
Nýtt í spjaldtölvuna og snjallsímann
FBL
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Nú er hægt að nálgast Fréttablaðið hvar sem er, á hverjum morgni. Sláðu inn **Fréttablaðið** á Google Play, Windows store eða í App store og náðu í appið.
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ

GEÐHJÁLP

# Framkvæmdastjóri og ráðgjafi

*Félagið Geðhjálp var stofnað 9. október 1979 og er baráttu- og hagsmunasamtök einstaklinga sem glíma við geðheilbrigðisvandamál, aðstandenda þeirra og annarra sem láta sig málaflokkinn varða.*

*Tilgangur félagsins er að vinna að geðheilbrigðismálum með valdeflingu og með bættan hag barna og fullorðinna sem eiga við geðheilbrigðisvandamál að stríða að leiðarljósi.*

*Félagið vinnur að tilgangi sínum meðal annars með því að sinna hagsmunagæslu, að standa vörð um mannréttindi og eflingu samtakamáttar.*

**www.gedhjalp.is**

## Félagið Geðhjálp auglýsir tvær stöður lausar til umsóknar

### Framkvæmdastjóri

**Ábyrgðarsvið**

- Daglegur rekstur og umsjón með starfi félagsins
- Talsmaður félagsins á opinberum vettvangi
- Þátttaka í nefndum og hópum fyrir hönd félagsins
- Fjáröflun og áætlanagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á stjórnsýslu og starfsemi hins opinbera
- Áhugi á geðheilbrigðismálum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti sem og gott vald á ensku
- Reynsla af stefnumótun, áætlanagerð og verkefnastjórnun æskileg
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð

### Ráðgjafi á sviði geðheilbrigðismála

**Helstu verkefni**

- Almenn ráðgjöf og upplýsingagjöf til notenda geðheilbrigðisþjónustu og aðstandenda þeirra
- Ráðgjöf um réttindamál
- Fræðsla um geðheilbrigðismál
- Aðkoma að hagsmunagæslu

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði félagsvísinda eða heilbrigðisþjónustu æskileg
- Lipurð og gott innsæi í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Reynsla af geðheilbrigðismálum æskileg - eigin reynsla er kostur
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti sem og gott vald á ensku

*Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 7. ágúst nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi viðkomandi í starfið.*

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir




# Spennandi tækifæri til að taka þátt í þróun farsímakerfa

Síminn leitar að öflugum sérfræðingi á sviði virðisaukandi þjónustu í farsímakerfum. Starfið felur í sér rekstur og þróun skilaboðakerfa Símans (SMS, MMS) og rekstur stillingakerfa fyrir SIM kort og handtæki. Auk þess er um að ræða rekstur og þróun/forritun á ýmsum tengdum kerfum og nýjum lausnum sem tengjast farsímaþjónustu.

**Menntun og hæfni:**

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða tölvunarfræði
- Reynsla af Java forritun og rekstri Linux netþjóna
- Reynsla af Python eða PHP æskileg
- Þekking á uppbyggingu þráðlausra fjarskiptakerfa æskileg

**Persónueinkenni:**

- Jákvæðni og frumkvæði
- Mikil samskiptalipurð og hæfni til að vinna í hópi
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð
- Heilindi og vinnusemi

Umsóknarfrestur er til og með 11. ágúst 2013

Fyrirspurnir berist til Halldóru Jónsdóttur (halldoraj@skipti.is).
Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum www.siminn.is

Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.

Ásta Andrésdóttir, sérfræðingur

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM58602



Mýrdalshreppur

# Lausar stöður í Mýrdalshreppi:

**Við Víkurskóla í Vík, sem er sameinaður leik-, grunn-, og tónskóli, er laus til umsóknar staða:**

**Deildarstjóra leikskóladeildar**

- 100 % staða deildarstjóra við leikskóladeild Víkurskóla er laus til umsóknar frá og með 1. september 2013.

Laun skv. kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til 6. ágúst nk.**

**Nánari upplýsingar veitir: Ragnhildur Einarsdóttir skólastjóri**
**S. 487 1242 eða 845 4270 ragnhildur@vik.is**

**Við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hjallatún er laus til umsóknar staða:**

**Hjúkrunarfræðings/verkefnisstjóra**

- 80% staða hjúkrunarfræðings við Hjallatún er laus til umsóknar. Um er að ræða stöðu verkefnisstjóra 2 sem vinnur dagvaktir, kvöldvaktir og bakvaktir eftir samkomulagi.

Laun skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
Umsóknarfrestur er til 6. ágúst nk. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Nánari upplýsingar veitir: Guðlaug Guðmundsdóttir hjúkrunarforstjóri**
**s. 868 181 hjallatun@vik.is**

**Vík í Mýrdal**

**Fjölskylduvænt samfélag í fallegu umhverfi.**

Mýrdalshreppur er um 500 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta og frábær aðstaða til allrar almennrar íþróttaiðkunar.

Náttúrufegurð er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið.

Hjallatún er lítið og hlýlegt hjúkrunarheimili. Þar dvelja 18 heimilismenn í 12 hjúkrunarrýmum og 6 dvalarrýmum.

Hjallatún

***Mýrdalshreppur - Austurvegi 17 - 870 - Vík***

---

mast Matvælastofnun

## Eftirlitsdýralæknir í Suðvesturumdæmi

Matvælastofnun óskar eftir að ráða eftirlitsdýralækni í 100% starf á umdæmisskrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík.

**Helstu verkefni:**
- Eftirlitsstörf á sviði matvæla og dýravelferðar
- Inn- og útflutningseftirlit með dýrum
- Heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum
- Samskipti við opinberar stofnanir
- Umsjón með tilteknum málaflokkum á verksviði umdæmisskrifstofunnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Dýralæknismenntun
- Æskilegt að umsækjandi hafi starfað við opinbert eftirlit
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Konráð Konráðsson, héraðsdýralæknir konrad.konradsson@mast.is í síma 530 4800. Umsókn ásamt ferilskrá og afriti af prófskírteini skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, eða í tölvupósti á netfangið starf@mast.is merkt **„Eftirlitsdýralæknir í Suðvesturumdæmi“.**

**Umsóknarfrestur er til og með 11. ágúst 2013.**
Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Sjá nánar um stofnunina á www.mast.is

---

# Prófarkalesarar

**-Vanir prófarkalesarar óskast til starfa á Fréttablaðinu.**

Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf.
Prófarkalesari þarf að hafa góða tilfinningu fyrir íslensku máli og búa yfir framúrskarandi stafsetningarkunnáttu.
Auk þess þarf hann að vera nákvæmur í vinnubrögðum og hafa gott auga fyrir útliti blaðsins.
Próf í íslensku eða málvísindum er æskilegt en ekki skilyrði.
Hlutastarfið gæti til dæmis hentað vel með námi í annarri hvorri þessara greina.



**Frekari upplýsingar veitir Sæmundur Freyr Árnason, framleiðslustjóri Fréttablaðsins, sfa@frettabladid.is.**
**Áhugasamir sæki um starfið ekki síðar en 15. ágúst nk. Eingöngu er tekið við umsóknum á vef 365 miðla – www.365midlar.is.**

365

---

CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.**

Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

Á hverju ári ráða Capacent Ráðningar hundruð einstaklinga í störf hjá fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum sem og hjá sveitarfélögum og opinberum stofnunum.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

## Heildverslunin Regalo ehf

UMBOÐSAÐILI FYRIR
TIGI & MOROCCANOIL HÁRVÖRUR
AUGLÝSA EFTIR HÁRFAGMANNI TIL STARFA.
STARFIÐ FELST Í SÖLU OG MENNTUN.

BED HEAD TIGI

MOROCCANOIL

**Fyrirspurnir og umsóknir sendast á umsoknir@tigi.is til 8 ágúst.**

## YFIRÞJÓNN FRAMREIÐSLUMENN OG NEMAR

Grand HÓTEL REYKJAVÍK



Óskum eftir faglærðum yfirþjóni, framreiðslumönnum og þjónanemum. Um er að ræða 100% störf og unnið er á vöktum.

**Almennar hæfniskröfur**

- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi tali íslensku og ensku
- Snyrtimennska og stundvísi

**Umsóknir skulu sendast á starf@grand.is**

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík / grand.is

## Míla leitar að öflugum deildarstjóra á fjármálasviði



Míla ehf. leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf deildarstjóra hjá fjármálum Mílu.

Starfið felst fyrst og fremst í tekjueftirliti ásamt því að vinna að kostnaðargreiningum, öðrum greiningum og fjárhagslegri skýrslugerð.

### Menntun og reynsla

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegum störfum nauðsynleg
- Góð tölvukunnátta; þekking á SAP tölvukerfinu er kostur, færni í Excel er áskilin
- Gott vald á íslensku og ensku er nauðsynlegt
- Þekking á fjarskiptaumhverfi er kostur

### Persónulegir eiginleikar

- Sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð greiningarhæfni
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir óskast fylltar út á www.mila.is undir **starfsumsókn**.

Umsóknarfrestur er til og með **5. ágúst** nk.

**Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er lífæð samskipta.**

**Gildi Mílu eru virðing, forysta og traust.**

míla *Lífæð samskipta*

*Míla ehf. • Suðurlandsbraut 30 • Sími 585 6000 • www.mila.is*

ENNEMM / SÍA / NM57360

# Ert þú frábær?

## Innkaupafulltrúi í gjafavöru

**Starfssvið:**
- Samskipti við erlenda og innlenda birgja
- Vinnsla pantana, birgðaskráning/vörunúmeraskráning
- Fylgjast með vöruframboði og veltuhraða
- Þjónusta við söludeildir og verslanir
- Vinnur að innkaupaáætlun í samvinnu við vörustjóra
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á Navision er kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á ensku, talaðri og ritaðri
- Vera frábær

## Sölufulltrúi í fyrirtækjaþjónustu

**Starfssvið:**
- Heimsóknir til viðskiptavina og viðhald á viðskiptatengslum
- Myndun nýrra viðskiptatengsla
- Vinnsla tilboða og eftirfylgni
- Samningagerð og viðhald þeirra
- Stofnun og viðhald á tengiliðaskrá
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sölumennsku
- Rík þjónustulund, sjálfstæði og sveigjanleiki
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta, reynsla á Navision er kostur
- Bílpróf
- Vera frábær

## Vefstjóri

**Starfssvið:**
- Vefstjóri starfar á markaðssviði
- Umsjón og þróun með innri og ytri vefjum fyrirtækisins
- Stýring og þróun á vildarklúbbi Eymundsson
- Samskipti við aðila sem þjónusta vefi fyrirtækisins
- Stýring og þróun samfélagsmiðla
- Yfirumsjón um vefverslun
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Brennandi áhugi á vefmálum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Geta lesið úr tölulegum staðreyndum í vefmælingum
- Hafa markaðslega þekkingu
- Þekking á forritun og reynsla af myndvinnslu er mikill kostur Mjög
- gott vald á íslensku
- Þekking á Navision er kostur
- Vera frábær

Um framtíðarstörf er að ræða og er æskilegt að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir og fyrirspurnir á hildurh@penninn.is fyrir 7.ágúst nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4

PENNINN | Eymundsson Stofnað 1872

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is



## STÆRSTA TÍMARITAÚTGÁFUFÉLAG Á ÍSLANDI AUGLÝSIR EFTIR

# VIÐSKIPTASTJÓRA

### Ertu hress og hefur áhuga á sölu- og markaðsmálum?

Birtíngur útgáfufélag er umfangsmesta tímaritaútgáfa landsins og er í mikilli sókn. Fyrirtækið gefur út 9 tímarit og ýmis sérrit, en þau eru Gestgjafinn, Hús og híbýli, Heilsan, Júlía, Mannlíf, Nýtt líf, Sagan öll, Séð og Heyrt og Vikan. Markmið Birtíngs er að gera lífið skemmtilegra. Góð árangurstengd laun eru í boði fyrir réttan aðila.

**Hæfniskröfur**
Reynsla í að selja til fyrirtækja
Hressleiki
Hæfni í mannlegum samskiptum
Áhugi á markaðsmálum
Sjálfstæði
Söluhæfileikar

**Áhugasamir sendið umsókn strax á arnithor@birtingur.is**
**Umsóknarfrestur er til 10 ágúst 2013**

SÉÐ OG HEYRT | VIKAN | NÝTT LÍF | HÚS OG HÍBÝLI | Gestgjafinn | Júlía | SAGAN ÖLL | MANNLÍF

**BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG | LYNGÁSI 17 | 210 GARÐABÆ**
**S: 515-5500 | WWW.BIRTINGUR.IS**

BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG

---

## Íþróttafulltrúi og þjálfari

UMFK STOFNAÐ 1938

Ungmennafélag Kjalnesinga óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling til starfa. Íþróttafulltrúi sér um skipulagningu og framkvæmd íþróttastarfs á Kjalarnesi.

**Starfssvið:**
- Skipulagning á íþróttastarfi félagsins
- Samstarf við önnur félög
- Samstarf við aðrar stofnanir á svæðinu
- Stefnumótun og verkefnastjórnun
- Forvarnarstarfi
- Þjálfun

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði íþrótta og tómstundamála
- Reynsla er nýtist í starfi æskileg
- Skipulagshæfileikar
- Þjónustulund
- Samviskusemi
- Frumkvæði

Ungmennafélaga Kjalnesinga starfar á Kjalarnesi og hefur staðið fyrir öflugu íþróttastarfi fyrir börn á unglinga á svæðinu. Síðastliðið ár hefu verið lögð áhersla á einstaklingsíþróttir, eins og frjálsar, sund, íþróttafjör fyrir leiksskóla börn og börn á yngsta stigi grunnskólans. Félagið starfar í mikilli samvinnu við grunnskólann á svæðinu. Í boði er fjölbreytt og skemmtilegt starf í fjölbreyttu umhverfi við borgar mörkin.

Umsóknum, ásamt ferilskrá sendist til gudrun.formadur@gmail.com fyrir **1. ágúst n.k.**

---

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér

Barnaheill Save the Children á Íslandi

---

# 365 óskar eftir snjöllum hugbúnaðarmönnum

365

365 miðlar eru að leita að **snjöllum hugbúnaðarmönnum** í þróunarteymi sem mun umbylta efnisveitu á Netinu eins og hún þekkist í dag.

## Sjóðheitur hugbúnaðarmaður

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á java, python, sql, rest/json git og linux. Góð grundvallar þekking á JS, jQuery, CSS og HTML er einnig nauðsynleg. Ef í þér býr eldmóður og ert að leita þér að starfi þar sem beitt er nútímalegum aðferðum við úrlausn verkefna þá bjóðum við upp á vinnustað þar sem þú getur bætt við þekkingu þína og vaxið sem einstaklingur.

Við keyrum agile-verklag, og lean startup hugmyndafræðina. Við hugsum eins og frumkvöðlar.

Háskólamenntun í tölvunarfræðum eða sambærileg reynsla ásamt amk. 2 ára reynsla í starfi er skilyrði.

## Sérfræðingur í samþættingu kerfa

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á ferlum „Enterprise Serviec Bus", skeytamiðlurum og hafa reynslu af því að samþætta hugbúnaðarkerfi með þessum aðferðum.
Góð þekking á Java, Rest/Json, http/SOAP og XML er einnig nauðsynleg. Þekking á Mule ESB er einnig mjög góður kostur en ekki skilyrði.
Þú munt taka þátt í þróun þar sem þú þarft að tileinka þér eru hugtök eins og „loose coupling", „SOA".
Við leitum að úrræðagóðum einstaklingi með góða greiningarfærni og sér lausnir í stað vandamála.
Háskólamenntun í tölvunarfræðum eða sambærileg reynsla ásamt amk. 2 ára reynsla í starfi er skilyrði.

**Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.**
**Sótt er um á vef 365 miðla, 365midlar.is. Umsóknarfrestur er til og með 2. ágúst nk.**

365 Miðlar ehf. Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | Sími 512 5000

## Skrifstofu- og bókhaldsstarf í norður Noregi

Óskum eftir starfskrafti í bókhald og almenn skrifstofustörf sem fyrst

**Starfssvið:**
Færsla bókhalds, almenn skrifstofustörf s.s. launaútreikningur, samskipti við birgja/kaupendur og annað tilfallandi.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla og þekking á bókhaldi
Kunnátta í norsku eða öðru norðurlandamáli og ensku
Sjálfstæð vinnubrögð, vandvirkni og snyrtimennska

Vinsamlegast sendið umsóknir fyrir 15. ágúst 2013 á albert.eggerts@gmail.com eða haraldur.arni@gmail.com

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Lausar stöður í grunnskóla**
**Skólaárið 2013 - 2014**

**Áslandsskóli** (664 5501 leifur@aslandsskoli.is)
Almenn kennsla á miðstigi
Skólaliði

Allar upplýsingar veitir skólastjóri, Leifur S. Garðarsson.
Sjá einnig heimasíðu skólans.

**Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí 2013.**

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

*Fræðslustjórinn í Hafnarfirði*

---



TOYO TIRES *driven to perform*

BFGoodrich TAKE CONTROL

MAXXIS

INTERSTATE TIRES

benni.is

# Starfsmenn á hjólbarðaverkstæði

Vegna aukinna umsvifa leitum við að starfsfólki á hjólbarðaverkstæðin okkar (fólksbíla- og vörubílaverkstæði). Við leitum af starfsmönnum í eftirfarandi störf:

### Verkstjórn:
Ef þú ert með mikla reynslu af verkstjórn á hjólbarðaverkstæði og ert vanur að selja dekk - þá passar þú vel inn í okkar lið.

### Umfelganir:
Eingöngu sterkir og hressir hjólbarðareynsluboltar koma til greina. Ekki er verra að fá aðila sem hafa komist í tæri við vörubíladekk og hafa kraftana.

### Smáviðgerðir:
Ef þú ert bifvélavirki eða með reynslu af bílaviðgerðum, langar í skemmtileg verkefni og taka einstaka sinnum í dekk - þá ert þú okkar maður.

Við viljum fá bestu mennina sem hafa áhuga á að taka þátt í að gera hjólbarðaverkstæðin okkar enn betri. Við viljum hafa gaman í vinnunni og viljum bara hressa menn með góða þjónustulund.

Ef að þú telur þig uppfylla ofangreint þá sendu okkur umsókn á olafur@benni.is eða hringdu í Ólaf í síma 825 2240. Ekki hika og sendu okkur umsókn eða hafðu samband fyrir 6. ágúst nk.

Reykjavík NESDEKK Reykjanesbæ

**Nesdekk - Dekk, smur og smáviðgerðir**
Reykjavík • Gjóthálsi 10 • Sími: 561 4200
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9 • Sími: 420 3333

Bílabúð Benna — Sérfræðingar í bílum

**Bílabúð Benna - Dekkjaverkstæði**
Reykjavík • Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045
Reykjavík • Tangarhöfða 15 • Sími: 590 2080

---

HEKLA

# Framkvæmdastjóri

*HEKLA hf er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar og hefur verið söluhæsta bifreiðaumboðið á Íslandi undanfarin ár, með ríflega 25% markaðshlutdeild á síðasta ári.*

*HEKLA er með fimm söluumboð á Íslandi - á Akureyri, Selfossi, Reykjanesbæ, Akranesi og Ísafirði. Höfuðstöðvar félagsins eru við Laugaveg 170 – 174 í Reykjavík.*

*Um 120 manns starfa hjá HEKLU hf. Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir. HEKLA hf var stofnað árið 1933 af Sigfúsi Bjarnasyni. HEKLA fagnar því á árinu 80 ára afmæli og hefur verið umboðsaðili Volkswagen á Íslandi í 60 ár.*

**Nánari upplýsingar á www.hekla.is**

## Hekla auglýsir tvær stöður lausar til umsóknar

### Framkvæmdastjóri þjónustusviðs

**Ábyrgðarsvið**

- Ábyrgð á afkomu og rekstri þjónustusviðs
- Gæðastjórnun í samræmi við gerðar kröfur
- Eftirfylgni og umbætur verkferla
- Áætlana- og skýrslugerð
- Markaðsmál sviðsins í samvinnu við markaðsstjóra
- Samskipti við deildastjóra, birgja og ábyrgð á þjónustuneti
- Seta í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Næsti yfirmaður er forstjóri

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Framúrskarandi árangur í sambærilegu starfi
- Ferlamiðuð hugsun, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Stjórnunarhæfileikar og drifkraftur
- Mikil þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög gott vald á ensku í ræðu og riti

### Framkvæmdastjóri sölusviðs

**Ábyrgðarsvið**

- Ábyrgð á afkomu og rekstri sölusviðs
- Áætlanagerð, framkvæmd og skipulagning söluherferða, árangursmælingar og sölugreiningar
- Yfirumsjón með daglegri starfsemi söludeilda umboða
- Markaðsmál sviðsins í samvinnu við markaðsstjóra
- Gæðastjórnun í samræmi við gerðar kröfur
- Samskipti við deildastjóra, sölustjóra og birgja
- Seta í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Næsti yfirmaður er forstjóri

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Víðtæk reynsla af sölustjórnun og framúrskarandi árangur í sambærilegu starfi
- Árangursmiðuð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Stjórnunarhæfileikar og drifkraftur
- Mikil þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög gott vald á ensku í ræðu og riti

*Nánari upplýsingar um störfin veita Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starf þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi viðkomandi í starfið.*

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

**Gæðabakstur Ömmubakstur ehf** auglýsir eftir **Bakara** í 100% starf.

**Starfssvið:**
Bakstur,vöruþróun,

**Hæfniskröfur:**
-Hafa reynslu
-Stundvísi og reglusemi
-snyrtilegur
-Góð skipulagsfærni
-Góð mannleg samskipti

Umsóknum ásamt ferilskrá skal senda fyrir 31.07.2013
á Villi@gaedabakstur.is

---

**Gæðabakstur Ömmubakstur ehf** auglýsir eftir **Sölumanni** í 50% starf á **Akureyri,** verður að hafa bíl til umráða.

**Starfssvið:**
Sjá um allt sem viðkemur okkar vörum í verslunum á Akureyri, áfylling,útkeyrsla og fl.

**Hæfniskröfur:**
-Stundvísi og reglusemi
-Snyrtileg/ur
-Góð skipulagsfærni
-Góð mannleg samskipti

Umsókn ásamt ferilskrá sendist fyrir 31.07.2013 á bryndis@gaedabakstur.is

---

» **Ráðningarþjónusta**

# Gæða- og verkefnastjóri

Þjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða gæða- og verkefnastjóra. Um fullt starf er að ræða.

## » Starfssvið

- Umsjón og innra eftirlit með umhverfis- og gæðastjórnunarkerfi, ásamt þróun þess
- Umsjón og eftirlit með starfsstöðvum, lager og útkeyrslu
- Starfsmannatengd vinna með yfirmönnum
- Móttaka, skipulagning og skil á skammtímaverkefnum
- Ýmis verkefni með yfirstjórnendum s.s. þróun vinnuumhverfis, markaðssetning, innkaup, viðhald ofl.

## » Hæfniskröfur

- Háskólamenntun er nýtist í starfi
- Framúrskarandi vald á íslensku í töluðu og rituðu máli
- Gott vald á ensku í töluðu og rituðu máli
- Mjög góð tölvukunnátta, reynsla af Apple og Filemaker kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun og/eða rekstri gæðastjórnunarkerfis kostur
- Talnagleggni og auga fyrir smáatriðum
- Geta til að nálgast vandamál sjálfstætt og lausnamiðað

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**



HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

Brammer Group er leiðandi fyrirtæki í Evrópu sem dreifingaraðili á iðnaðar-rekstrarvöru, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæða vörur og sveigjanlega þjónustu. Þessi framúrskarandi þjónusta er okkar góða starfsfólki fyrst og fremst að þakka.
Brammer á Íslandi starfrækir vöruhús staðsett inni á svæði Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Brammer sér um innkaup og lagerhald, ásamt tæknilegri ráðgjöf fyrir Alcoa Fjarðaál og veitir 24 tíma þjónustu allt árið um kring. Einnig starfrækir Brammer verslun í Hafnarfirði og skrifstofu í Reykjavík. Brammer er ört stækkandi fyrirtæki á Íslandi með um 40 starfsmenn.

BRAMMER

**Brammer auglýsir starf fyrir nýútskrifaðan einstakling í tæknifræði, verkfræði við starfs-stöð sína á Reyðarfirði laust til umsóknar.**

**Starfslýsing**
Brammer leitar að áreiðanlegum, samviskusömum og áhugasömum starfsmanni í þjónustu við álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði. Starfið er í Graduate prógrami Brammer Group sem snýst um að starfsmaður fái að taka á sem flestum þáttum starfsins, þar á meðal að starfa á annarri starfsstöð Brammer í 6 mánuði, í Evrópu eða í Reykjavík.

**Það sem Brammer býður:**
- alþjóðlegt umhverfi
- samkeppnishæf hlunnindi
- krefjandi og spennandi verkefni

**Hæfniskröfur**
*Við leitum að:*
- einstaklingi með tæknifræði- eða verkfræðimentun tengt iðnaði og vélbúnaði
- einstaklingi með ríka þjónustulund
- einstaklingi með góða tölvukunnáttu
- einstaklingi með góða samskiptafærni á íslensku og ensku

**Annað**
Þetta er spennandi valkostur hjá fyrirtæki sem vinnur í nánu samstarfi við Alcoa Fjarðaál sem og Alcoa Inc.
Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um starfið.

**Tengiliður Brammer**
Fyrirspurnir vegna starfsins má senda til Jóhanns Eðvalds Benediktssonar á netfangið johann.benediktsson@brammer.biz.

Skilyrði að senda umsókn ásamt ferilskrá á íslensku og ensku með pósti á heimilisfangið
**Brammer á Íslandi**
B.t. Jóhann Eðvald Benediktsson
Hraun 1
730 Reyðarfjörður
http://www.brammer.is

**Starfshlutfall**
Fullt starf.
**Dagsetning ráðningar**
Sem fyrst

**Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst 2013**

---

# Sölufulltrúar í söluver

**– 365 miðlar óska eftir öflugum sölufulltrúum.**

Við leitum að kátu og skemmtilegu fólki sem kann að spjalla og hefur áhuga á að vinna í lifandi og spennandi umhverfi. Um er að ræða hlutastarf. Starfið fellst í sölu á vörum og þjónustum 365

Hæfniskröfur:
- Áhugi á sölumennsku.
- Áhugi á sjónvarpi, snjallsímum, spjaldtölvum og tækni.
- Ábyrgð og heiðarleiki.
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Sjálflærðir sölumenn eru velkomnir.

**Áhugasamir vinsamlegast sækið um á www.365.is. Störf hjá 365, merkt „Söluver“.**
**Nánari upplýsingar veitir Benedikt Freyr, benediktj@365.is.**



365

VESTURBYGGÐ Tálknafjörður

## Forstöðumaður Tæknideilar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur auglýsa eftir kröftugum einstaklingi til þess að veita tæknideildum sveitarfélaganna forstöðu. Leitað er eftir verkfræðingi eða tæknifræðingi með mikla reynslu á sviði skipulags- og byggingarmála.
Forstöðumaður Tæknideildar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps hefur yfirumsjón með skipulags-og byggingarmálum og öllum verklegum framkvæmdum og viðhaldi á vegum sveitarfélaganna. Forstöðumaðurinn hefur forystu um faglegan undirbúning við mótun stefnu sveitarfélagsins á sviði skipulags- og byggingamála á hverjum tíma og er skipulags og byggingarnefndum, bæjar-og sveitarstjóra og sveitarstjórnum til ráðgjafar á því sviði og sér um að lögum um mannvirki nr. 160/2010, skipulagslög nr. 123/2010 og öðrum lögum og reglugerðum varðandi byggingarmál í sveitarfélaginu sé framfylgt. Hann ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, eftirliti með viðhaldi, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði skipulags- og byggingarmála sbr. 8 gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er skilyrði.
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum, byggingarreglugerð er æskileg.
- Reynsla af stjórnun er æskileg.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er æskileg.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði, framsýni og skipulagshæfni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi fagfélags og Launanefndar sveitarfélaga.
**Umsóknarfrestur er til og með 10. ágúst nk.**

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn til baejarstjori@vesturbyggd.is. Umsókninni þarf að fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf þar sem umsækjandi gerir sérstaklega grein fyrir hæfni til starfans út frá ofangreindum hæfnikröfum. Umsækjendur eru beðnir um að tilgreina a.m.k. 2 umsagnaraðila í umsókn sinni.

Nánari upplýsingar veitir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar s. 450-2300.
Öllum umsóknum verður svarað

**Nánari upplýsingar:**
Á sunnanverðum Vestfjörðum búa ríflega 1300 manns í tveimur sveitarfélögum, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Íbúum hefur fjölgað töluvert undanfarin ár og er mikil uppbygging og umsvif í sveitarfélögunum. Stærstu byggðakjarnarnir eru: Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur.
Í sveitarfélögunum eru mjög góðir grunnskólar, leikskólar, tónlistarskólar og framhaldsdeild Fjölbrautarskóla Snæfellinga. Þrjú nýleg íþróttahús eru á svæðinu, tvær sundlaugar og frábær líkamsræktaraðstaða. Öflugt íþróttastarf er í sveitarfélögunum sem og menningar- og tónlistarstarf. Auðvelt er njóta útivistar þar sem ægifögur náttúra Vestfjarða er alls staðar innan seilingar, s.s. Rauðasandur, Látrabjarg, Ketildalir og Barðaströnd.
Flugfélagið Ernir flýgur alla daga nema laugardaga til Bíldudals frá Reykjavík og Breiðafjarðarferjan Baldur fer alla daga nema laugardaga yfir vetrartímann frá Stykkishólmi að Brjánslæk en tvisvar á dag, alla daga vikunnar yfir sumartímann. Mannlífið er gott og íbúarnir eru samstíga um að byggja kröftug, samheldin og framsækin sveitarfélög.



## Brekkuskóli - Tónmenntakennari

Við Brekkuskóla er laus er til umsóknar 80-90% staða tónmenntakennara skólaárið 2013-2014.
Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is, þar sem sótt er um rafrænt.

**Umsóknarfrestur er til 8. ágúst 2013**

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

UN WOMEN ÍSLENSK LANDSNEFND
United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women

**UN Women er að leita að ungu kraftmiklu fólki til að starfa sem götukynnar fyrir samtökin í ágúst.**

Starfið felst í því að kynna starfsemi UN Women með götukynningu og bjóða fólki að gerast styrktaraðilar. Um er að ræða hálft starf og er unnið eftir hádegi. Starfsmaðurinn þarf að vera opinn, framfærinn, áreiðanlegur og vera sjálfstæður í vinnubrögðum. Áhugi og þekking á þróunarmálum, jafnréttismálum og málstað UN Women er kostur.

**Áhugasamir umsækjendur sendi umsókn og ferilskrá á alfheidur@unwomen.is. Nánari upplýsingar í síma 552-6200.**

## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sjúkraliði | LSH, skilunardeild | Reykjavík | 201307/050 |
| Deildarlæknar kvennasviðs | LSH, sérfræðil. kvenlækn.teymis | Reykjavík | 201307/049 |
| Sérhæfður starfsmaður sundlaugar | LSH, sjúkraþjálfun G | Reykjavík | 201307/048 |
| Skrifstofumaður | LSH, erfða- og sameindalæknisfr.d. | Reykjavík | 201307/047 |
| Röskur aðili | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | Þingvellir | 201307/046 |
| Eftirlitsdýralæknir í suðvesturumd. | Matvælastofnun | Reykjavík | 201307/045 |
| Skjalastjóri | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun. | Reykjavík | 201307/044 |
| Starfsfólk | Sólvangur | Hafnarfjörður | 201307/043 |




## Sölu- og markaðsfulltrúi

Helstu verkefni eru umsjón með vefsíðum og samfélagsmiðlum, gerð markaðsefnis, vöruþróun, þjónusta og sala til hótela og bókunarþjónustufyrirtækja ásamt öðrum sölu- og markaðstengdum verkefnum.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af og þekking á ferðaþjónustu.
- Góð tölvukunnátta.
- Góð ensku- og íslenskukunnátta í ræðu og riti.
- Frumkvæði og árangursdrifni.

Umsóknir sendist á **atvinna@alp.is** merkt **„SOM“**.
Umsóknarfrestur er til **8. ágúst 2013.**

AVIS Budget

Bílaleiga AVIS og Budget er ein stærsta bílaleiga í heimi og starfar í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengni AVIS og Budget.

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

kaffitar.is

# Elskar þú kaffi?

## Viltu verða kaffibarþjónn hjá Kaffitári?

Okkur vantar kröftuga og skemmtilega einstaklinga til starfa á kaffihúsum Kaffitárs í Reykjavík.

**Störfin:**
Kaffibarþjónar í fullt starf og helgarstörf.

**Starfssvið:**
Störfin felast í framreiðslu á kaffidrykkjum, veitingum og sölu á úrvalskaffi og kaffivörum.

**Hæfniskröfur:**
Við leitum að áhugasömum og þjónustuljúfum einstaklingum með metnað og frumkvæði. Starfsmenn munu fá ómetanlega starfsþjálfun og kennslu í fagi kaffibarþjónsins.

Umsóknum má skila með tölvupósti á **starf@kaffitar.is**. Frekari upplýsingar veitir Lilja Pétursdóttir í síma **420-2722**.

Kaffitár framleiðir og selur einungis úrvalskaffi. Við leggjum áherslu á gæði og ferskleika. Við erum skemmtileg, alúðleg, umhverfisvæn, litaglöð og líka röff og töff. Við setjum fólk í fyrirrúm og opnum hjarta okkar til að koma boðskap Kaffitárs til skila og tengjast viðskiptavinum okkar traustum böndum. Við kaupum kaffi án krókaleiða til að stuðla að því að við fáum besta kaffi sem völ er á og að bændurnir fái sanngjarnt verð fyrir vöru sína.

Kaffitár

leggur heiminn að vörum þér



# - Sölustarf -

**Hársnyrtir óskast í hlutastarf**

Heildverslun óskar eftir hársnyrti í hlutastarf sem fyrst. Starfið felst í að kynna og selja vörur á hárgreiðslustofur. Skilyrði er að hafa menntun í hársnyrtiiðn og ekki verra að hafa reynslu af sölustarfi.
Góð íslensk- , ensku- og tölvukunnátta nauðsynleg og þarf að sjálfsögðu að hafa bílpróf.
Við leitum að jákvæðum starfsmanni sem getur starfað sjálfstætt og hefur mikla þjónustulund.

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist fyrir 05.08.2013 á box@frett.is merkt „Sala - Hársnyrtir"**



ÁS STYRKTARFÉLAG

# Dagþjónusta

**spennandi og fjölbreytt starf**

Ás styrktarfélag óskar eftir félagsliða og stuðningsfulltrúa til starfa í 100% starf. Vinnutíminn er frá 8.30-16.30 og staðsetning er Stjörnugróf 7-9. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Um er að ræða vinnu- og virknitilboð fyrir fullorðið fólk með fötlun og tekur starfsmaður þátt í fjölbreyttum og spennandi verkefnum í samvinnu við góðan starfsmannahóp í skemmtilegu vinnuumhverfi.

Upplýsingar veitir Sigurbjörg Sverrisdóttir í síma 414-0560 á virkum dögum. Atvinnumsókn sendist á essy@styrktarfelag.is.
Upplýsingar um félagið má nálgast á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is.

*Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.*



## Óskað er eftir starfskrafti í 85% vaktavinnu á virkum dögum kvöld og dagvaktir og starfsfólki á helgarvaktir.

Starfið felur í sér einstaklingsmiðaðan stuðning við athafnir daglegs lífs og heimilishald.
Vegna sérstakra aðstæðna er eingöngu óskað eftir kvenfólki til starfa.

**Hæfniskröfur:**
- Góð almenn menntun
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, jákvæðni, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hreint sakavottorð skilyrði.
- Bílpróf.

**Umsóknarfrestur er til 6.ágúst**
Umsóknir berist í tölvupósti til Ásdísar Jennu asdisjenna@simnet.is

Ásta Sól

Upplýsingar gefur Elsa í síma 776-2272
Ásta Sól ehf.



# *HAMRAR hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ opnar í haust*



Á hjúkrunarheimilinu eru þrjár tíu manna einingar þar sem íbúar hafa allir sér herbergi sem þeir útbúa að eigin óskum. Sameiginlegar setu- og borðstofur eru fyrir hverja einingu. Á heimilinu eru einnig tvö rými fyrir hvíldardvöl. Hjúkrunarheimilið tengist þjónustukjarna og munu íbúar heimilisins geta nýtt sér þjónustu hársnyrti- og fótaaðgerðarstofu.

Eir hjúkrunarheimili mun annast reksturinn og ræður starfsfólk sem kemur að starfsemi heimilisins og þjónustu við væntanlega íbúa. Í starfinu verður lögð áhersla á faglega hjúkrunar- og læknisþjónustu ásamt annarri þjónustu en allt starfið grundvallast á markmiðum Eirar og gildum hjúkrunar sem eru: VIRÐINGU, VELLÍÐAN OG VIRKNI.

Óskað er eftir umsóknum í eftirtaldar stöður en um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf:
- ✓ Hjúkrunardeildarstjóra, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, félagsliða og starfsmenn í umönnun.
- ✓ Starfsmenn íbúaeldhús og ræstingu.
- ✓ Sjúkraþjálfara

Nánari upplýsingar veita:
*Birna Kr. Svavarsdóttir*, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma: 522 5700. birna@eir.is
*Jóna H. Magnúsdóttir*, verkefnastjóri hjúkrunar og mannauðs í síma: 522 5777. jonahm@eir.is
Ylfa Þorsteinsdóttir, yfirsjúkraþjálfari í síma: 522 5745. ylfa@eir.is

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í afgreiðslu Eirar eða senda umsóknir á jonahm@eir.is

EIR
Hjúkrunarheimili og öryggisíbúðir
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík
Sími: 522 5700



ZYMETECH

# Líftæknifyrirtækið Zymetech óskar eftir að ráða sérfræðing í fullt starf.

Zymetech var stofnað árið 1996 og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sjávarensímum til nýtingar í lækningavörur og snyrtivörur.

Leitað er að öflugum einstaklingi í fjölbreytt og krefjandi starf þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.

**Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí n.k.**
Reiknað er með að vinna hefjist eins fljótt og auðið er.

Umsókn með ítarlegri ferilskrá, merkt „Sérfræðingur" skal senda rafrænt á *zymetech@zymetech.com* Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknum er ekki svarað í síma. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Frekari upplýsingar um Zymetech má finna á vefsíðunni *www.zymetech.com*

**Helstu verkefni:**
- Rannsóknir á örveruhemjandi eiginleikum þorskatrypsín lausna.
- Skýrslugerð í tengslum við verkefnið.
- Stjórnun og leiðbeining aðstoðarmanna.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Doktorspróf á sviði lífvísinda.
- Reynsla af sjálfstæðum vinnubrögðum við vísindastörf.
- Stjórnunarreynsla er æskileg.
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Sjálfstæð, nákvæm og vönduð vinnubrögð.
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi.
- Heiðarleiki og samviskusemi.



CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.**
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

capacent

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR

## Starf sérkennara og stuðningsfulltrúa í Grunnskóla Grindavíkur.

**Grunnskóli Grindavíkur auglýsir eftir sérkennurum og stuðningsfulltrúa til starfa á næsta skólaári. M.a. er um að ræða verkefni á elsta stigi og við leitum sérstaklega eftir karlmanni í starf stuðningsfulltrúa.**

Grindavíkurbær er um 2.900 íbúa samfélag í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Í Grindavík er lögð áhersla á fjölskylduvænt umhverfi, íþróttastarf og heilsueflingu í skóla og leikskóla. Starfsmenn Grindavíkurbæjar eru um 170, en bærinn býður upp á alla helstu opinbera þjónustu. Starfsmenn Grindavíkurbæjar hafa sett sér eftirfarandi gildi sem unnið er eftir í starfsemi bæjarins, þau eru jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust.

Skólinn er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með um 450 nemendur í tveimur starfsstöðvum. Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni og lögð áhersla á að skapa þannig umhverfi að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Starfsemin skal einkennast af fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda. Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. **Sjá nánar á heimasíðu skólans http://www.grindavik.is/grunnskolinn .**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknir skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið halldorakm@grindavik.is fyrir 31. júlí nk.

**Nánari upplýsingar veitir**
**Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri í síma 660-7330.**

MOSFELLSBÆR

## Staða íþróttakennara við Krikaskóla í Mosfellsbæ

Krikaskóli

Óskað er eftir íþróttakennara til starfa í Krikaskóla. Viðkomandi þarf einnig að sjá um sundkennslu. Íþróttakennari Krikaskóla tekur þátt í starfi með fjölbreyttum aldri barna og kemur einnig að öðrum störfum með börnum. Samkomulag er gert við íþróttakennara með heimild í kjarasamningi. Um 70% starf er að ræða, hægt er að auka starfshlutfall í 100% með þátttöku í öðrum verkefnum með börnum. Skilyrði fyrir ráðningu er leyfisbréf grunnskólakennara.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga. Við hvetjum karla jafnt sem konur að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 3. ágúst 2013.**

Áhugasömum er bent á að kynna sér heimasíðu skólans www.krikaskoli.is/ og senda má inn fyrirspurn og/eða umsókn um starf á netfangið krikaskoli[hja]krikaskoli.is

Allar nánari upplýsingar veitir skólastjóri Krikaskóla, Þrúður Hjelm (thrudur[hja]krikaskoli.is) eða Ágústa Óladóttir sviðstjóri Krikaskóla (agusta[hja]krikaskoli.is) í síma **694-1859**.

MOSFELLSBÆR

## Lausar stöður við Varmárskóla í Mosfellsbæ haustið 2013

- **Enskukennari** *(heil staða)*
  Um er að ræða ensku í 7.-10.bekk
- **Stærðfræðikennari** *(heil staða)*
  Um er að ræða stærðfræði í 7.-10. bekk

Frekari upplýsingar um störfin veitir Þórhildur Elfarsdóttir, skólastjóri Varmárskóla s. **8633297** Umsóknir með ferilsskrá sendist á netfangið: **thorhildur@varmarskoli.is.**

Umsóknarfrestur um störfin er til og með **4. ágúst 2013.**
Skilyrði fyrir ráðningu er leyfisbréf grunnskólakennara
Laun eru greidd í samræmi við kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga við KÍ.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

LANDSNET

Útboð HA1-01

## Hafnarlína 1 – 132 kV jarðstrengur
## Jarðvinna og lagning
## Ægissíða - Höfn

Landsnet óskar eftir tilboðum í jarðvinnu og lagningu 132 kV háspennustrengs við Höfn í Hornafirði samkvæmt útboðsgögnum HA1-01.

Verkið felur í sér lagningu 132 kV háspennustrengs frá endastæðu á Ægissíðu, skammt norðan Hafnar í Hornafirði, að díselstöð RARIK við Krosseyjarveg á Höfn í Hornafirði, alls um 1.5 km.

**Helstu verkliðir eru:**
- Gröftur og fleygun lagnaskurðar, lagning háspennustrengs og fjarskiptaröra, söndun, lagning aðvörunarborða, fylling, jöfnun og frágangur yfirborðs; 1.5 km.
- Flutningur strengja á keflum frá Geithálsi að verkstað.

Verkinu skal að fullu lokið 1. nóvember 2013.

Væntanlegum bjóðendum er bent á að kynna sér grunnkröfur Landsnets til birgja sem finna má á heimasíðu fyrirtækisins, www.landsnet.is.

Útboðsgögn verða afhent í móttöku Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík frá og með mánudeginum 29. júlí 2013.

Tilboðum skal skila til móttöku Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 14. ágúst 2013 þar sem þau verða opnuð, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## -- Glæsilegt hótel til sölu --

Auglýst er til sölu Hótel Hellissandur, sem staðsett er við Klettsbúð 9, 360 Hellissandi.Um er að ræða mjög vandaða hótelbyggingu sem byggð var árið 2000. Hótelið er með 20 herbergjum. Hótelið er byggt m.t.t. þess að hægt sé að bæta við aukahæð, með því væri hægt að fá 16 til 20 herbergi til viðbótar.

***Hægt er að skila inn fyrirspurnum á netfangið sigurdurhardarson@yahoo.com.***

Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

## Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:

**Grandagarður 16**
**Lóðarframkvæmdir**

Í versluninni fæst allt í stang- og skotveiði; veiðistangir, skotvopn, fatnaður og allur tilheyrandi búnaður. „Vision er flaggskipið okkar en við erum auk þess með fjölmörg önnur vönduð merki. Þá bjóðum við upp á leigu á veiðibúnaði á mjög sanngjörnu verði sem kemur sér vel fyrir erlenda gesti og leiðsögumenn sem þurfa að dressa upp viðskiptavini.“



# *Kappsigling á bjórdósum*



Allsérstæð keppni er haldin í ástralska bænum Darwin á hverju ári. Hátíðin ber nafnið „Darwin Lions Beer Can Regatta“ eða bjórdósakappsigling Darwin-borgar.

Hátíðin á sér langa sögu en fyrsta keppnin var haldin árið 1974. Keppnin fer fram á Mindil-ströndinni og felst í því að keppendur útbúa sér fleka eða skip af eigin hugvitssemi úr bjórdósum, plastflöskum, mjólkurbrúsum og ýmsum öðrum endurnýtanlegum hlutum. Meðan sumir hanna bátana til að vinna kappsiglinguna eru aðrir sem hafa það að markmiði að gleðja augu gesta með furðulegri skipahönnun. Ekki má prófa skipin fyrir keppnina enda er stór hluti af skemmtuninni að sjá sum skipin liðast í sundur í miðri siglingu.

Fleiri skemmtiatriði eru á dagskrá þennan hátíðardag. Tónleikar, keppni í skókasti og keppni þar sem eigendur dósabátanna aka þeim um götur bæjarins eins og Flintstone-bílum.

Tilgangur hátíðarinnar, annar en sá að veita keppendum og gestum mikla gleði, er að láta gott af sér leiða. Ágóðinn af keppninni er ávallt notaður til góðra verka í bænum.



Vilt þú fara út ?
Komdu við í Fjallakofanum
því við eigum allt til þess að
gera góða útilegu betri
Marmot
SCARPA
Black Diamond
ARC'TERYX
smartwool
PETZL
DAKINE
SEA TO SUMMIT
Við vinnum náið með leiðsögumönnum
m.a.
arctic adventures
arctic RAFTING
GLACIER GUIDES
ARCTIC HELI SKIING ICELAND
ÖRÆFAFERÐIR
FÍ
FJALLA KOFINN
Kringlan 7 I Laugavegur 11 I Reykjavíkurvegur 64
S: 510 9505 I fjallakofinn.is



## EKKI ANA ÚT Í ÓVISSUNA

**Flestir leggja** upp í ferðalög með það í huga að hafa gaman. Að ýmsu þarf þó að hyggja svo að allt gangi snurðulaust fyrir sig, en talsvert er um að fólk lendi í klandri vegna reynslu- og kunnáttuleysis á nýjum slóðum.

**Að velja** lélegt hótel, subbulegan veitingastað eða að villast inn í vafasamt hverfi getur hæglega breytt skemmtiferð í martröð. Því er gott að kynna sér áfangastaðinn og umhverfið áður en lagt er í hann.

**Flestir þekkja** vefsíðuna TripAdvisor.com, en hún hefur reynst ferðamönnum afar gagnleg þegar leggja þarf mat á hótel, veitingastaði og afþreyingarstaði. Fleiri sambærilegar síður eru til en TripAdvisor er vafalaust sú útbreiddasta. Má þar nefna TravelPost.com, Yelp.com og OpenTable.com.

**Á vefsíðunum** er hægt að sjá annað en lofræður söluaðila um tiltekna staði enda lýsir fólk úr öllum áttum upplifun sinni út frá eigin reynslu. Þrátt fyrir ótvíræða kosti eru síður sem þessar ekki gallalausar og er ágætt að hafa eftirfarandi atriði í huga.



- Lesið á milli línanna. Er viðkomandi á sömu bylgjulengd og þú? Festir hann sig í of miklum smámunum? Byggir hann umsögnina á einstöku óheppilegu atviki sem segir kannski ekki allt um staðinn?
- Því fleiri umsagnir sem þú getur lesið um tiltekinn stað, þeim mun betri mynd færðu af honum.
- Kannaðu ávallt hversu gamlar færslurnar eru. Staðurinn gæti hafa breyst. Hann gæti líka hafa flutt og honum gæti jafnvel hafa verið lokað.
- Best er ef notendur birta myndir með færslunum. Þær segja oft meira en mörg orð.



## DAGSFERÐIR EFTIR VINNU

**Það getur** verið erfitt að vera bundinn við vinnu á góðviðrisdögum. Þá er ráð að skreppa í stutta dagstúra að vinnudegi loknum.

**Höfuðborgarbúar hafa** úr ýmsu að velja. Langisandur á Akranesi er til að mynda algjör sumarperla og í aðeins 40 mínútna fjarlægð frá Reykjavík. Þar er hægt að busla í sjónum, búa til sandkastala og leika sér í parís og öðrum strandleikjum. Eins er dásamlegt að koma á Stokkseyri og Eyrarbakka, sem sömuleiðis eru steinsnar frá Reykjavík. Þar er að finna skemmtileg söfn, góða veitingastaði og fallegar gönguleiðir.

**Hvaleyrarvatn, við** Hafnarfjörð, þykir svo eitt fallegasta vatnið í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og þar er auðvelt að næla sér í sumarfrísfíling. Þar er hægt að grilla og flatmaga við bakkann auk þess sem góður göngustígur liggur umhverfis vatnið.

**Þá er** upplagt að fara í fjöruferð í Hvalfjörð, en þar er krökkt af fallegum steinum.






STRUMPARNIR 2
Heimsfrumsýnd á miðvikudaginn
Taktu þátt
í Strumpafjöri
í Smáralind um helgina
milli kl. 13-18 og þú gætir unnið
bíómiða á Strumpana 2, DVD og fl.
Fáðu mynd af þér með alvöru Strump
milli kl. 15-17 á sunnudeginum.
4 Strumpafjörslímmiðar
í öllum herferðapakkningum
af Orange og Safari
www.capri-sonne.com
Capri-Sonne
Náttúrulegt fjör!
Capri-Sonne

# KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**

**1** Valdsvið karls hækkar frá Lækjargötu að Ingólfsstræti (14)
**11** Þröngsýnir ku eiga sér himin úr slíkum hlemmi (7)
**12** Snáðatrollarar opna flöskurnar (12)
**13** Hættulegur fantur leitar ránfuglanna (7)
**15** Segir bruðlsamsteypuna lokuð komma-samtök (14)
**17** Bjarkar ái rennur úr stofni hennar (9)
**18** Hollusturisi bregst ekki (12)
**20** Eigum vantalað það sem hreint er (9)
**21** Fylgjum húmsins bleyðum í kvöldþoku (12)
**23** Grefur koll við grjóthól (8)
**25** Af sperrileggnum eða karlljósinu (11)
**31** Jarkaspark þótt engin sé löppin (9)
**32** Fuglslegur hrekkjahöfði gengur suður úr Birninum (10)
**33** Sveigi sókn og bakka undir bakkelsi (11)
**36** Tel einsýnt að hrunið og flóðið fari saman (8)
**37** Þrautir þreytið þrátt fyrir letilífið (13)
**38** Innæð færir orku í hús og tæki (6)
**39** Gengi lágnættis er í mörgum liðum (7)
**40** Fróður fagmaður um handverk (12)

**LÓÐRÉTT**

**1** Stjarnfræðilegt uppkast sætabrauðs sannar tilvist geimvera (15)
**2** Besti hlutinn er efst uppi til umhugsunar (11)
**3** Net þegar í gangi, það er skráð (7)
**4** Vélar aðdráttaraflsins festa skilaboð á ísskápinn (11)
**5** Ómenguð nes (3)
**6** Fölsku Fjólurnar eru eins og sviknu Sóleyjarnar (11)
**7** Tel það akk prakkara að ráða þennan ruglaða skríl (11)
**8** Svíar og Norðmenn eru vanir danska ruglinu (11)
**9** Læsa síðasta hluta (9)
**10** Blik boða tegundasvik (9)
**14** Ormur er auli (3)
**16** Eina vörðu á kílómetra, stöðlum samkvæmt (7)
**19** Vesalingur við skerið og allt í henglum (9)
**22** Blikar færðu allt til bókar enn á ný (11)
**24** Tel Þorgeirsbola gott dæmi um sannan fjölskyldu-anda (10)
**26** Innæðin er reist á tilfellum og líkum (10)
**27** Núna meiði ég hinar vegna einnar með tölu (10)
**28** Espa löður með pískuðum hvítum og rauðum (10)
**29** Fíflagangurinn minnir á skarkalann í skrumaranum (10)
**30** Umdeildur ávöxtur er bitbein (9)
**34** Takið skollatrú til bæna (6)
**35** Þórunn fer í kynleiðréttingu (6)



Lausnarorð síðustu viku var
**NEYTENDAVERND**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Ærlegi lærlingurinn eftir Vikas Swarup frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Jóhanna H. Friðbjörnsdóttir Akureyri**



## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist úrræði sem ofnotað er á Íslandi að mati erlendra mannréttindasamtaka og -nefnda. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 31. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „ 27. júlí“.






## DÝR VIKUNNAR KLETTAFJALLAGEIT



**VOLDUG** Nei, þetta er ekki hyrndur hvítabjörn, heldur sjálf klettafjallageitin.

# Stór en fótafim fjallageit– sem þó er varla geit

Klettafjallageitin (Oreamnos americanus) er stærðarinnar skepna og lítur nánast út eins og hyrndur hvítabjörn þar sem hún prílar upp og niður snarbrattar hlíðar í fjalllendi Norður-Ameríku.

Klettafjallageitin er eina tegundin í Oreamnos-ættkvíslinni. Nafn hennar er dregið af grísku orðunum oros (fjall) og amnos (lamb).

Klettafjallageitin er reyndar alls engin geit–eða er öllu heldur ekki náskyld geitum þeim sem við þekkjum úr Húsdýragarðinum. Hún er af ætt geitfjár, eins og sauðfé, gemsur, flestar fjallageitur og sauðnaut. Það eru aligeitur ekki.

Klettafjallageitin er sem áður segir býsna stór. Hún getur orðið yfir einn metri upp að herðakambi og allt upp undir 140 kíló.

Geitur þessar, sem þó eru ekki eiginlegar geitur, hafa hnausþykkan feld, fíngert ullarlag innst við skrokkinn en lengri, hol hár yst. Að vetri til gerir feldurinn þeim kleift að þola kulda niður í 46 gráðu frost og vind ofan í kaupið upp að 30 metrum á sekúndu.

Klettafjallageitin er sem betur fer jurtaæta en getur reyndar engu að síður verið skeinuhætt mönnum. Stundum gerast þær árásargjarnar, einkum þegar þeim finnst þær þurfa að verja ungviðið, og til er frásögn af klettafjallageit sem varð manni að bana.

Geitinni, sem eins og við munum er þó eiginlega ekki geit, stafar hætta af ýmsum rándýrum í náttúrunni. Þar má nefna úlfa, jarfa, gaupur og birni en aðallega eru það þó púmurnar sem eru nægilega flinkar að fóta sig í fjallshlíðunum til að geta elt geiturnar á sprettinum upp í hæstu hæðir.

Aukinheldur þurfa klettafjallageiturnar að varast gullörninn sem getur verið stórhættulegur kiðinu, hremmt það í klærnar og flogið á braut.

**- sh**

380
LEIKIR Í BEINNI ÚTSENDINGU!
SKY SPORT - 116 LEIKIR



# BARA Á ÍSLANDI

## ALLIR LEIKIR Í BEINNI ÚTSENDINGU

SPORT 2 | HD 11. ÁGÚST

# ENSKI BOLTINN

Nú fer leiktíðin að hefjast - og þá getur allt gerst . Eru skórnir númeri of stórir fyrir David Moyes? Mun Jose Mourinho ná sömu hæðum með Chelsea og fyrr? Hvað gerir Manuel Pellegrini nýr stjóri Man. City? Tekst Liverpool að koma sér aftur í toppbaráttu? En strákarnir okkar? Verður þetta árið hans Gylfa hjá Tottenham? Mun Aron Einar slá í gegn með Cardiff? Munu Arsenal-menn hlaða púðri í fallbyssuna og ná að krækja í titilinn? Hvað gerir Rooney? Hver mun sanna sig, hver mun koma á óvart og hverjir munu falla? Allt stendur opið - allt getur gerst.
**Fylgstu með á Stöð 2 Sport 2 í leiftrandi háskerpu.**

OZ
**Horfðu á leikina hvar sem er og hvenær sem er með OZ appinu**

SPORT 2 | HD

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SVEINBJARGAR GUÐMUNDSDÓTTUR**
**Hamraborg 18.**

Þökkum starfsfólki á 6A LSH fyrir góða umönnun.

**Þorleifur Kjartan Kristmundsson** **Svanhildur Ólafsdóttir**
**Einar Páll Gunnarsson** **Anna Guðný Björnsdóttir**
**Sigurður Arnar Gunnarsson** **Jóna Vala Valsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**GUÐRÚN SVEINBJÖRNSDÓTTIR**
**Hafnargötu 125, Bolungarvík,**

lést á Sjúkraskýlinu í Bolungarvík miðvikudaginn 24. júlí.Útförin fer fram frá Hólskirkju í Bolungarvík miðvikudaginn 31. júlí kl. 14.

**Rögnvaldur Ingólfsson**
**Ásgerður Ingólfsdóttir** **Guðmundur Guðmundsson**
**Bjarni Ingólfsson** **Björg Guðmundsdóttir**
**Stefán Ingólfsson**
**Ingrún Ingólfsdóttir** **Magnús Gíslason**
**Sesselja Ingólfsdóttir** **Jón Kristinn Jónsson**
**Þorleifur Ingólfsson** **Lára Arnbjörnsdóttir**
**Hálfdán Ingólfsson**
**Ásgeir Ingólfsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Maðurinn minn, faðir okkar og fósturfaðir,

**HILMAR BJARNASON**
**Eskifirði,**

lést 23. júlí. Útför hans fer fram frá Eskifjarðarkirkju fimmtudaginn 1. ágúst klukkan 14.00.

**Sigrún Sigurðardóttir**
**Sigurborg Hilmarsdóttir**
**Hilmar Hilmarsson**
**Sonja Hilmars**



Elskuleg móðir okkar,

**VIGDÍS STEINA ÓLAFSDÓTTIR**

lést í faðmi fjölskyldunnar 25. júlí sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Börn hinnar látnu**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður og afa,

**HARÐAR JÓNSSONAR**
**Deildarási 8.**

**Guðríður Júlíusdóttir**
**Ester Harðardóttir**
**Erna Björg Sverrisdóttir**
**Guðrún Erna Harðardóttir**


## Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is


**ÞETTA GERÐIST:** 27. JÚLÍ 1989

## Holdsveikraspítalinn vígður

Þennan dag árið 1898 var Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi vígður með viðhöfn en hann var gjöf frá Oddfellowreglunni í Danmörku. Fyrstu sjúklingar komu á spítalann 10. október sama ár.

Spítalinn var stærsta hús sem hafði verið reist á Íslandi og er stærsta timburhús sem nokkru sinni hefur risið hér á landi. Spítalinn, sem var búinn 60 sjúkrarúmum, var starfræktur á árunum 1898-1943. Talið er að um aldamótin 1900 hafi um 237 verið holdsveikir á Íslandi en þegar þeim fækkaði var hluti byggingarinnar tekinn til annarra nota.

Spítalabyggingin brann til grunna 7. apríl árið 1943. Hernámsliðið hafði þá yfirtekið spítalann og þeir fáu sjúklingar sem enn voru á landinu höfðu nokkru áður verið fluttir á Kópavogshæli.



# Hvetja fólk til að djamma með bandinu

Á morgun verða áttatíu ár liðin frá fæðingu Gunnars Reynis Sveinssonar, tónskálds og víbrafónleikara. Af því tilefni blása Reynir Sigurðsson víbrafónleikari og fleiri samstarfsmenn Gunnars Reynis til tónleika á Café Rósenberg.

„Það má segja að við séum að þakka fyrir okkur," segir víbrafónleikarinn Reynir Sigurðsson. Hann stendur ásamt fleirum fyrir tónleikum á Café Rosenberg annað kvöld, sunnudaginn 28. júlí, þar sem þess verður minnst að áttatíu ár verða liðin frá fæðingu Gunnars Reynis Sveinssonar, tónskálds og víbrafónleikara. Gunnar Reynir, sem lést árið 2009, var meðal þekktustu tónskálda þjóðarinnar og samdi verk í ýmsum formum fyrir söngvara og hljóðfæraleikara. Hugsanlega hafa færri heyrt um djass-víbrafónleikarann Gunna Sveins, eins og hann var ætíð nefndur í djassheiminum.

„Við vorum sérstaklega góðir vinir því hann var víbrafónleikari eins og ég, en hann var nokkrum árum eldri svo hann var stjarna þegar ég var unglingur," segir Reynir. „Svo æxlaðist það þannig að þegar ég var átján ára tók ég við af honum í fínni hljómsveit sem hét Sextett Andrésar Ingólfssonar og þá reyndist hann mér mjög góður og uppörvandi vinur."

Eftir 1960 lagði Gunnar víbrafóninum að mestu til að einbeita sér að tónsmíðum. Hann gleymdi þó ekki vinum sínum í djassinum og skrifaði fyrir þá mörg verk sem þeir frumfluttu gjarnan. „Ég veit að það verða ýmsir tónleikar með klassíska efninu hans Gunnars Reynis í tilefni afmælisársins en okkur datt í hug að rifja upp „Gunna Sveins-stemninguna" eins og hún var þegar hann var djassstjarna um og yfir tvítugt á árunum fyrir 1960," útskýrir Reynir. Hljómsveitin sem kemur fram á Rósenberg samanstendur af þeim Reyni á víbrafón, Jóni Páli Bjarnasyni á gítar, Gunnari Hrafnssyni á bassa, Rúnari Georgssyni á tenórsaxófón og Einar Scheving á trommur. Þeir kalla sig Búðarbandið, enda byggir dagskráin á djasslögum sem voru vinsæl á djammsessjónum í Breiðfirðingabúð á þessum tíma.

„Við viljum líka hvetja áhugasama til að taka með hljóðfæri og djamma með okkur. Þetta verður djammsessjón, við erum uppistöðuusveitin og svo bætist við eftir hentugleikum," segir Reynir.

kjartan@frettabladid.is



**HEIÐURSTÓNLEIKAR** Reynir Sveinsson og fleiri minnast þess að áttatíu ár eru liðin frá fæðingu Gunnars Reynis Sveinssonar, tónskálds og víbrafónleikara, á Café Rosenberg annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


**Fjölbreytt úrval legsteina**
**Frí áletrun og uppsetning**

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Graníthöllin
Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði
www.granithollin.is
Sími 555 38 88




Okkar ástkæra,

**GUÐRÍÐUR BJARNHEIÐUR ÁRSÆLSDÓTTIR**
**Skúmsstöðum,**
**Vestur-Landeyjum,**

sem andaðist 13. júlí, verður jarðsungin frá Akureyjarkirkju laugardaginn 27. júlí kl. 16.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ragnheiður Þorvaldsdóttir og fjölskylda.**


WWW.KVEDJA.IS
Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS




571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**Fimmtudaginn 15. ágúst**

## NCIS: LOS ANGELES

Þriðja þáttaröð einnar vinsælustu spennuþáttaraðar Bandaríkjanna um þessar mundir.



**Miðvikudaginn 7. ágúst**

## MISTRESSES

Glænýir þættir frá höfundum Gossip Girl, þar sem samskipti kynjanna eru í forgrunni. Alyssa Milano fer með aðahlutverk en þættirnir byggja á vinsælum breskum þáttum.



**Fimmtudaginn 1. ágúst**

## PERSON OF INTEREST

Önnur þáttaröðin í þessum hörkuspennandi þáttum úr smiðju J.J. Abrams. En er mögulegt að koma í veg fyrir glæpi áður en þeir eiga sér stað?



**Þriðjudaga**

## ORANGE IS THE NEW BLACK

Sannsögulegir þættir um lífið í bandarísku kvennafangelsi sem hafa slegið í gegn.



**Sunnudaginn 11. ágúst**

## BROADCHURCH

Verðlaunaþættir sem slógu rækilega í gegn í Bretlandi. Líf í smábæ fer á hliðina þegar lík drengs finnst í fjörunni. Allir liggja undir grun, og nálægðin við náungann gerir leitina enn erfiðari fyrir aðstandendur og lögregluna. Þættirnir unnu á dögunum til verðlauna á Freesat awards í Bretlandi - sem besti sjónvarpsþátturinn.

2 OZ

Sjónvarp framtíðarinnar

**Laugardaginn 17. ágúst**

## VEISTU HVER ÉG VAR?

**Siggi Hlö** stjórnar einhverjum vinsælasta útvarpsþætti landsins, Veistu hver ég var?, á Bylgjunni á hverjum laugardegi. Nú ætlar kappinn í sjónvarp og sem fyrr mun andi níunda áratugarins svífa yfir vötnum.




# Nýtt í ágúst

Síðasti mánuður sumarsins byrjar með látum á Stöð 2. Fjöldinn allur af frábærum nýjum þáttaröðum hefur göngu sína. Þar af má finna tvær nýjar íslenskar þáttaraðir. Vertu með í taumlausri gleði á Stöð 2.

**Föstudagur 9. ágúst**

## BARA GRÍN

### Sögulega gott grín

**Björn Bragi Arnarson** með stórskemmtilegan gamanþátt. Í þáttunum verða bestu gamanþættir úr sögu Stöðvar 2 rifjaðir upp. Þær þáttaraðir sem teknar verða til umfjöllunnar eru:

- Fóstbræður
- Stelpurnar
- 70 mínútur
- Steindinn okkar
- Næturvaktin, Dagvaktin og Fangavaktin

2 | 2 BÍÓ | 2 GULL | 2 krakkar | POPP TÍVÍ

**Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag**




Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is

2 HD




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 9 | | 7 | 8 | 4 |
| | | 2 | 8 | | | 6 | 9 | |
| | 9 | | | 5 | 7 | | 3 | |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | | | | 4 | 8 | | | 9 |
| | 6 | | 2 | | 5 | 8 | | 7 |
| 4 | 7 | | 9 | | | 1 | | |
| 6 | | | | | | | 4 | 8 |
| 1 | | 5 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | 2 | | | 5 | | |
| | | | | | | 1 | | 8 |
| | | | 8 | 5 | | | | |
| | | | | 1 | | 7 | 9 | 5 |
| 8 | | 6 | | | 9 | 4 | | |
| 1 | 7 | | | 3 | | 8 | | |
| 7 | 4 | 2 | 5 | | | | 8 | |
| | 8 | | | | | 3 | 5 | |
| | | | | | 7 | | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 1 | 8 | | 2 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | | | 5 | |
| 2 | | | | | | | | 1 |
| | | 6 | | 2 | | | | 9 |
| | | | | 5 | | | | |
| 1 | 4 | | | | | | | 2 |
| | 8 | | 2 | | | | 1 | |
| | | 2 | | | 5 | | | |
| 6 | | 5 | 3 | 7 | | 9 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 2 | 3 | 4 | 1 | 8 | 6 |
| 3 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 1 | 2 | 7 | 6 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 3 |
| 2 | 3 | 1 | 8 | 7 | 5 | 4 | 6 | 9 |
| 7 | 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 |
| 6 | 4 | 3 | 9 | 2 | 7 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 2 | 9 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 1 | 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 6 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 2 | 3 | 4 | 5 | 9 | 1 |
| 2 | 6 | 5 | 8 | 7 | 1 | 4 | 3 | 9 |
| 3 | 8 | 7 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 |
| 8 | 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 9 | 7 | 5 |
| 7 | 2 | 6 | 5 | 4 | 9 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 3 | 9 | 7 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 2 | 3 | 9 | 5 | 1 | 6 | 4 | 8 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 7 | 6 | 1 | 5 | 8 | 3 | 2 |
| 2 | 1 | 5 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 8 | 2 | 1 | 4 |
| 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 | 8 | 6 |
| 8 | 6 | 2 | 1 | 4 | 3 | 5 | 7 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Hin líðandi stund er gullið á fingri tímans."
*Gunnar Dal.*

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Hannes Hlífar Stefánsson (2522) tefldi æsispennandi skák við úkraínska stórmeistarann Dmitry Kononenko (2610) í 7. umferð opna tékkneska mótsins. Hannes er hrók undir en heldur samt jafntefli.**

**Hvítur á leik**



40. h5! Þótt ótrúlegt sé tryggir þessi einfaldi leikur jafntefli. 40...Hc1 41. hxg6! Hxb1 42. Dh4+ Kg7 43. Df6+ Kf8.44. Dd8+ Kg7 og jafntefli var samið. Í dag fer lokaumferð mótsins fram. **www.skak.is** Dortmund-mótið er hafið. Kramnik og Caruana eru meðal þátttakenda.

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** sælgæti, **6.** íþróttafélag, **8.** sjór, **9.** mælieining, **11.** ullarflóki, **12.** ráðagerð, **14.** rispa, **16.** drykkur, **17.** viljugur, **18.** tunna, **20.** í röð, **21.** fugl.

**LÓÐRÉTT 1.** útmá, **3.** kringum, **4.** vörurými, **5.** titill, **7.** hóf, **10.** hlemmur, **13.** skarð, **15.** hófdýr, **16.** lögg, **19.** bardagi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** íh, **8.** mar, **9.** mól, **11.** rú, **12.** áform, **14.** skora, **16.** te, **17.** fús, **18.** áma, **20.** mn, **21.** ríta.

**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** um, **4.** farmrúm, **5.** frú, **7.** hófsemi, **10.** lok, **13.** rof, **15.** asni, **16.** tár, **19.** at.

# NÝ VERSLUN

## TÖLVUTEK OPNAR STÆRSTU OG GLÆSILEGUSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS
## VIÐ ERUM ÞVÍ AÐ BÆTA VIÐ STARFSFÓLKI OG HLÖKKUM TIL AÐ FÁ ÞIG Í HÓPINN




| VERSLUN | FIRMASVIÐ | VERKSTÆÐI | FRAMLEIÐSLA | INNKAUP&GRAFÍK | LAGER |
|---|---|---|---|---|---|
| Sölumaður óskast í fullt starf við ráðgjöf við val á tölvubúnaði auk tilfallandi starfa í verslun. Víðtæk þekking á innviðum PC tölvubúnaðar skilyrði. | Söluráðgjafi óskast í fullt starf við ráðgjöf við val á tölvubúnaði fyrir fyrirtæki auk annarra starfa. Víðtæk þekking á fyrirtækjalausnum skilyrði. | Tæknimaður óskast í traustan hóp tæknimanna í fullt starf. Reynsla við fartölvuviðgerðir æskileg. Víðtæk þekking á PC tölvubúnaði skilyrði. | Tæknimaður óskast í fullt starf við framleiðslu og prófanir á tölvubúnaði. Góð tölvuþekking og víðtæk þekking á Windows umhverfi skilyrði. | Innkaupafulltrúi með reynslu í Indesign og Photoshop óskast í fullt starf við vörustjórnun og innskráningu. Góð Excel kunnátta og víðtæk þekking á PC búnaði skilyrði. | Lagermaður óskast í fullt starf á lager og lagermóttöku en við leitum að heilsuhraustum og duglegum einstakling með bílpróf. |

**Sendið tölvupóst á starf@tolvutek.is með ferilskrá • Góð laun í boði og fullur trúnaður**

# TÖLVUTEK

**Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900**

Tölvutek er einn stærsti dreifingar- og söluaðili á tölvum og tölvubúnaði til einstaklinga og smærri fyrirtækja á Íslandi með verslanir, fyrirtækja og þjónustusvið í Reykjavík og á Akureyri. Tölvutek hefur vaxið ört á síðustu árum en hjá Tölvutek starfa í dag 55 þrautþjálfaðir starfsmenn. Sterk staða Tölvutek var nýverið staðfest þegar Tölvutek var valið annað árið í röð eitt af sterkustu fyrirtækjum landsins með viðurkenningu frá Creditinfo en Tölvutek er á meðal 1% íslenskra fyrirtækja sem stóðst þær kröfur sem þurfti til að vera valið FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI 2012. Við erum enn að stækka og okkur hlakkar til að fá þig í samheldinn og traustann hóp starfsmanna Tölvutek.

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

# Á leið í mastersnám í Juilliard í haust

**Hulda Jónsdóttir fiðluleikari heldur einleikstónleika í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á þriðjudagskvöldið.**

Ég mun leika ýmis verk fyrir einleiksfiðlu,“ segir Hulda Jónsdóttir fiðluleikari spurð um dagskrá tónleikanna í Sigurjónssafni annað kvöld. „Meðal annars nýtt verk eftir Viktor Orra Árnason.“

Hulda byrjaði að læra á fiðlu fjögurra ára gömul og hefur varla lagt hana frá sér síðan, en hún verður 22 ára síðar á þessu ári. Hún útskrifaðist með B.Mus.-gráðu frá hinum fræga listaskóla Juilliard í New York í vor og hefur mastersnámið þar strax í haust. Líður henni vel í New York? „Já, þetta er frábær borg og gaman að eiga heima þarna, mikið um að vera. Mér finnst borgin líka bara frekar þægileg og ekkert ógnvekjandi.“

Í vor hlaut Hulda styrk ársins úr minningarsjóði Jean Pierre Jacquillat, hvaða sjóður er það? „Jacquillat var franskur en starfaði hér um tíma sem aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann lést sviplega í bílslysi fyrir aldur fram og þá var þessi sjóður stofnaður til minningar um hann.“

Hulda hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og ýmsum hljómsveitum á Íslandi, í Sviss og Mexíkó. Einnig hefur hún leikið ein og í samleik með öðrum á Íslandi, beggja vegna Atlantshafsins og í Kína. Hún er félagi í Strengjasveitinni Skark og hefur komið fram með Axiom Ensemble, sem skipuð er nemum úr Juilliard-skólanum. - fsb



**MASTERSNÁM Í JUILLIARD** Hulda heldur aftur til New York í haust og heldur áfram námi sínu í Juilliard-listaskólanum. MYND/EINKASAFN



**SAFNARAR** Eva Kretschmer og Ulrike Olms hafa safnað myndum, bæði hérlendis og erlendis, sett þær í nýtt samhengi og bætt texta við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bjóða upp á einnar nætur gaman á hóteli

**Sýningin Subtitles, eftir Evu Kretschmer og Ulrike Olms, er opnuð í dag á Hótel Holti. Aðeins er um þennan eina sýningardag að ræða og henni lýkur á miðnætti.**

Í dag verður opnuð sýningin Subtitles á herbergi 403 á Hótel Holti við Bergstaðastræti.

Höfundar sýningarinnar eru þær Eva Kretschmer og Ulrike Olms, þýskar listakonur sem eru staddar í Reykjavík á vegum Goethe-stofnunnar í Kaupmannahöfn og Reykjavíkur, Bókmenntaborgar UNESCO.

Sýningin stendur aðeins til miðnættis. Þetta er því eins konar „pop-up“ sýning sem verður ekki endurtekin. Ekki hér á landi að minnsta kosti.

Eva og Ulrike hafa dvalið í Reykjavík síðastliðnar sex vikur en halda brátt aftur heim til Berlínar. Þær vinna að verki sem byggir á gömlum ljósmyndum sem þær safna frá einstaklingum, meðal annars hér á landi.

„Þær hafa verið að safna ljósmyndum frá Íslendingum, þannig að þetta eru myndir af öllum stærðum og gerðum, meðal annars fjölskyldumyndir, myndir af ferðalögum, fólki, dýrum, landslagi og þar fram eftir götunum. Þær taka svo þessar myndir og setja þær í nýtt samhengi, setja texta við myndirnar og raða þeim upp á nýjan leik,“ segir Kristín Viðarsdóttir, verkefnisstjóri Reykjavíkur, Bókmenntaborgar UNESCO.

Þær stöllur sýna auk þess stutt myndbandsverk kl. 17.30 í sjónvarpi svítunnar þar sem þær kynna vinnu sína. Sýningin sjálf hefst klukkan 17.

„Textinn við myndirnar er dálítið eins og í myndasögum, hann er stuttur og ekki bara eftir höfunda sýningarinnar því þær hafa staðið fyrir tveimur kvöldum hér í borg sem kallast myndaslamm en þar fór fram spontant textagerð við myndirnar. Sýningin er afrakstur þess,“ segir Kristín að lokum. olof@frettabladid.is




# Feluverk Rowling ófáanlegt á Íslandi

**The Cuckoo's Calling, spennusagan sem J.K. Rowling skrifaði undir dulnefninu Robert Galbraith, er ekki enn fáanleg í íslenskum bókaverslunum.**

Fátt hefur vakið meiri athygli í bókmenntaheiminum á árinu en sú uppljóstrun að J.K. Rowling, höfundur Harry Potter-bókanna, sé höfundur spennusögunnar The Cuckoo´s Calling sem gefin var út undir dulnefninu Robert Galbraith. Bókin hefur rokið upp alla sölulista í hinum enskumælandi heimi, en Íslendingar þurfa að bíða fram í næstu viku eftir að koma höndum yfir bókina í hérlendum bókabúðum.

„Við pöntum nánast aldrei innbundnar glæpasögur,“ segir Jóhannes Dagsson, umsjónarmaður erlendra bóka í Eymundsson Austurstræti. „En við gerðum undantekningu í þessu tilfelli og bókin ætti að verða komin til okkar í næstu viku. Það hafa nokkrir spurt eftir henni hérna, en enginn hefur þó viljað láta sérpanta hana fyrir sig.“

Hjá Máli og menningu fengust þær upplýsingar að ekki stæði til að panta bókina fyrr en hún kæmi út í kiljuútgáfu. „Það tekur því ekki að panta hana innbundna þegar hún er rétt ókomin í kilju,“ segir Eysteinn Traustason sem sér um innkaup á erlendum bókum fyrir BMM. „Það hefur reyndar lítið verið spurt um hana hjá okkur, enda geta þeir sem ekki vilja bíða annað hvort keypt bókina sem rafbók eða pantað hana á Amazon, það tekur ekki nema fimm daga.“ Eysteinn segist þó að sjálfsögðu munu panta eintök af The Cuckoo´s Calling þegar hún verði komin í kiljuformið. - fsb



**ÓFÁANLEG** Nýjasta bók J.K. Rowling, The Cuckoo´s Calling, er væntanleg í Eymundsson í næstu viku.



# SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

-60% -20% -40% -60% -20% -40%

# ÚTSALA

**FIRETRAP PATH V-HÁLSMÁLS BOLUR**
Firetrap



~~2.390~~ KR
-40%
1.390 KR

**KARRIMOR URBAN 30 BAKPOKI**
karrimor



4.390 KR

**CAMPRI SUMAR SVEFNPOKI**
CAMPRI



2.390 KR

**CAMPRI POP-UP TJALD**
CAMPRI



MARGIR LITIR
5.590 KR



**KARRIMOR ASPEN TVÍSKIPTAR BUXUR**
1 FYRIR 5.590 KR
2 FYRIR 8.990 KR
MARGIR LITIR



**SLAZENGER POLO SKYRTA RÖNDÓTT**
1 FYRIR 2.390 KR
2 FYRIR 3.590 KR
MARGIR LITIR



**SLAZENGER STUTTBUXUR**
1 FYRIR 1.390 KR
2 FYRIR 2.190 KR
MARGIR LITIR



**QUIKSILVER, OXBOW OG O'NEIL BARNA STUTTERMABOLIR**
1 FYRIR 3.390 KR
2 FYRIR 4.990 KR
MARGIR LITIR

**BK ATOLL SKÓR BARNA**
BK BRITISH KNIGHTS
5.990 KR



**KARRIMOR K2 SANDALAR**
karrimor
4.990 KR



**STORMLITE GRAVEL KVENNA**
Stormlite
3.190 KR
CRAZY PRICE!



**KARRIMOR ANTIBES SANDALAR**
karrimor
3.990 KR



SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI - OPNUNARTÍMAR

## MÁN-MIÐ: 10-19
## FIMMTUDAGA: 10-21
## LAU-SUN:10-18

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST




facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

# Vinnutíminn er stór mínus

Fréttablaðið tók púlsinn á þremur stúlkum er hafa lifibrauð sitt af því að þeyta skífum á skemmtistöðum.



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

## ➜ Katla Ásgeirsdóttir

Katla Ásgeirsdóttir, eða DJ Katla, býr í Þingholtunum. Hún er fædd og uppalin í Stokkhólmi. Henni finnst leiðinlegt að fara í bíó, hefur ekki hugmynd um hverjir unnu Eurovision, er forfallinn gleraugnaáhugamaður og á sólgleraugu í tonnatali.

**Hvernig tónlist spilar þú?**
„Það fer eiginlega bara eftir því hvernig þú hittir á mig og hvaða vikudagur er. Ég spila mikið diskó, hús, elektró og rokk en á það alveg líka til, og finnst mjög gaman, að spila úr klassískum verkum og dramatíska kvikmyndatónlist."

**Ertu plötusnúður að aðalstarfi?**
„Já."

**Hvað finnst þér skemmtilegast við starfið? En leiðinlegast?**
„Þetta er náttúrulega týpískt hobbí-starf og þar af leiðandi flest skemmtilegt við það, en vinnutíminn er stór mínus. Ég væri alveg til í að spila oftar á skrifstofutíma."

**Af hverju þeyta svona fáar stelpur skífum?**
„Ætli þær séu ekki flestar bara að gera merkilegri hluti? Af hverju gera það svona margir strákar?"



## ➜ Rósa Birgitta Ísfeld

Rósa Birgitta Ísfeld, betur þekkt sem DJ De La Rosa, hóf feril sinn sem plötusnúður um 2003, sem gerir þetta tíunda starfsár hennar. Hún hefur spilað mikið á Prikinu, Kaffibarnum, Sirkus, Boston, Dolly og Bakkus og svo tekur hún að sér einkasamkvæmi. Rósa er einnig söngkona hljómsveitanna Sometime og Feldberg.

**Hvernig kom það til að þú fórst að DJ-a?**
„Ég er svo stjórnsöm og verð að fá að ráða. Þetta gerðist nú frekar náttúrulega. Ég byrjaði að prófa að setja nokkrar vínylplötur á fóninn á 22, sem var og hét, á opnum DJ-kvöldum árið 2003. Svo byrjaði ég bara að draga kassa af plötum á hina og þessa staðina, og úr hefur orðið tíu ára ferill."

**Hvað finnst þér skemmtilegast við starfið? En leiðinlegast?**
„Skemmtilegast er einfaldlega að vera alltaf að grúska í tónlist, fylgjast með öllu sem kemur og gagnrýna. Svo er það nú ekki leiðinlegt fyrir tveggja barna móður að djamma frítt, fá borgað og ráða tónlistinni. Leiðinlegast er auðvitað fólkið sem biður endalaust um óskalög; sumir biðja fallega en aðrir alls ekki. Hellaða liðið ætti náttúrulega bara að banna. Það ætti samt kannski að byrja að þeyta skífum því það heldur að ég sé bara glymskratti. Pegar slagarinn Get Lucky var nýkominn út var mér hótað á Dolly að ef ég spilaði ekki þetta lag yrði allt vitlaust. Svo skrapp ég á klósettið, var þá búin að spila lagið stuttu áður, í röðinni var stelpa sem vildi hleypa mér fram fyrir sig ef ég spilaði lagið aftur. Það er óbærilegt."

**Af hverju eru svona fáir stelpu-plötusnúðar?**
„Ég held að vandamálið sé að við erum kallaðar „stelpu-plötusnúðar" en ekki bara plötusnúðar. Hver segir að ég sé stelpuplötusnúður? Á ég þá bara að spila Rihönnu og Pitbull og öskra „úr að ofan"? Ég hef alltaf flokkað mig með listamönnum og plötusnúðum á borð við KGB, Gísla Galdur, Bruff, DJ Yamaho, DJ Kára og þau setja standardinn."



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ➜ Natalie G. Gunnarsdóttir

Natalie G. Gunnarsdóttir, betur þekkt sem DJ Yamaho, er hálfbandarísk og hálfíslensk. Hún hefur starfað við tónlist í rúman áratug. Hún hefur spilað á flestum stöðum á Íslandi en einnig í New York, Berlín, Barcelona og á fleiri stöðum. Natalie vann í kvikmyndagerð samhliða tónlistarferli sínum í mörg ár en fór svo að læra viðskiptafræði við Háskóla Íslands.

**Þú ert búin að vera lengi í tónlistarbransanum. Hversu lengi eiginlega?**
„Ég er búin að spila síðan 1999 og nú getur hver reiknað út fyrir sig hversu lengi ég hef spilað. Ég hóf mín plötusnúðastörf á Sirkus og spilaði þar þangað til honum lokaði. Þá var gaman."

**Hvers konar tónlist spilar þú?**
„Ég spila house og teknó. Yfirleitt verður house fyrir valinu þar sem teknó getur verið tormelt á stöðum hér. En mér finnst engu að síður skemmtilegast að spila það."

**Hvað finnst þér skemmtilegast við starfið? En leiðinlegast?**
„Mér finnst skemmtilegast þegar ég get einbeitt mér að dj-settinu mínu og byggt upp einhverja stemmningu. En mér finnst leiðinlegast þegar ég er að spila fyrir hóp af fólki sem gerir ekkert annað en að biðja um Abba eða eitthvað sem það getur sungið með."

**Af hverju eru svona fáir stelpu-plötusnúðar?**
„Ég kenni Sjálfstæðisflokkinum alfarið um það."





**STOFNENDUR GÆS** Pau Gísli Björnsson, Lára Steinarsdóttir, Unnur Jónsdóttir, María Hreiðarsdóttir og Steinunn Ása Þorvaldsdóttir eru framtaksamt fólk. MYND/HARPA BJÖRNSDÓTTIR

# Kompudagar á GÆS

Starfsmenn á kaffihúsinu GÆS búa til markaðstorg sem verður starfrækt á laugardögum í sumar.

Svokallaðir kompudagar verða vikulegur viðburður á kaffihúsinu GÆS í Tjarnarbíói, að sögn Hörpu Björnsdóttur, verkefnisstjóra kaffihússins. Kaffihúsið var stofnað fyrr á árinu.

„Á Kompudögum verður búinn til markaður á kaffihúsinu og hægt verður að versla með gamlar gersemar," segir Harpa. Fyrsti kompudagurinn er í dag, á milli 12.00 og 17.00, en þar munu margir leggja góðum málefnum lið.

„Þar má nefna minningarsjóð Lofts Gunnarssonar, sem kemur til með að selja ljóðabækur og Dead-boli," segir Harpa jafnframt. Minningarsjóðurinn var stofnaður í kjölfar andláts Lofts í fyrra, en hann berst fyrir bættum hag heimilislausra á Íslandi.

Einnig munu starfsmenn GÆS selja eitthvað af sínum eigum. Amma Bíbí úr Hafnarfirði verður með handprjónaða vettlinga, húfur og trefla til sölu og Harpa, sem er vöruhönnuður, mun selja teikningar eftir sig svo eitthvað sé nefnt.

Hugmyndin að kaffihúsinu GÆS varð til hjá nemanda í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun í Háskóla Íslands. Hann vildi sjá breytingar í atvinnumálum fatlaðs fólks og sjá fleiri spennandi atvinnutækifæri og opnara samfélag. Síðustu vikur og mánuði hafa aðstandendur unnið hörðum höndum við að standsetja kaffihúsið, sem er orðin góð viðbót við kaffihúsaflóru borgarinnar.

- ósk

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR

## 27. JÚLÍ 2013

### Fræðsla

**14.00** Sverrir Jakobsson heldur erindi á Nýp á Skarðsströnd laugardaginn 27. júlí kl. 14. Erindið fjallar um landeigendur og héraðsvöld á Breiðafirði á 15. öld.

### Tónlist

**12.00** Peter Van de Velde frá Belgíu leikur á Klais orgelið í Hallgrímskirkju. Aðgangur 1.700 kr.

**14.00** Ingibjörg Friðriksdóttir flytur sönglög úr ýmsum áttum í Sólheimakirkju. Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Á níundu tónleikum sumarjazztónleikaraðar veitingastaðarins Jómfrúarinnar við Lækjargötu koma fram saxófónleikararnir Stefán S. Stefánsson og Ólafur Jónsson. Tónleikarnir standa á milli kl. 15 og 17 og fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Fjóla Kristín Nikulásdóttir sópran, Halla Marinósdóttir mezzósópran og Eva Þyri Hilmarsdóttir flytja íslenskar söngperlur í Norðurljósasal Hörpu.

**21.00** Óskar Guðjónsson saxófónleikari og Brazelíski gítar og söngvarinn Ife Tolentino leggja nú land undir fót og halda Brazelíska sömbu og bossa nova tónleika í Sjóræningjahúsinu Patreksfirði.

**22.00** **Hljómsveitin Ojba Rasta eru með tónleika á Græna hattinum á Akureyri kl.22.00 Miðaverð kr. 2.500.**



# SUNNUDAGUR

## 28. JÚLÍ 2013

### Tónlist

**16.00** Snorri mun flytja frumsamda tónlist af sínum tveimur útgefnu hljómplötum í bland við nýrra efni af væntanlegri þriðju hljómplötu sinni, Autumn Skies, sem gefin verður út með haustinu. Aðgangseyrir er 1000 krónur..

**17.00** Peter Van de Velde frá Belgíu leikur á Klais orgelið í Hallgrímskirkju. Aðgangur 2.500 kr.

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg.

**20.00** Fjóla Kristín Nikulásdóttir sópran, Halla Marinósdóttir mezzósópran og Eva Þyri Hilmarsdóttir flytja íslenskar söngperlur í Kaldalóni Hörpu.

**21.00** Jam-session í minningu Gunna Sveins eða Gunnars Reynis Sveinssonar, tónskálds og víbrafónleikara á Café Rosenberg. Miðaverð kr. 1.500.



### Leiðsögn

**13.00** **Sunnudaginn 28. júlí verður líf og fjör á Árbæjarsafni þegar boðið verður upp á leikræna leiðsögn um safnsvæðið kl. 13 og 15. Í þessum leiðsögnum býðst gestum að slást í för með Kára landpósti og kynnast lífinu í Reykjavík fyrir um 100 árum.**

**15.00** Sunnudaginn 28. júlí kl. 15 býður Listasafn Árnesinga upp á leiðsögn um sýninguna Tíminn í Landslaginu; Ásgrímur Jónsson og Arngunnur Ýr með sýningarstjóranum Jóni Proppé. Hann mun ræða um sýninguna og listamennina sem nálagast viðfangsefni sitt á ólíkan hátt meðal annars vegna ólíkra tímaskeiða. Gestum gefst einnig tækifæri til þess að spyrja og ræða við Jón.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# ÓTRÚLEGI ÚTSÖLUMARKAÐURINN
## Í FULLUM GANGI Í LAUGARDALSHÖLLINNI

VERÐ FRÁ **99** KR.

# TÓNLIST
# LEIKFÖNG
# OG DVD



## SKEMMTIDAGSKRÁ KL. 14 - 17 Í DAG

DAGSKRÁ Á SVIÐI MILLI KL. 14-15

* SVEPPI OG VILLI
* BJARNI TÖFRAMAÐUR
* RISASTRUMPUR

**15%** AUKAAFSLÁTTUR
EF ÞÚ KAUPIR FYRIR MEIRA EN 20.000 KR.

**10%** AUKAAFSLÁTTUR
EF ÞÚ KAUPIR FYRIR MEIRA EN 10.000 KR.

**NÝTT!** SKÓLAVÖRUR
Á GÓÐU VERÐI!

OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA · RÚMLEGA 35.000 VÖRUR · NÝ TILBOÐ DAGLEGA










# Druslufantasíur

**BAKÞANKAR**
Hildar Sverrisdóttur



Eldgamalt, landlægt og óþolandi er eitt fyrirbæri sem á ensku kallast „victim blaming“. Það er þegar fundnar eru fordómafullar og ómálefnalegar ástæður til að skella skuldinni á þolendur ofbeldis.

Í dag kl. 14 leggur Druslugangan af stað frá Hallgrímskirkju. Sú ganga er liður í að minna á að kynferðisbrot eru á ábyrgð gerandans burtséð frá því hvort konan sé drukkin, í skuggasundi, á útihátíð eða í stuttum kjól. Sem betur fer heyrast æ sjaldnar vangaveltur um hvort þolandi geti á einhvern hátt sjálfum sér um kennt en slíkir ábyrgðarfordómar eru svo rótgrónir að þeir leynast enn víða.

Í fyrra ritstýrði ég bók í þeim tilgangi að varpa ljósi á og fagna fjölbreytileikanum í kynferðislegum fantasíum kvenna. Í kjölfar útgáfunnar heyrðust skoðanir þar sem fallið var í þá gryfju að konur ættu að sitja á sér og ritskoða sig í þessum sagnaheimi huga síns. Ein rökin voru, jú, að með því að gera heiðarlega grein fyrir ýmiss konar fantasíum kvenna gætu karlmenn haldið að konur vildu upplifa þær fantasíur í raunveruleikanum án þess að gefa fyrir því samþykki. Að það væri sumsé réttlætanlegt að konur þegðu um slíkt til að setja sig ekki í hættu.

**FANTASÍUR** eru hliðartilvera sem skemmtir og styrkir konur í kynferðislegri tilveru sem þær ráða alfarið yfir. Það er synd ef þar þarf að þagga niður í konum svo karlmenn „misskilji“ ekki langanir þeirra í raunveruleikanum – í raunveruleika með skýrum reglum þar sem við vitum vel hvernig á að haga sér.

**ÞESSAR** lúmsku en vafalítið velmeinandi áhyggjur ýja enn og aftur að því að konur beri ábyrgð á að karlmenn misskilji ekki langanir þeirra – hvort sem það er út af fantasíum eða fatatísku.

**DRUSLUMST** nú til að gefa konum það svigrúm að vera þær sjálfar á allan hátt án þess að kalla yfir sig ábyrgð og fordæmingu vegna þess ofbeldis sem þær verða fyrir. Druslumst til þess að færa þá ábyrgð til þeirra sem eiga með réttu að axla hana. Druslumst til þess gott fólk, þá verður heimurinn betri.

# Vilja konu eins og Katrínu

## Breskir karlmenn falla frekar fyrir konum sem klæðast í sama stíl og prinsessan.

Breskir karlmenn falla frekar fyrir konum sem klæðast klassískum fatnaði en klæðalitlum konum. Þetta kemur fram í nýrri, breskri könnun.

Samkvæmt frétt Daily Mail falla 54 prósent breskra karlmanna fyrir vel klæddri konu en 17 prósent svarenda sögðu fatnað ekki skipta þá máli. Þá vildu 45 prósent aðspurðra helst konu er klæddist fatnaði í sama stíl og Katrín prinsessa. Meira en helmingur aðspurðra sagðist bera meiri virðingu fyrir vel klæddu kvenfólki en fjórðungur sagði persónuleika en ekki klæðaburð skipta máli.



**SKIPTIR KLÆÐABURÐUR MÁLI?** Breskir karlmenn vilja helst konur sem líta út eins og Katrín prinsessa. Þeir eru minna hrifnir af klæðaburði Rihönnu. NORDICPHOTOS/GETTY












# Þú ert velkomin á fjölskyldudag!

## laugardag & sunnudag milli 13:00 - 17:00

### Armbandið kostar:

| | |
|---|---|
| Fullorðnir | **990 kr** |
| 10 ára og yngri | **500 kr** |
| 5 ára og yngri | **Frítt** |

### Með armbandinu færðu:

- 36 brautir í Minigolf vellinum
- hoppukastalar
- þrautabrautina
- aparólur
- andlitsmálun handa kátum krökkum.

### Fjölskyldutilboð:

4 manna fjölskylda fá aðgangsmiða á **2690 kr**

### Við seljum gegn vægu gjaldi:

- Grillaðar pylsur og gos
- Candyfloss
- GlimmerTattoo







pepsi

Skemmtigarðurinn
Í GRAFARVOGI

sími: 587 4000
info@skemmtigardur.is
www.skemmtigardur.is

## Óvíst með útivistarreglur



**FÓTBOLTI** „Þeir verða allavega að vera komnir úr Dalnum klukkan átta á laugardaginn,“ grínast Hermann Hreiðarsson, spilandi þjálfari ÍBV.

Árlega velta menn fyrir sér hvernig þjálfarar karlaliðs ÍBV í knattspyrnu hyggjast halda á spöðunum þegar kemur að Þjóðhátíð í Eyjum. Sumir hafa gefið frí yfir helgina en aðrir hafa leyft mönnum að skemmta sér svo framarlega að menn mæti í sómasamlegu ástandi á æfingar yfir helgina.

Allajafna á ÍBV ekki leik þessa hátíðarhelgi í Eyjum en nú er annað uppi á peningnum. ÍBV mætir FH á laugardeginum klukkan 14 á Hásteinsvelli. „Það verður allavega ekkert gert á föstudeginum,“ segir Hermann. Hann á ekki von á að eiga í vandræðum með leikmenn sína á Þjóðhátíð.

„Þetta er svo mikill topphópur.“ -ktd

## Spjót Ásdísar brotnuðu á leið til Íslands

**FRJÁLSAR** Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir varð fyrir því óláni að missa öll sín helstu spjót á einu bretti. „Það varð smá óhapp á leiðinni til Íslands og þau brotnuðu,“ sagði hún í samtali við Fréttablaðið.

Ásdís missti tvö bestu keppnisspjótin sín og besta æfingaspjótið þar að auki. Hún á þó þegar von á nýjum spjótum frá sínum styrktaraðilum. „Nordic mun senda mér nýtt keppnisspjót og ég vona að það hafist fyrir HM,“ sagði Ásdís en hún keppir á HM í Moskvu um miðjan næsta mánuð. „Svo fæ ég líka spjót frá Sporttækjum, auk þess sem ég á nokkur æfingaspjót hér heima. Þannig að þetta hefst allt saman. Það er gott að eiga góða að,“ segir hún og bætir við að æfingar hafi gengið vel hjá sér í sumar.

„Árangurinn í mótum hefur reyndar ekki endurspeglað það sem er pirrandi. En svona er þessi grein, það þarf að hitta á réttan dag og þá getur eitt kast breytt öllu,“ segir hún en Íslandsmet hennar er 62,77 m.

Aníta keppir í spjótkasti í dag en heldur svo utan strax á morgun í æfingabúðir fyrir HM. „Það var ætlunin að keppa í kúluvarpi líka en það verður að bíða betri tíma.“ - esá



**ÓHEPPNI** Ásdís þurfti að fá ný keppnis- og æfingaspjót. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fannar Ingi stendur sig vel

**GOLF** Fannar Ingi Steingrímsson úr Golfklúbbi Hveragerðis er í sjöunda sæti af 124 keppendum í flokki 14 ára og yngri að loknum fyrsta hring á Teen World Championship-mótinu.

Fannar Ingi, sem setti vallarmet á Strandavelli á Hellu fyrr í sumar, spilaði hringinn á pari. Hann fékk fjóra fugla en fékk tvo tvöfalda skolla á par þrjú holum. Kylfingur frá Kanada er í forystu á fjórum höggum undir pari. -ktd



**FH-INGUR** Benedikt Reynir er á 23. aldursári. MYND/AFTURELDING.IS

## Reyna að fylla í skarð Bjarka

**HANDBOLTI** Benedikt Reynir Kristinson á í viðræðum við sína gömlu félaga í FH um endurkomu í Hafnarfjörðinn. Fyrir þessu hefur Fréttablaðið öruggar heimildir.

Hornamaðurinn, sem er uppalinn hjá FH og varð Íslandsmeistari með liðinu vorið 2011, hefur síðan leikið með Gróttu og Aftureldingu. Hann samdi við Mosfellinga til tveggja ára fyrir síðustu leiktíð.

FH-ingar eru í leit að rétthentum hornamanni eftir að Bjarki Már Elísson hélt utan í atvinnumennsku. - ktd



**Á MEIRA INNI** Matthildur ætlaði sér stærri hluti í Lyon. NORDICPHOTOS/GETTY

## Matthildur Ylfa sjöunda

**FRJÁLSAR** Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir hafnaði í sjöunda sæti í langstökki á HM fatlaðra í Lyon í Frakklandi er hún stökk 3,87 m. Matthildur keppir í fötlunarflokki F37.

Íslandsmet hennar í greininni er 4,28 m en stökkið hefði dugað til verðlaunasætis. Heimsmeistari varð Margarita Goncharova frá Rússlandi með stökk upp á 4,94. Besta stökk Matthildar var strax í fyrstu atrennu. - esá

# Auðvitað vill Aníta gullið

Hafdís Sigurðardóttir sér fram á mikla baráttu við Anítu Hinriksdóttur um gullverðlaunin í 400 m hlaupi á Meistaramóti Íslands í frjálsíþróttum á Akureyri um helgina. Flest okkar besta frjálsíþróttafólk verður með.

**FRJÁLSAR** Nánast allt okkar besta frjálsíþróttafólk tekur þátt á spennandi Meistaramóti Íslands á Akureyri nú um helgina. Mikill uppgangur hefur verið í íþróttinni síðustu misseri og margt ungt fólk hefur verið að ná frábærum árangri á alþjóðavísu. Þar fer Aníta Hinriksdóttir fremst í flokki en hún ætlar reyndar að taka sér frí frá 800 m hlaupi um helgina. Þess í stað hleypur hún með boðhlaupssveit ÍR og keppir þar að auki í 400 m hlaupi.

Fyrir fram má reikna með því að Aníta muni berjast við heimakonuna Hafdísi Sigurðardóttur en þær eiga mjög svipaðan tíma í greininni.

„Þetta verður hörkuhlaup og ég er búin að vera með hnút í maganum vegna þess,“ sagði Hafdís í léttum dúr. „Það verður fyrst og fremst heiður og gaman að fá að keppa við Anítu en það munar mjög litlu á okkur í þessari grein. Hún vill auðvitað fá gullið og ætlar ekki að láta gömlu konuna hirða það af sér.“

Aníta, nýkrýndur heims- og Evrópumeistari ungmenna í 800 m hlaupi, er fyrst og fremst millivegalengdahlaupari en Hafdís spretthlaupari. Þær mætast því á „miðri leið“ í 400 m hlaupinu sem þær hafa báðar hlaupið á rúmum 54 sekúndum á þessu ári. Hafdís á ögn betri skráðan tíma í greininni fyrir mótið.

Hafdís keppir í fjórum einstaklingsgreinum á mótinu um helgina og stefnir á sigur í þeim öllum. Hún keppir í 100, 200 og 400 m hlaupum sem og langstökki kvenna. Hún bætti einmitt Íslandsmetið í langstökki fyrr á þessu ári og virðist í besta formi lífs síns.

„Ég vona að ég nái að toppa á réttum tíma því ég er með miklar væntingar um góðan árangur,“ segir Hafdís, sem horfir sérstaklega á sextán ára gamalt Íslandsmet Guðrúnar Arnardóttur í 200 m hlaupi. Metið stendur í 23,81 sekúndu en Hafdís hljóp vegalengdina á 23,82 sekúndum á Smáþjóðaleikunum fyrr í sumar.

„Hlaupið fór fram í algjöru logni og ég er á því að hefði ég fengið örlítinn vind í bakið væri þetta met hrunið. Ég vona bara að veður og vindar verði bæði mér hliðholl og lögleg á sunnudaginn. Þá á eftir að koma í ljós hversu mikla orku ég mun hafa eftir fyrri keppnisdaginn [í dag] sem verður mjög strembinn,“ segir Hafdís, sem á einnig Íslandsmetin í 60 m og 300 m hlaupi. eirikur@frettabladid.is





**KEPPINAUTAR** Hafdís Sigurðardóttir og Aníta Hinriksdóttir munu etja kappi í 400 m hlaupi á Meistaramóti Íslands í frjálsíþróttum um helgina. Hafdís á betri skráðan tíma en ekki munar miklu á þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Áhugavert á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum



Flest okkar besta frjálsíþróttafólk verður með á Akureyri um helgina. Hér má sjá yfirlit yfir nokkrar athyglisverðar greinar sem vert verður að fylgjast með um helgina.

➜ **Sleggjukast karla (í dag kl. 13.00)**: Hinn stórefnilegi *Hilmar Örn Jónsson* er nýbúinn að bæta Íslandsmetið með 6 kg sleggju og er einnig öflugur kúluvarpari.

➜ **100 m grindahlaup kvenna (í dag kl. 13.30)**: *Arna Stefanía Guðmundsdóttir* er nýbúin að setja aldursflokkamet í greininni en þessi öfluga sjöþrautarkona má búast við mikilli samkeppni við ***Sveinbjörgu Zophaníasdóttur (á mynd)*** og *Maríu Rún Gunnlaugsdóttur* sem báðar keppa einnig alla jafna í sjöþraut.

➜ **Langstökk kvenna (í dag kl. 13.30)**: Íslandsmethafinn *Hafdís Sigurðardóttir* er líklegust til sigurs eftir að hafa bætt Íslandsmet í greininni í vor.

➜ **Spjótkast kvenna (í dag kl. 14:20)**: *Ásdís Hjálmsdóttir* undirbýr sig að fullu fyrir HM.

➜ **100 m hlaup karla (í dag kl. 14.40)**: Fjölmennasta greinin en alls eru 28 skráðir til leiks. *Kolbeinn Höður Gunnarsson* og *Ívar Kristinn Jasonarson* munu líklega berjast um gullið, rétt eins og í 400 m hlaupi karla (í dag kl. 15.10).

➜ **400 m hlaup kvenna (í dag kl. 15.25)**: *Aníta Hinriksdóttir* og *Hafdís Sigurðardóttir* munu berjast um gullið.

➜ **Spjótkast karla (í dag kl. 15.30)**: Ísland á nú tvo efnilega spjótkastara, þá *Guðmund Sverrisson*, sem er nálægt 80 m, og *Örn Davíðsson*, sem hefur kastað yfir 75 m.

➜ **Kúluvarp karla (á morgun kl. 13.30)**: Ólympíufarinn *Óðinn Björn Þorsteinsson* hefur verið að koma sér aftur af stað eftir leikana í Lundúnum.

➜ **200 m hlaup kvenna (á morgun kl. 14.40)**: Hér verður athyglisvert að fylgjast með hvort Hafdís Sigurðardóttir nái að bæta Íslandsmet Guðrúnar Arnardóttur.

# Árangurinn styrkir stöðu íslenskra félagsliða

Góður árangur í Evrópukeppnum styrkir stöðu íslenskra liða og gefur möguleika á auðveldari andstæðingum.

**FÓTBOLTI** Íslensk félagslið hafa náð frábærum árangri í Evrópukeppnunum þetta árið. Öll fjögur íslensku liðin unnu fyrstu andstæðinga sína í Evrópukeppnunum og tvö þeirra, FH og Breiðablik, eru komin enn lengra eftir sigra á liðum sem voru hærra skrifuð. KR og ÍBV féllu hins vegar úr leik gegn mjög sterkum andstæðingum.

Gunnar Gylfason hefur starfað að þátttöku íslenskra félagsliða í Evrópukeppnum fyrir hönd KSÍ og segir árangurinn sá besta í tæpan áratug. „Þetta er besti árangur okkar síðan við komum fjórum liðum í Evrópukeppnirnar,“ segir hann.

Árangur íslenskra liða hefur tvíþætt áhrif. Annars vegar á landsstuðul íslenskra liða í heild sinni en staða Íslands á þeim lista ákveður hversu mörg sæti Ísland fær í hverri keppni og í hvaða umferð þau hefja þáttöku.

Hins vegar safna liðin sér svo sjálf stigum fyrir árangur og fá stig samkvæmt því hversu langt þau komast í keppninni. Sá stigafjöldi ákvarðar hvorum megin liðin lenda þegar raðað er í efri og neðri styrkleikaflokk þegar lið eru dregin saman í keppni.

„Árangur liðanna í leikjunum sjálfum – sigrar og jafntefli – hækka svo landsstuðul Íslands. Jafntefli ÍBV við Rauðu stjörnuna í vikunni hjálpar því landsstuðlinum þó svo að Eyjamenn hafi fallið úr leik,“ útskýrir Gunnar.

FH var í neðri styrkleikaflokki þegar dregið var í annarri umferð forkeppni Meistaradeildar og litháíska liðið Ekranas í efri. FH var með næstflest stig af liðunum í neðri hlutanum en eftir sigur liðsins á Ekranas er mjög líklegt að FH-ingar verði í efri hlutanum ef liðið kemst aftur í forkeppni Meistaradeildarinnar á næsta ári. Til þess þarf þó FH að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í haust.

Staða KR og Breiðabliks er einnig sterk þar sem liðin hafa spilað reglulega í Evrópukeppnum síðustu ár. Fyrir fram er þó erfitt að meta stöðu íslenskra liða fyrr en vitað er hvaða lið komast í Evrópukeppnirnar hverju sinni. Þó er ljóst að árangurinn í ár eykur líkurnar til muna á að íslensk lið fái auðveldari andstæðinga í fyrstu umferðum forkeppni Meistaradeildar Evrópu og Evrópudeildarinnar á komandi árum. - esá



**FRÁBÆR ÁRANGUR** Nichlas Rohde og félagar í Breiðabliki gerðu góða ferð til Austurríkis í vikunni og slógu út Sturm Graz.

# Breiðablik og Þór/KA mætast í úrslitaleik Borgunarbikarkeppni kvenna



**HETJAN** Sandra María skoraði eina markið á teppinu í Garðabæ í gær. Kappið bar fegurðina á tímum ofurliði í heimsókn Fylkis í Kópavoginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar Þórs/KA lögðu bikarmeistara Stjörnunnar 1-0 í undanúrslitum í gærkvöldi með marki Söndru Maríu Jessen. Markið var það fyrsta sem Stjarnan fær á sig í keppninni en liðið hafði unnið alla leiki sína í sumar.

Breiðablik þurfti að bíða í 88 mínútur eftir sigurmarki sínu gegn b-deildarliði Fylkis. Berglind Björg Þorvaldsdóttir skoraði eina markið í baráttuleik. **- ktd**

**visir.is**
Frekari umfjöllun um leiki gærkvöldsins

## BORGUNARBIKAR
UNDANÚRSLIT

**BREIÐABLIK - FYLKIR** **1-0**
1-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (88.)

**STJARNAN - ÞÓR/KA** **0-1**
0-1 Sandra María Jessen (82.)

Úrsiltaleikurinn fer fram á Laugardalsvelli laugardaginn 24. ágúst.



**LEIÐIST ÞÓFIÐ** Haraldur Franklín er þekktur fyrir að láta verkin tala á golfvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Haraldur í banastuði

**GOLF** Haraldur Franklín Magnús úr GR hefur verið í sérflokki það sem af er Íslandsmótinu í höggleik á Korpúlfsstaðavelli. Flest bendir til þess að hann verji Íslandsmeistaratitil sinn.

Haraldur Franklín lék annan hringinn í gær á fjórum höggum undir pari og er samanlagt á sjö höggum undir pari.

Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG er í öðru sæti á tveimur undir samanlagt eftir að hafa leikið fyrsta hringinn á pari. Ólafur Björn Loftsson úr Nesklúbbnum, sem setti vallarmet í dag á sex undir pari. **- ktd**



**GENGUR VEL** Guðrún Brá spilaði fyrsta hringinn á einu höggi undir pari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Guðrún Brá með forystu

**GOLF** Guðrún Brá Björgvinsdóttir úr GK hefur fjögurra högga forystu að loknum öðrum hring á Íslandsmótinu í höggleik á Korpúlfsstaðavelli.

Guðrún Brá lék hringinn í gær á þremur höggum yfir pari. GR-ingunum Höllu Björk Ragnarsdóttur og Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur, sem deildu öðru sætinu eftir fyrsta daginn, fataðist flugið illa. Halla lék á þrettán yfir pari og Ólafía á sjö yfir.

Valdís Þóra Jónsdóttir úr GL er komin í annað sætið á sex höggum yfir pari samanlagt. Hún deilir sætinu með Gunnhildi Kristjánsdóttur úr GKG. **- ktd**



# DAGSKRÁ

SUNNUDAGUR



### Colin Firth

„Ég hef ekki þurft að hafa mikið fyrir lífinu. Ég hef verið mjög heppinn.“

*Colin Firth leikur í kvikmyndinni The King´s Speech sem er á dagskrá Bíórásarinnar klukkan 13.35 og 20.00 í kvöld.*

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl.20:10
### Rizzoli & Isles

Þriðja þáttaröðin um rannsóknarlögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Mauru Isles, sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur sem leysa glæpi Boston-mafíunnar saman.



### Rás 2 kl. 16.05
### Rokkland

Í Rokklandi er tekin fyrir tónlist líðandi stundar, sögur sagðar af hljómsveitum og tónlistarmönnum auk þess sem umsjónarmaður spjallar við óþekkta sem heimsþekkta tónlistarmenn. Umsjónarmaður er Ólafur Páll Gunnarsson.








### STÖÐ 2

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Grallararnir**
**07.45 Hello Kitty**
**07.55 UKI**
**08.00 Algjör Sveppi**
**10.55 Xiaolin Showdown**
**11.15 Hundagengið**
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 Besta svarið** *(7:8)*
**14.25 Grillað með Jóa Fel** *(3:6)*
**15.00 Mr Selfridge** *(10:10)*
**15.45 Suits** *(16:16)*
**16.35 How I Met Your Mother** *(3:24)*
**17.05 Mannshvörf á Íslandi** *(3:8)*
**17.35 60 mínútur**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Frasier** *(8:24)*
**19.25 Harry's Law** *(10:22)*
**20.10 Rizzoli & Isles** *(8:15)*
**20.55 The Killing** *(8:12)* Þriðja þáttaröðin af þessum æsispennandi sakamálaþáttum, sem byggja á dönsku verðlaunaþáttunum Forbrydelsen.
**21.40 Crossing Lines** *(3:10)* Glæný sakamálaþáttaröð sem fjallar um hóp þrautþjálfaðra rannsóknarlögreglumanna sem ferðast um Evrópu og rannsaka dularfull sakamál.
**22.25 60 mínútur** Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
**23.10 The Daily Show: Global Editon** *(23:41)*
**23.35 Nashville** *(5:21)*
**00.20 The Newsroom** *(2:10)*
**01.10 Boss** *(6:10)*
**02.05 Suits** *(16:16)*
**02.50 Rita** *(4:8)*
**03.35 Columbus Day**
**05.05 Harry's Law** *(10:22)*
**05.50 Fréttir**

### POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** *(6:24)*
**19.25 Two and a Half Men** *(23:24)*
**19.45 The Simpsons** *(12:22)*
**20.10 The O.C. 2** *(1:24)*
**20.55 The Cleveland Show** *(14:22)*
**21.20 The Secret Circle** *(19:22)*
**22.05 The Secret Circle** *(20:22)*
**22.50 The O.C. 2** *(1:24)*
**23.35 The Cleveland Show** *(14:22)*
**00.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### ÍNN

**14.00** Frumkvöðlar **14.30** Golf fyrir alla **15.00** Eldhús meistaranna **15.30** Sædís í Gleym mér ei **16.00** Hrafnaþing **17.00** Panorama **17.30** Móti **18.00** Árni Páll **18.30** Tölvur, tækni og kennsla **19.00** Veiðin og Bender **19.30** Á ferð og flugi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Þjóðlagahátíð á Siglufirði **22.00** Hrafnaþing **23.00** Motoring **23.30** Eldað með Holta

### SPORT *besta sætið*

**09.50 ÍBV - Red Star Belgrade**
**11.30 Formúla 1**
**14.30 Sumarmótin 2013**
**15.20 San Antonio - Miami**
**17.20 2013 Augusta Masters**
**23.05 Formúla 1**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**10.35 Club Friendly Football Matches** Bein útsending frá leik Thailand National Team og Liverpool
**12.45 Tottenham - Sunderland**
**14.30 Man. City - South China**
**16.10 Leikur um 3. sæti** Útsending frá leik um 3. sætið
**17.50 Úrslitaleikur** Útsending frá úrslitaleiknum,
**19.30 PL Classic Matches: Tottenham - Liverpool, 1993**
**20.00 Club Friendly Football Matches** Útsending frá leik Thailand National Team og Liverpool.
**21.40 Cerezo Osaka - Man. Utd**
**23.20 Everton - Tottenham**

### krakkar

**07.00** Latibær *(8:18)* **07.25** Ævintýri Tinna **07.45** Svampur Sveinsson **08.10** Svampur Sveinsson **08.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.55** Áfram Diego, áfram! **09.20** Dóra könnuður **09.40** Dóra könnuður **10.05** Doddi litli og Eyrnastór **10.15** Ævintýraferðin **10.25** Hello Kitty **10.35** Fjörugi teiknimyndatíminn **11.00** Kalli kanína og félagar **11.05** Kalli kanína og félagar **11.15** Latibær *(8:18)* **11.40** Ævintýri Tinna **12.00** Svampur Sveinsson **12.20** Svampur Sveinsson **12.40** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.05** Áfram Diego, áfram! **13.25** Dóra könnuður **13.50** Dóra könnuður **14.15** Doddi litli og Eyrnastór **14.25** Lína langsokkur **14.50** Ævintýraferðin **15.00** Hello Kitty **15.10** Fjörugi teiknimyndatíminn **15.35** Kalli kanína og félagar **15.40** Kalli kanína og félagar **15.50** Latibær *(8:18)* **16.15** Ævintýri Tinna **16.35** Svampur Sveinsson **17.00** Svampur Sveinsson **17.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.40** Áfram Diego, áfram! **18.05** Dóra könnuður **18.30** Dóra könnuður **18.55** Doddi litli og Eyrnastór **19.05** Ævintýraferðin **19.15** Hello Kitty **19.25** Fjörugi teiknimyndatíminn **19.45** Kalli kanína og félagar **19.50** Kalli kanína og félagar

### GULL

**20.00 Viltu vinna milljón?**
**20.50 Pushing Daisies** *(12:13)*
**21.35 Men in Trees** *(3:19)*
**22.20 Grey's Anatomy**
**23.05 Lois and Clark** *(5:22)*
**23.50 Viltu vinna milljón?**
**00.40 Men in Trees** *(3:19)*
**01.25 Pushing Daisies** *(12:13)*
**02.10 Grey's Anatomy**
**02.55 Lois and Clark** *(5:22)*
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### BÍÓ

**09.10 Sumarlandið**
**10.30 Cyrus**
**12.00 Journey 2: The Mysterious Island**
**13.35 The King's Speech**
**15.30 Sumarlandið**
**16.55 Cyrus**
**18.25 Journey 2: The Mysterious Island**
**20.00 The King's Speech**
**22.00 The Pelican Brief**
**00.20 Harry Brown**
**02.00 The Edge**
**03.55 The Pelican Brief**

### RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**08.01 Kioka**
**08.08 Með afa í vasanum** *(6:14)*
**08.20 Stella og Steinn** *(17:52)*
**08.32 Franklín og vinir hans** *(10:52)*
**08.55 Babar** *(12:26)*
**09.17 Kúlugúbbar**
**09.42 Undraveröld Gúnda** *(8:18)*
**10.05 Chaplin** *(6:52)*
**10.12 Kafteinn Karl** *(2:26)*
**10.24 Fum og fát** *(12:20)*
**10.30 Skellibjalla og leyndardómur álfkonunnar**
**11.55 Nýsköpun - Íslensk vísindi** *(7:12)*
**12.25 Útsvar** *(Reykjanesbær - Akranes)*
**13.30 Íslandsmótið í höggleik** *(2:2)* **BEINT**
**17.30 Táknmálsfréttir**
**17.40 Teitur** *(33:52)*
**17.51 Skotta Skrímsli** *(25:26)*
**18.00 Stundin okkar** *(11:31)*
**18.25 Græn gleði** *(5:10)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Íslendingar: Róbert Arnfinnsson**
**20.45 Paradís** *(4:8) (The Paradise)*
**21.40 Íslenskt bíósumar - Foreldrar** Bíómynd eftir Vesturport og Ragnar Bragason sem leikstýrir.
**23.05 Brúin** *(6:10) (Broen)* Dansk/sænskur myndaflokkur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.*(e)*
**00.05 EM kvenna í fótbolta** *(Úrslitaleikurinn) (e)*
**01.50 EM-stofa**
**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### RÚV ÍÞRÓTTIR

**13.30** EM-stofa **13.50** EM kvenna í knattspyrnu, úrslitaleikur *(Úrslitaleikurinn)* BEINT **16.05** EM-stofa Umfjöllun um úrslitaleik EM kvenna í knattspyrnu. **16.30** EM kvenna í knattspyrnu *(Úrslitaleikurinn) (e)*

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Dr. Phil**
**14.35 Last Comic Standing** *(5:10)*
**16.00 Men at Work** *(2:10)*
**16.25 Parenthood** *(16:18)*
**17.15 Royal Pains** *(12:16)*
**18.00 Common Law** *(11:12)*
**18.45 Blue Bloods** *(22:23)*
**19.35 Judging Amy** *(23:24)*
**20.20 Top Gear Australia - LOKAÞÁTTUR** *(6:6)*
**21.10 Law & Order** *(14:18)*
**22.00 Leverage** *(9:16)*
**22.45 Lost Girl** *(18:22)*
**23.30 Nurse Jackie** *(5:10)*
**00.00 House of Lies** *(5:12)*
**00.30 The Mob Doctor** *(11:13)*
**01.15 Flashpoint** *(6:18)*
**02.05 Excused**
**02.30 Leverage** *(9:16)*
**03.15 Lost Girl** *(18:22)*
**04.00 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** RBC Canadian Open **2013** *(3:4)* **10.30** The Open Championship Official Film **1995** **11**.30 RBC Canadian Open **2013** *(3:4)* **16.00** The Open Championship Official Film **1999** **17**.00 RBC Canadian Open **2013** *(4:4)* **22.00** The Players Championship **2013** *(4:4)* **02.00** ESPN America

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




PARTNERSHIP STORE
OPNAR 8 ÁGÚST Í SMÁRALIND

# DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR

**Stöð 2 kl. 22.30**

## Rock of Ages



Kvikmyndin er byggð á samnefndum söngleik og gerist árið 1987. Myndin byggir ekki síst á vinsælustu rokktónlist þeirra ára þegar hljómsveitir eins og Def Leppard, Journey, Poison, Twisted Sister og Foreigner áttu sviðið.

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

### ODDVAR ÖRN HJARTARSON LISTAKONA



**ÉG KAUPI MÉR** uppáhalds kvikmyndaefni og ég sækist mest í þætti sem hafa eitthvað með LGBT (lesbian, gay, bisexual og transgender) að gera. Eitt af því besta sem ég veit við að vera lasin er að það er hægt að nálgast einhverja seríu sem allir eru að tala um og veikindin líða hjá hratt.



1 **GLEE** Snilld út af öllu LGBT-inu og einlægninni. En af því þetta er skólaþáttur þá uxu þau og það flosnaði smá upp úr þessu.



2 **Futurama** Framtíðargetgátur í þessum dúr þykja mér skemmtilegar.



3 **Ljósmóðirin / Call The Midwife.** Frábærar týpur og listræn stjórnun í yfirdrifi. Byggt á alvöru reynslusögum. Ljósmæður eru líka að fíla þennan þátt. Súrsætt.

**Bylgjan kl. 09.00**

## Hreimsborgarar



Stjórnandi þáttarins er Hreimur Heimisson söngvari og lagasmiður og með honum í þættinum verða Magni Ásgeirsson söngvari, Vignir Snær Vigfússon gítarleikari og Erna Hrönn Ólafsdóttir söngkona.






## STÖÐ 2

**07.00** **Strumparnir**
**07.25** **Brunabílarnir**
**07.50** **Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00** **Algjör Sveppi**
**09.50** **Scooby-Doo!**
**10.15** **Loonatics Unleashed**
**10.35** **Ozzy & Drix**
**11.00** **Mad**
**11.10** **Young Justice**
**11.35** **Big Time Rush**
**12.00** **Bold and the Beautiful**
**12.20** **Bold and the Beautiful**
**12.40** **Bold and the Beautiful**
**13.00** **Bold and the Beautiful**
**13.20** **Bold and the Beautiful**
**13.45** **Tossarnir**
**14.25** **How I Met Your Mother** *(3:24)*
**14.50** **ET Weekend**
**15.35** **Sjáðu**
**16.05** **Íslenski listinn**
**16.35** **Pepsi mörkin 2013**
**17.55** **Latibær**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.50** **Íþróttir**
**18.55** **Ísland í dag - helgarúrval**
**19.10** **Lottó**
**19.20** **The Neighbors** *(11:22)* Bráðskemmtilegur gamanþáttur um Weaver-fjölskylduna sem flytur í nýtt hverfi í New Jersey sem að þeirra mati er líkastur paradís á jörð. Smám saman kemst Weaver-fjölskyldan að því að hún sker sig talsvert úr í nýja hverfinu.
**19.45** **Total Wipeout** *(10:12)* Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Hér er á ferð ómenguð skemmtun, gamall og góður buslugangur með nýju tvisti sem ekki nokkur maður getur staðist.
**20.35** **Soul Surfer** Dennis Quaid og Helen Hunt í hugljúfri mynd um unga konu sem missir hönd eftir árás hákarls. Hún lætur það þó ekki stöðva sig og ákveður að ná frama í brimbrettaíþrótt.
**22.20** **Rock of Ages**
**00.20** **The Night of the White Pants**
**01.45** **Righteous Kill**
**03.25** **Planet of the Apes**
**05.20** **Fréttir**

## POPP TÍVÍ

**19.00** **Friends** *(5:24)*
**19.25** **Two and a Half Men** *(22:24)*
**19.45** **The Simpsons** *(11:22)*
**20.10** **The O.C.** *(27:27)*
**20.55** **Hart of Dixie** *(15:22)*
**21.40** **Hart of Dixie** *(16:22)*
**22.25** **The Vampire Diaries** *(17:22)*
**23.10** **The Vampire Diaries** *(18:22)*
**23.55** **The O.C.** *(27:27)*
**00.40** **Hart of Dixie** *(17:22)*
**01.25** **Hart of Dixie** *(18:22)*
**02.10** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**17.00** Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Panorama **21.30** Móti **22.00** Árni Páll **22.30** Tölvur, tækni og kennsla **23.00** Veiðin og Bender **23.30** Á ferð og flugi **00.00** Hrafnaþing

## SPORT *besta sætið*

**08.55** **Búdapest 2013 - Æfing # 3**
**10.00** **Bayern - Barcelona**
**11.50** **Formúla 1 2013 - Tímataka**
**13.35** **Eiður Smári Guðjohnsen**
**14.25** **Man. City - Wigan**
**16.25** **Bubba Watson á heimaslóðum**
**17.15** **Formúla 1 2013 - Tímataka**
**19.00** **Spænski boltinn: Mallorca - Barcelona**
**20.40** **Spænski boltinn: Valladolid - Real Madrid**
**22.25** **UFC London 2013**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.55** **Leikur um 3. sæti** BEINT
**12.25** **Úrslitaleikur** BEINT
**14.30** **Cerezo Osaka - Man. Utd.**
**16.10** **PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1995**
**16.40** **Tottenham - Sunderland**
**18.20** **Man. City - South China**
**20.00** **Leikur um 3. sæti** Útsending frá leik um 3. sætið
**21.40** **Úrslitaleikur** Útsending frá úrslitaleiknum,
**23.20** **Swansea - Aston Villa**

## krakkar

**07.00** Latibær *(7:18)* **07.25** Ævintýri Tinna **07.45** Svampur Sveinsson **08.10** Svampur Sveinsson **08.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.55** Áfram Diego, áfram! **09.20** Dóra könnuður **09.40** Dóra könnuður **10.05** Doddi litli og Eyrnastór **10.15** Ævintýraferðin **10.25** Hello Kitty **10.35** Fjörugi teiknimyndatíminn **11.00** Kalli kanína og félagar **11.05** Kalli kanína og félagar **11.15** Latibær *(7:18)* **11.40** Ævintýri Tinna **12.05** Svampur Sveinsson **12.25** Svampur Sveinsson **12.45** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.10** Áfram Diego, áfram! **13.30** Dóra könnuður **13.55** Dóra könnuður **14.20** Doddi litli og Eyrnastór **14.30** Lína langsokkur **14.55** Ævintýraferðin **15.05** Hello Kitty **15.15** Fjörugi teiknimyndatíminn **15.35** Kalli kanína og félagar **15.40** Kalli kanína og félagar **15.50** Latibær *(7:18)* **16.15** Ævintýri Tinna **16.35** Svampur Sveinsson **17.00** Svampur Sveinsson **17.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.40** Áfram Diego, áfram! **18.05** Dóra könnuður **18.30** Dóra könnuður **18.55** Doddi litli og Eyrnastór **19.05** Ævintýraferðin **19.15** Hello Kitty **19.25** Fjörugi teiknimyndatíminn **19.45** Kalli kanína og félagar **19.50** Kalli kanína og félagar

## GULL

**20.00** **KF Nörd**
**20.40** **Réttur** *(5:6)*
**21.30** **X-Factor** *(18:20)*
**22.35** **Fringe** *(6:20)*
**23.25** **KF Nörd**
**00.05** **Réttur** *(5:6)*
**00.50** **X-Factor** *(18:20)*
**01.55** **Fringe** *(6:20)*
**02.45** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**08.10** **When Harry Met Sally**
**09.45** **Adam**
**11.25** **Prince and Me II**
**13.00** **Philadelphia**
**15.05** **When Harry Met Sally**
**16.40** **Adam**
**18.20** **Prince and Me II**
**19.55** **Philadelphia**
**22.00** **Bad Lieutenant: Port of Call New Orleans**
**00.00** **Into the Blue**
**01.50** **Big Stan**
**03.35** **Bad Lieutenant: Port of Call New Orleans**

## RÚV

**08.00** **Morgunstundin okkar**
**08.01** **Tillý og vinir** *(31:52)*
**08.12** **Háværa ljónið Urri** *(6:52)*
**08.22** **Sebbi** *(18:52)*
**08.34** **Úmísúmí** *(19:20)*
**08.57** **Litli Prinsinn** *(12:27)*
**09.20** **Grettir** *(40:52)*
**09.31** **Nína Pataló** *(33:39)*
**09.44** **Kung Fu Panda - Goðsagnir frábærleikans** *(15:26)*
**10.06** **Skúli skelfir** *(17:26)*
**10.17** **Grettir** *(5:52)*
**10.30** **360 gráður** *(9:30)*
**10.55** **Með okkar augum** *(4:6)*
**11.25** **Fjársjóður framtíðar II** *(6:6)*
**11.55** **Brasilía með Michael Palin – Suðrið** *(4:4)*
**12.50** **Basl er búskapur** *(6:7)*
**13.20** **Á meðan ég man** *(7:8)*
**13.50** **Gulli byggir - Í Undirheimum** *(4:8)*
**14.20** **Skarfar - einstök aðlögun**
**15.15** **Íslandsmótið í höggleik** *(1:2)*
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Golfið** *(6:13)*
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.40** **Duran Duran** *(Duran Duran: Diamond in the Mind)* Upptaka frá tónleikum hljómsveitarinnar Duran Duran í Manchester í desember 2011.
**20.45** **Stigið í vænginn við frú Stone** *(The Roman Spring of Mrs. Stone)*
**22.40** **Undir fögru skinni** *(The Joneses)* Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.15** **Veðurfréttamaðurinn** *(The Weather Man)*
**01.55** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## RÚV ÍÞRÓTTIR

**16.00** EM kvenna í knattspyrnu (Ísland-Noregur)(e) **18.00** EM kvenna í knattspyrnu (Ísland-Þýskaland)(e) **20.00** EM kvenna í knattspyrnu (Holland-Ísland)(e)

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**12.55** **Dr. Phil**
**13.40** **Dr. Phil**
**14.25** **Dr. Phil**
**15.10** **Judging Amy** *(22:24)*
**15.55** **Psych** *(11:16)*
**16.40** **Britain's Next Top Model** *(7:13)*
**17.30** **The Office** *(16:24)*
**17.55** **Family Guy** *(14:22)*
**18.20** **The Biggest Loser** *(5:19)*
**19.50** **Last Comic Standing** *(5:10)*
**21.15** **Justin Bieber Live@Home**
**22.00** **License to Kill** James Bond yfirgefur bresku leyniþjónustuna í þeim tilgangi að hefna sín á fíkniefnabarón sem drap besta vin hans.
**00.00** **NYC 22** *(7:13)*
**00.50** **Upstairs Downstairs** *(1:6)*
**01.40** **Men at Work** *(2:10)*
**02.05** **Excused**
**02.30** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** RBC Canadian Open **2013** *(2:4)* **10.00** The Open Championship Official Film **1989** **11**.00 Ryder Cup Official Film **2006** **12**.15 Inside the PGA Tour *(30:47)* **12.40** RBC Canadian Open **2013** *(2:4)* **15.40** LPGA Highlights *(10:20)* **17.00** RBC Canadian Open **2013** *(3:4)* **22.00** The Players Championship **2013** *(3:4)* **02.00** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

Shell V-Power

# King of the street 2013

## GÖTUKÓNGURINN OG 3. UMFERÐ Í ÍSLANDSMÓTINU

## LAUGARDAGINN 27. JÚLÍ
## á kvartmílubrautinni við Straumsvík

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 08:00 | Mæting keppenda og skoðun | 11:50 | Keppendur Íslandsmóts mættir við sín tæki | 14:00 | Kærufrestur Íslandsmóts liðinn |
| 09:30 | Pittur lokar | | | 14:00 | Keppni KOTS hefst |
| 09:50 | Fundur með keppendum | 12:00 | Keppni Íslandsmóts hefst | 16:30 | Keppni KOTS lýkur - kærufrestur hefst |
| 10:00 | Tímatökur hefjast fyrir báðar keppnir | 13:30 | Keppni Íslandsmóts lýkur - kærufrestur hefst | 17:00 | Kærufrestur KOTS liðinn |
| 11:45 | Tímatökum lýkur | 13:50 | Keppendur KOTS mættir við sín tæki | 17:00 | Verðlaunaafhending á pallinum |

## FLOKKAR

**Bílar með drifi á einum öxli keppa í 5 flokkum:**

- 4 sílendra
- 6 sílendra
- 8+ cyl Radial á hefðbundum radial dekkjum (ekki soft compound eða nælon dekk)
- 8+ cyl DOT á soft compound dekkjum

**Fjórhóladrifnir bílar keppa í einum flokki:**

- 4x4 flokkur

**Jeppar, trukkar og pallbílar keppa í einum flokki:**

- Jeppaflokkur

OF bílar mæta á svæðið og keppan utan flokka.

**Nýr flokkur - Outlaw:**

- Meira breyttir bílar.

**Mótorhjólaflokkar**

**Racerar:**
- 799cc og minni
- 800cc og stærri

**Hippar:**
- 999cc og minni
- 1000cc og stærri







PIPAR\TBWA • SÍA • 122028

Púststjónusta BJB Aukin þjónusta

KVARTMÍLU KLÚBBURINN

www.kvartmila.is

**Aðgangseyrir 1.000 kr.**
Frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

**VERÐLAUN:**
- Bensínúttektir frá Skeljungi
- Úttektir frá BJB

## KEYPTI HÚS Á SELFOSSI



Fréttakonan skelegga Malín Brand hefur söðlað um og er flutt á Selfoss þar sem hún fjárfesti í húsi. Samkvæmt nýlegum Facebook-status Malínar taka Selfyssingar henni vel og kann hún vel við sig á staðnum. Malín hefur verið í sumarfríi að undanförnu en notað tímann til að vinna sjálfstætt að heimildarmynd um býflugnarækt á Íslandi. Hún er þó hvergi hætt á RÚV þrátt fyrir flutninga og mun senn birtast aftur á sjónvarpsskjáum landsmanna og flytja þeim fréttir. - hó



„Helsta ástæða þess að ég skrifa er til að fara ekki eins og uppvakningur í gegnum lífið.“

ZADIE SMITH
RITHÖFUNDUR UM ÞÖRF SÍNA TIL ÞESS AÐ SKRIFA OG VERA SKAPANDI.

## SLÁ Í GEGN Í JAPAN



Hljómsveitin Of Monsters and Men er heldur betur að stíga stór skref í tónlistarheiminum erlendis. Tónleikaferðalagið heldur áfram um heiminn og nú síðastliðinn miðvikudag flaug hljómsveitin til Japan þar sem hún kom fram á Fuji Rock-tónlistarhátíðinni í gær. Fjöldinn allur af fólki sækir Fuji Rock-hátíðina, sem er haldin á Naeba-skíðastaðnum. Hátíðin er umhverfisvæn og hefur unnið að verndun skógarumhverfis í gegnum síðuna Fuji Rockers Forest Project. - mmm

## RÁÐHERRA GRILLAR



Frumkvöðlar nutu krafta Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem á fimmtudag grillaði fyrir gesti og gangandi í sérstakri grillveislu til heiðurs frumkvöðlasamfélaginu á Íslandi. Grillveislan var á vegum nýsköpunarverkefnisins Startup Reykjavík. Þar verða tíu ný sprotafyrirtæki í tíu vikna þjálfunarbúðum í sumar. Fyrirtækin fást meðal annars við viskíbruggun og rússíbanagerð. - gar

# Retró hasarleikur fyrir Android

Fyrirtækið Gravity Games hefur sent frá sér smáleikinn Super Moon Defender.

„Ég myndi segja að þetta væri svona retró aksjónleikur,“ segir leikjahönnuðurinn Eiríkur Guðmundsson, en hann er einn þriggja leikjahönnuða sem gefið hafa út smáleikinn Super Moon Defender fyrir Android-stýrikerfið. Leikjahönnuðirnir þrír kynntust við nám í Margmiðlunarskólanum og stofnuðu í kjölfarið fyrirtækið Gravity Games. Super Moon Defender er fyrsta afurð fyrirtækisins. „Markmið leiksins er í raun að ná sem flestum stigum með því að sprengja upp lofsteina og óvinveittar geimverur með loftskeytum og radar áður en þær ná að eyðileggja borgina Moontopiu á tunglinu,“ segir Eiríkur. Leikmaðurinn getur svo deilt stigafjöldanum inn á Facebook en því fleiri stig sem leikmaðurinn hlýtur, því meira getur hann uppfært höfuðstöðvar leikmannsins. „Það bætist alltaf í hasarinn; meiri sprengingar og meiri læti.“

Leikurinn er þegar fáanlegur ókeypis hjá vefverslun Google Play fyrir Android-stýrikerfi. Vefsíðan Droidappoftheday.com valdi Super Moon Defender „Android-app dagsins“ á miðvikudaginn og hrósaði leiknum í hástert. -ka



**SÁTTIR MEÐ AFRAKSTURINN** Þeir Ingvar Rúnarsson og Eiríkur Guðmundsson stofnuðu fyrirtækið Gravity Games ásamt Antoni Eyþóri Rúnarssyni sem vantar á myndina.





**FENDT DIAMANT VIP 700 LUXUS** hjólhýsi árg. 2007, með fortjaldi og sólpalli, staðsett að Hellishólum í Fljótshlíð

- **HJÓLHÝSIÐ** er hlaðið aukabúnaði: 2 sjónvörp, 2 DVD, sér sturta 120X120, 2 vatnshitarar 2X14L, arinn leður og fl. –Hellulögn ca 30m2 er undir húsinu.

- **FORTJALDIÐ** er 3X7,5m og fylgir því nett polyrattan sófasett, 2 sófaborð, 2 gasofnar, 4 skápar undir allt sem þarf að nota og fl.

- **SÓLPALLURINN** er ca 100fm2 og fylgir útivaskur með vatnshitara þannig að það er bæði heitt og kalt vatn. Vatnshitarinn skilar 60L af 70 stiga heitu vatni per mín. sem nægir í heitan pott. Einnig fylgir geymsla fyrir verkfæri, geymsla fyrir útihúsgögn og fl.

Drauma aðstaða fyrir fólk sem vill njóta þess besta, þarna er einn vinsælasti og flottasti golfvöllur landsins, veitingahús með allri þjónustu og stutt í fallegustu perlur landsins.

**UPPLÝSINGAR Í SÍMA: 895-0967**





# Svandís Dóra leikur og flýgur til skiptis

Leikkonan Svandís Dóra Einarsdóttir leikur Díönu Klein í væntanlegri kvikmynd um Harrý og Heimi. Þess á milli starfar hún sem flugfreyja hjá Icelandair.

„Ég leik Díönu Klein. Hún er algjör bomba, rosalega dramatísk, mikil tilfinningavera og veit að hún er óstjórnlega sexí. Ég get ekki sagt að ég eigi mikið sameiginlegt með henni. Það voru til dæmis keyptir á mig inniskór sem ég get smeygt mér í á milli taka því mér þykir svo óþægilegt að ganga í hælum,“ segir leikkonan Svandís Dóra Einarsdóttir. Hún fer með hlutverk í kvikmyndinni Harrý og Heimir – morð eru til alls fyrst, sem nú er í tökum.

Kvikmyndin fjallar um einkaspæjarann Harrý Rögnvalds og aðstoðarmann hans, Heimi Snitzel. Persóna Svandísar Dóru leitar til tvíeykisins eftir aðstoð og saman leggja þau af stað í mikla hættuför til að bjarga lífi föður Díönu. Bragi Þór Hinriksson leikstýrir myndinni sem skartar Karli Ágústssyni, Sigurði Sigurjónssyni, Erni Árnasyni og Þresti Leó Gunnarssyni í helstu hlutverkum, auk Svandísar Dóru.

Tökur á myndinni hófust á þriðjudag og að sögn Svandísar Dóru hafa þær gengið vonum framar. „Þetta er mjög skemmtilegur og þéttur hópur. Það er mjög gaman að fá að vinna með Kalla, Sigga og Erni. Þeir grínast mikið og ég er mjög auðtrúa svo ég veit enn ekki alveg hvenær þeim er alvara og hvenær ekki. En þeir eru alveg yndislegir,“ segir hún og hlær.

Svandís Dóra starfar sem flugfreyja hjá Icelandair í sumar og í gær flaug hún til Washington eftir nokkurra daga tökutörn. „Sem betur fer á ég auðvelt með að sofna hvar og hvenær sem er og mæti því alltaf úthvíld í flug og tökur en vissulega er þetta mikil vinnutörn. Það hefur þó gengið ótrúlega vel að púsla þessu saman og allir hafa sýnt þessu mikinn skilning.“

Þetta er fyrsta sumar Svandísar Dóru sem flugfreyja og ber hún starfinu og fyrirtækinu vel söguna. „Mér leið svolítið eins og James Bond þegar ég hafði lokið við flugfreyjuskólann. Mér fannst eins og ég væri lögga, læknir, sálfræðingur og þjónn í einni og sömu manneskjunni. Mér finnst ég við öllu búin.“

Í haust bíða hennar svo verkefni bæði sem leikkona og leikstjóri. „Ég get lítið sagt um þau verkefni að svo stöddu. En áður en sú vinnutörn hefst ætla ég að stela karlinum til Flórída í frí og langþráða hvíld,“ segir hún að lokum. sara@frettabladid.is



**Í KARAKTER** Svandís Dóra Einarsdóttir fer með hlutverk Díönu Klein í kvikmynd um einkaspæjarana Harrý og Heimi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Vefsíða sem geymir minningar

Andrés Andrésson verkfræðingur hannaði vefsíðuna Pastblaster.com.

„Síðan er prívat og í raun andstæðan við Facebook. Þar skráir þú inn það sem þú vilt muna, hvort sem það eru myndir, setningar, ferðalög eða upplifanir,“ segir Andrés Andrésson verkfræðingur um vefsíðuna Pastblaster.com. Síðan er nokkurs konar rafræn dagbók og er henni ætlað að auðvelda einstaklingum að halda utan um minningar sínar.

Andrés segir hugmyndina að Pastblaster hafa orðið til fyrir fjórum árum en upphaflega hugmyndin var að gera listaverk úr minningum. „Eftir að ég eignaðist börn komu upp mörg skemmtileg atvik sem ég vildi muna eftir. Ég skrifaði margt niður en gleymdi svo hvað það var og hvar það var geymt. Hugmyndin þróaðist úr því að vera listaverk í vefsíðu sem ég hef unnið að öll kvöld,“ útskýrir hann.

Síðan fór í loftið fyrir hálfu ári og hafa viðtökurnar verið góðar. „Ég hef nú ekki auglýst þetta mikið. Þetta hefur verið lengi í vinnslu en er nú komið á það stig að maður vill leyfa öðrum að njóta með sér.“ Aðspurður segist Andrés aldrei hafa haldið dagbækur en viðurkennir að hann sé duglegur að skrifa inn á síðuna. „Ég hef aldrei haldið dagbók en ég skrifa inn á síðuna kannski fjórum sinnum í mánuði. Ég er núna [á fimmtudag] í hjólaferð um Hvalfjörð og eftir ár mun vefsíðan minna mig á hana.“ Aðgangur að síðunni er ókeypis og er hún einnig snjallsíma- og spjaldtölvunotendavæn. - sm



**GEYMIR MINNINGAR** Andrés Andrésson segist hafa orðið gleymnari eftir fæðingu dætra sinna. Með honum á myndinni er Anna Bryndís, dóttir hans.


habitat
ÚTSALA!
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
AVERY
bastljós
12.250 kr.
30
% AF
OAK DOUBLE
borðstofuborð
171.500 kr.
30% AF
OAK LIGNA/DOUBLE
HÚSGÖGNUM FRÁ
ETHNICRAFT
OAK LIGNA
skenkur
181.300 kr.
ALDO tungusófi
171.500 kr.
30% AF
ÞESSUM
SÓFUM
BAYAM sófi
154.000 kr.
30% AF
ÖLLUM LJÓSUM
OG SKERMUM
PORTO tungusófi
154.000 kr.
ATH! Öll verð eru útsöluverð
40% AF
ALLRI
SUMARVÖRU
20
% AF
BUXLOW sófi
156.000 kr.
TEKK
COMPANY
Gerum hús að heimili
TEKK COMPANY og HABITAT | Kauptúni | Sími 564 4400
Opið mán. til lau. kl. 11-18 og sun. kl. 13-18.
Vefverslun á www.tekk.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060




## NÆRMYND



# Svala Björgvins

**söngkona**

**MAKI**: Einar Egilsson
**FORELDRAR**: Björgvin Halldórsson og Ragnheiður Björk Reynisdóttir

Svala og unnusti hennar Einar Egilsson ganga upp að altarinu í dag, en þau eru saman í hljómsveitinni Steed Lord.

„Hún er bara algjört gull. Æðislega hjartahlý og mjög mikill dýravinur. Vill öllum vel, vill allt fyrir alla gera og líður illa ef hún getur ekki hjálpað þeim sem biðja hana um hjálp. Var æðislega skemmtilegt barn og byrjaði að syngja strax í vöggu. Svo varð hún unglingur, mjög ákveðin og vissi alveg hvað hún vildi. Eini gallinn sem ég man eftir er að hún er ansi matvönd, ólíkt pabba sínum sem er mikill matmaður.“



***Björgvin Halldórsson***
*faðir*

„Við erum búnar að vera vinkonur í 34 ár og hún er mjög traustur vinur. Einlæg, opin og einstaklega hlý. Bilaður húmoristi og hefur mjög skemmtilega sýn á lífið. Ótrúlegur karakter sem lætur drauma sína rætast. Hún er fljót upp og á það til að taka hluti of mikið inn á sig og getur stundum verið algjör frekjudolla.“



***Margrét Gauja Magnúsdóttir***
*vinkona*

„Svala er alveg löðrandi í hæfileikum. Hún er ekki bara góð söngkona heldur er þessi endalausa fatavitleysa hennar bara geggjuð. Ég dáist að ungu fólki sem er svona skapandi. Við náum vel saman og deilum smekk á kvikmyndum og músík, smekk sem sonum mínum þykir ansi kvenlegur og glotta að mér í laumi fyrir en Svala skilur fullkomlega.“



***Egill Eðvarðsson***
*tengdafaðir*




